



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. júní 2006 – 160. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Séð og heyrt í tíu ár
Enginn hefur birst oftar á síðum Séð og heyrt en forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff, enda oft talað um „Séð og heyrt-væðingu“ embættisins.

FJÖLMIDLAR
32

Ómótstæðilegir fylgihlutir
Búðir bæjarins eru fullar af glingri og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

TÍSKA 42

Eignarhaldsfélagið Exbé
„Framsóknarflokkurinn virðist vera að gufa upp, en í staðinn er komið eignarhaldsfélagið Exbé, sem snýst ekki um stjórnmalastarf heldur hagsmunagæslu fyrir eignir og ítök flokksins,“ segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

Mikil spenna fyrir leikinn
Spenna og eftirvænting ríkir fyrir seinni leikinn gegn Svíum í undankeppni HM í handbolta sem háður verður í Laugardalshöll í dag. Alfreð Gíslason segir að liðið sé staðráðið í að spila betur en í Svíþjóð þegar það vann fjögurra marka sigur.


ÍPRÓTTIR
48

VEÐRIÐ Í DAG



PURRT AÐ KALLA AUSTAN TIL
Í dag verður hæg suðvestlæg átt. Skúrir sunnan og vestan til en þurr að kalla á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 7-16 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 4



SAMHELDIN FJÓLSKYLDA Fortíð, nútíð og jafnvel framtíð íslenskrar knattspyrnu er hér saman komin eftir blaðamannafund landsliðsfyrirliðans Eiðs Smára Guðjohnsen. Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs Smára, stendur hér lengst til vinstri og virðir fyrir sér Daniel Tristan Guðjohnsen í faðmi móður sinnar, Ragnhildar Sveinsdóttur. Fyrir miðju eru þeir feðgar Sveinn Aron og Eiður Smári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eiður Smári Guðjohnsen: Var eftirsóttur af toppliðum

FÓTBOLTI Það var létt yfir landsliðsfyrirliðanum, Eiði Smára Guðjohnsen, sem bar sig einkar vel á blaðamannafundi sem hann boðaði til í gær fyrir íslenska fjölmiðla. Eiður Smári kvaðst vera í skýjunum yfir því að vera kominn til Barcelona en hann gerði fjögurra ára samning við Evrópu-meistarana á fimmtudag.

Fram kom á fundinum að Eiður Smári var eftirsóttur af fjölda stórlíða, þar á meðal Arsenal og Manchester United, sem ræddu við Arnór, föður og umboðsmann Eiðs, um hugsanleg kaup á kappanum. Spænska stórlíðið Real Madrid sýndi Eiði einnig áhuga, fyrst fyrir einu og hálfu ári og aftur núna.

Þá kom einnig fram að Eiður Smári hefði aldrei gert jafn góðan samning og hann gerði við Barcelona.

- hþh

Börn fá að aka óskráðum og ótryggðum vélhjólum

Kraftmikil torfærutæki fyrir börn eru seld hér á landi. Ökuréttindi þarf til að nota hjólin. Oft eru þau ótryggð og því eru börnin réttindalaus ef slys verða. Lögreglan segir þetta dulið vandamál.

UMFERÐARMÁL Mótorhjól og fjór hjól fyrir börn og unglina, sem seld eru hér á landi, eru oft afskráð skömmu eftir að þau eru keypt.

Ef hjólin, sem ætluð eru fyrir börn allt niður í fimm ára aldur, komast á meiri hraða en fimmtán kílómetra á klukkustund þarf full ökuréttindi til að aka þeim. Við afskráningu falla niður tryggingar og eru börn sem slasa sig á þeim því réttindalaus með öllu.

Ragnheiður Davíðsdóttir, forvarna- og öryggismálafulltrúi Vátryggingafélags Íslands, segir algengt að númerin séu lögð inn eða hjólin afskráð sem ónýtt skömmu eftir að þau eru keypt, en notuð jafn mikið eftir sem áður,

og þá án númera. „Við hjá VÍS bendum foreldrum á að börn þeirra megi ekki aka þessum hjólum en getum samt ekki neitað þeim um tryggingu á hjóli þótt við vitum að börn megi ekki aka þeim og hjólin séu of lítil fyrir fulloröna. Það er ekkert sem bannar fólki að kaupa hjólin, tryggja þau og skrá til þess eins að geyma þau inni í bílskúr. Það gerir fólk að öllum líkindum ekki - heldur fer í kringum reglurnar með þessum hætti.“

Ólafur Guðmundsson, fulltrúi hjá Umferðarráði, segir reglur um aksturspróttir leyfa æfingar og keppni fyrir krakka niður í tólf ára á þar til gerðum svæðum. Regl-

urnar heimila einnig börnum niður í sex ára aldur að keyra vélknúin tæki í Fjölskyldugarðinum og að stunda go-kart. „Þess utan er þetta bannað. Hins vegar er mikið um að foreldrar kaupir hjól handa krökkunum og þau séu notuð utan brauta sem þeim eru ætlaðar. Það er einfaldlega kolólöglegt.“ Ólafur segir að héraendis séu barnatorfærhjól sem hafi áttafíru rúsentimetra vélar og nái fimmtíu til sextíu kílómetra hraða. Einnig eru til svokölluð vasahjól sem ná allt að fjórtíu kílómetra hraða. „Þetta verður til þess að fólk kaupir tæki þó það sé lögbrot um leið og kaupin hafa verið gerð. Það er líka töluvert um að hjólunum sé smyglað

og komist hjá skráningarskyldu á þann hátt.“

Guðbrandur Sigurðsson, yfirmaður umferðardeildar lögregluinnar í Reykjavík, telur að um dulið vandamál sé að ræða. „Lög og reglur stangast mjög oft á í þessum málum og það gerir okkur í löggæslunni illmögulegt að framfylgja því sem okkur er ætlað. Þetta kemur því ekki inn á borð til okkar. En það er alveg ljóst að ef búið er að flytja inn hundruð slíkra tækja er það okkar grunur að verið sé að nota þau ólöglega.“ Guðbrandur segir að þetta sé uppeldislegt mál því foreldrar verði að setja börnum sínum skilyrði sem komi í veg fyrir að þau valdi sér skaða.

- shá

Tveggja daga fundi 25 leiðtoga ríkja Evrópusambandsins lauk í Brussel í gær:

Stækkun ESB í brennidepli

EVROÞUSAMBANDIÐ Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna 25 ræddu stækkunarstefnu sambandsins á fundi sínum í Brussel í gær, eftir að hafa ákveðið að gefa sér að minnsta kosti tvö ár til viðbótar til að ákveða hvað verði um stjórnarskrársáttmálann strandaða. Sum aðildarríkin, þar á meðal Finnland sem tekur við formennskunni í ESB um næstu mánaðamót, vilja að ekki verði gefist upp á því að fá sáttmálann fullgiltan þrátt fyrir allt, en önnur - þar á meðal Bretland og Danmörk - líta svo á að eitthvað alveg nýtt þurfi að koma í staðinn, fyrst að kjósendur í Frakklandi og Hollandi höfnuðu honum í fyrra.

Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis sem nú er að ljúka

ESB-formennskumissemi sínu, sagði á blaðamannafundi að mikilvægt væri að „halda annars vegar áfram með fullgildingarferlið, en hefjast jafnhliða handa án tafar við að hrinda í framkvæmd „Evrópu verkefnanna, Evrópu lausnanna““. Vísaði hann þar í áform um að efla samstarf í tilteknum málum sem talin eru brenna mörgum ESB-borgurum fyrir brjósti, svo sem í innflytjenda- og orkumálum.

Um stækkunarstefnuna sagði Schüssel að hæfni Evrópusambandsins sjálfs til að taka við nýjum ríkjum hefði verið sérstaklega rædd. Þó var fallið frá því að bæta „stækkunarhæfni“ ESB við eiginlegu aðildarskilyrðin.

- aa



WOLFGANG SCHÜSSEL Formaður ESB var í forystu á fundinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirspurn í hagkerfinu: 44 milljarðar þurfa að hverfa

VIÐSKIPTI Til að léttja spennu af hagkerfinu þyrfti á þessu ári að draga úr framkvæmdum og auka álögur um sem næmi 44 milljörðum króna.

Framleiðsluspenna í hagkerfinu nemur samkvæmt tölum Seðlabankans um fjórum prósentum af 1.100 milljarða króna landsframleiðslu, en hana þyrfti að losa um til að jafnvægi náist, að sögn Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar.

Útlit er fyrir að kreppti að í heimilisrekstri landsmanna á næstu misserum, gangi væntingar eftir um aðgerðir sem draga eiga úr eftirspurn. Verðbólguþróun hefur þó lítil áhrif á greiðsluþyrði.

- óká / sjá síðu 50



SPURNING DAGSINS

Sigurbjörn, eru þínir hestar nokkuð á leið í hundana?

„Nei. Og það mun seint verða.“

Hundar í Flekkudal við Meðalfellsvatn eru fóðraðir á hesthræjum. Eigandi þeirra segir þetta áralanga hefð en dýralæki finnst uppátækið óvenjulegt. Sigurbjörn Bárðarson er einn kunnasti hestamaður landsins.

Rúta brann á Sandskeiði:

Farþegar komust út í tíma

LÖGREGLUMÁL Allir farþegar lítillar rútabifreiðar komust út í tæka tíð eftir að eldur kom upp í henni á Sandskeiði, rétt fyrir ofan Bláfjallaafleggjarann, rétt fyrir klukkan þrjú í gær. Rútan brann til kaldra kola og reyndust tilraunir bílstjórans og annarra vegfaranda til að slökkva eldinn árangurslausar.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins kom fljótlega á staðinn og réði niðurlögum eldsins en rútan er gjörónýt. Nauðsynlegt reyndist að stöðva umferð á meðan slökkvilið athafnaði sig og olli það nokkurri umferðarteppu um stund. Eldsupptök eru ókunn.

- shá



EFFTIR SPRENGINGUNA Hermaður kannar brakið í bænahúsinu í gær.

Sprenging í bænahúsi sjá:

Prettán manns létu lífið í gær

ÍRAK, AP Talið er að maður hafi falið sprengju í skónum sínum og þannig komist gegnum vopnaleit í Buratha-bænahúsinu, einu mikilvægasta bænahúsi sjámúslima í Bagdad.

Tilgangur sprengingarinnar var líklega sá að að myrða sjítakerk sem hafði gagnrýnt opinberlega hinn fallna leiðtoga Abu Musab al-Zarqawi. Klerkurinn komst lífs af og segir al-Kaída ábyrga fyrir ódæðinu og að þeir væru að minna á styrk sinn, eftir að leiðtogi þeirra, al-Zarqawi, var myrtur í vikunni.

Prettán létust og um þrjátíu særðust í þessari mannskæðustu sprengingu síðan stjórn Íraks herti til muna öryggisráðstafanir í höfuðborginni á dögunum.

- kóp

SLÖKKVILIÐ

Flóð í leikskóla Dælubíll slökkviliðs var kallaður að leikskólanum Laufásborg í fyrirkvöld vegna vatnsleka. Svo virðist sem óprúttir náungar hafi stíflað niðurfallað með grjóti við útidyrarhurð skólans og skrúfað frá vatnskranu. Mikið vatn lak inn en skemmdir voru óverulegar.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Bílfelta Bifreið valt á þjóðvegnum við Hvammstanga um hálfelfuleytið í fyrirkvöld. Ökumaður og farþegar sluppu ómeiddir en bíllinn er mikið skemmdur.

Skullu saman Harður árekstur varð á Eyjafjarðarbraut eystri, skammt frá Akureyri, um tvöleitið í gær. Einn meiddist lítillega og var fluttur á sjúkrahús. Báðir bílar skemmdust töluvert við áreksturinn.

Guðmundi Gunnarssyni, formanni Rafiðnaðarsambandsins, líst vel á tilboð SA:

Eftirlaunum þarf að breyta

EFNAHAGSMÁL Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að rafiðnaðarmenn fái ekkert út úr tilboði Samtaka atvinnulífsins nema það sem hugsanlega kæmi frá ríkinu ef tekst að verja kaupmátt og ná niður verðbólgunni en telur á vissan hátt verið að selja verkalyðshreyfingunni það sem „við eigum nú þegar“, segir hann.

Guðmundur bendir á að ríkisvaldið verði að hækka persónuafslátt miðað við verðbólguna í landinu. „Við eigum inni þá hækkingu sem ríkið mun stæra sig af að splæsa á okkur þannig að þetta er ekki allt ferskir peningar eins og

stundum er sagt.“ Guðmundur spyr: „Sjá menn fram á að það taki að verja kaupmáttinn þegar upp er staðið? Það væri skelfilegt að fara í aðgerðir sem kanski skiluðu engu og svo hefðu menn ekki lengur möguleikann á að endurskoða kjarasamninga næsta vetur.“

Hann harmar að ekki sé tekið á eftirlaunafurvarpinu. „Þjóðfélagið logar stafna á milli vegna stöðu ellilífeyrisþega. Stjórnálamenn hrifsa til sín gæði sem þeir eiga ekkert með, réttlætiskennð fólks er ofboðið en gagnrýni er túlkuð sem árás á Sjálfstæðisflokkinn.“

- ghs



GUÐMUNDUR GUNNARSSON „Þjóðfélagið logar stafna á milli“, segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Slapp naumlega út úr brennandi húsi

Eldur kviknaði út frá kerti á bænum Hólmaseli í Villingaholtshreppi. Íbúi í húsinu, kona sem var sofandi þegar eldurinn kom upp, slapp með naumindum. Örfáum mínútum eftir að henni var bjargað út varð húsið alelda.

ELDSVÖÐI „Ég vaknaði við glerbrot og læti frammi og sá þá, mér til mikillar skelfingar, að herbergið mitt var orðið fullt af svörtum reyk“, segir Guðrún Gunnarsdóttir, íbúi á bænum Hólmaseli sem brann í fyrrinótt. „Eftir að ég áttáði mig á því hvað væri að gerast ákvað ég að kíkja ekki fram heldur reyna að komast út um gluggann í herberginu mínu. Ég fann hins vegar ekkert til að brjóta gluggann með og varð að stinga andlitinu neðst í gluggaopið til að fá loft til að geta andað því að herbergið var orðið svart af reyk. Ég gat ekkert gert nema kallað á hjálp út um gluggann.“

Nágrannar Guðrúnar á næsta bæ, þeir Hallgrímur Birkisson og Sævar Örn Sigurvinsson, gerðu Brunavörnum Árnæssýslu viðvart og komu Guðrúnu til aðstoðar. „Við sáum eldinn úr eldhúsglugganum hjá okkur og eftir að við hringdum í slökkviliðið ákváðum við að fara þangað til að athuga hvort það væri einhver heima“, segir Hallgrímur, íbúi á Arabæ. „Við börðum upp hurðina og svo virðist sem að Guðrún hafi vaknað við það og þá urðum við hennar varir. Þá brutum við rúðu hjá henni og björguðum henni út.“ Guðrún slapp ómeidd út um gluggann og kennir sér ekki meins eftir atvikið.

Hallgrímur segir að húsið hafi ekki verið orðið alelda þegar þá félagar bar að garði en örfáum mínútum eftir að Guðrúnu var bjargað út gaus eldurinn upp og húsið varð alelda stafna á milli.

Slökkvilið var mætt á vettvang



BJARGVÆTTIRNIR Hallgrímur Birkisson og Sævar Örn Sigurvinsson sáu eldinn og hringdu á slökkviliðið. Þeir hröðuðu sér síðan á staðinn og komu Guðrúnu til bjargar. MYND/ÁRMANN INGI

nokkrum mínútum síðar og börðust vel á þriðja tug slökkviliðsmanna við eldinn en fengu lítið við ráðið enda húsið úr timbri.

Guðrún bjó ásamt barni að Hólmaseli en var blessunarlega ein heima þegar eldurinn kom upp. Hún telur að eldurinn hafi kviknað út frá kerti í stofunni sem hún gleymdi að slökkva áður en hún lagðist til hvílu. „Ég sem er svo eldhrædd og reyni alltaf að passa mig svo vel á að skilja ekki eftir logandi kerti fyrir svefninn, en svona getur gerst ef maður gætir sín ekki alltaf.“

Húsið er gjörónytt eftir brunann.

aegir@frettabladid.is



Í LJÓSUM LOGUM Guðrún Gunnarsdóttir gat ekkert gert nema að kalla út um gluggann eftir hjálp. Það voru nágrannar hennar sem björguðu henni út á elleftu stundu.

Norska stjórnin bifast ekki í máli afganskra flóttamanna í hungurverkfalli:

Afgönum verður vísað burt

NOREGUR Norska ríkisstjórnin ætlar ekki að láta undan kröfum eitt hundrað afganskra flóttamanna sem hafa verið í hungurverkfalli síðustu þrjár vikur. Norska ríkisstjórnin hefur vísað þeim og tæplega 2.000 öðrum Afgönum úr landi, með þeim rökum að Afganistan sé ekki lengur hættusvæði.

Afganarnir gera lítið úr staðhæfingum um að Afganistan sé öruggt svæði og þurfa ekki að leita lengi að dæmi máli sínu til stuðnings, því fimm norskir friðargæsluliðar særðust í Afganistan þegar ráðist var á þá í febrúar.

Nokkrir afgönsku mótmælendanna hafast við hjá Dómkirkjunni í Osló og sló í brýnu með þeim og lögreglu í gær. Samkvæmt Aftenposten reyndu lögreglumenn að þvinga mótmæl-



MÓTMÆLENDUR VIÐ DÓMKIRKJUNA Var þröngvað í læknisskoðun í gær. NORDICPHOTOS/AFP

endurna í læknisskoðun og drógu þá nauðuga eftir götunni.

Sjónarvottar segja lögregluna hafa gengið full harkalega til verka. Talsmaður afgönsku

mótmælendanna, Zahir Athari, sagði að framkoma lögreglunnar „geti ekki verið í samræmi við norsk lög og lýðræði“.

- kóp

Fuglflensuveiran í Kína:

Kann að hafa stökkbreyst

KÍNA Kínverskir vísindamenn óttast að H5N1-veiran hafi stökkbreyst. Haft var að sönnu að veiran væri skæðust á veturna, en eftir að maður í Shenzhen-borg sýktist nýlega telja vísindamenn mögulegt að veiran sé nú jafn-skæð allt árið um kring. Fréttastofa breska ríkisútvarpsins, BBC, greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin vill frekar draga úr vangaveltum Kínverjanna en ekki og tekur fram að ekki sé hægt að álykta um nýja hegðun veirunnar út frá þessu eina tilfelli.

- kóp



SIGURVEGARI Baltasar Kormákur og leiksýning hans Pétur Gautur voru óumdeildir sigurvegarar kvöldsins. Hér sést Baltasar ásamt Hilmi Snæ Guðnasyri.

Íslensku leiklistarverðlaunin:

Pétur Gautur sigurvegari

LEIKLIST Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, var afhent í fjórða sinn í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi. Mikið var um dýrðir og sannkölluð hátíðarstemning ríkti á meðal leikhússfélksins. Ekki var annað að sjá en Grímuhátíðin hafi öðlast fastan sess í íslensku leikhúslífi.

Óumdeildur sigurvegari kvöldsins var Baltasar Kormákur og leiksýning hans Pétur Gautur. Baltasar var útnefndur leikstjóri ársins og sýningin sú besta. Þrír af leikurum sýningarinnar fengu verðlaun fyrir túlkun sína á persónum sínum, bæði í aðal- og aukahlutverkum.

- shá/sjá síðu 44

Alþjóðahvalveiðiráðið:

Tvö atkvæði vantaði upp á

ST. KITTS, AP Þjóðir sem hlynntar eru hvalveiðum töpuðu fyrstu mikilvægu atkvæðagreiðslunni á ráðstefnu Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem nú stendur yfir á Karfbahafseyjunni St. Kitts. Kosið var um hvort ráðið ætti að fjalla um minni hvali og höfrunga og voru Japanir, sem eru í forystuhlutverki hvalveiðipjóða, andsnúnir því.

Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru þau að þrjátíu þjóðir mæltu gegn tillögunni en þrjátíu og tvær voru henni hlynntar. Þetta hljóta að teljast talsverð vonbrigði fyrir fulltrúa Japans, því unnið hefur verið hörðum höndum að því að tryggja meirihluta þeirra í ráðinu og munu margar þjóðir hafa gengið í ráðið að þeirra ósk. Ein þeirra er Mið-Amerikuríkið Belís og kom það mörgum í opna skjöldu í gær að Belís „sveik lit“ og kaus með friðunarþjóðum.

- kóp

BRETLAND

Kurteis þjófur Lögreglan í Bretlandi leitar nú ljósum logum að einum dannaða þjófi sem sögur fara af. Maðurinn, sem sérhæfir sig í vopnuðum ránum, þakkar alltaf fyrir sig og biður fólk um að „gjöra svo vel“ og „vinsamlegast“ tæma peningaskápinn. Lögreglan segir að það sé samt sem áður ekkert kurteislegt við vopnuð rán.

REYKJAVÍKUR
MARAFON
GLITNIS
19. ÁGÚST



FÖGNUM Í DAG – ÆFUM Á MORGUN!

GLITNIR ÓSKAR LANDSMÖNNUM GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR



HVÍTA HÚSID / SÍA

Í Reykjavíkumaraþoni Glitnis þann 19. ágúst næstkomandi eru vegalengdir við allra hæfi. Við hvetjum alla til að taka þátt sér til skemmtunar og heilsubótar. Takið daginn frá.

ÞÍN VELGENGNI ER OKKAR VERKEFNI

GLITNIR

GENGIÐ

GENGI GJALDMIBLA 16.6.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	74,74	75,1
Sterlingspund	138,58	139,26
Evra	94,61	95,13
Dönsk króna	12,691	12,765
Norsk króna	12,048	12,118
Sænsk króna	10,213	10,273
Japanskt jen	0,6499	0,6537
SDR	110,46	111,12

Gengisvísitala krónunnar
131,2253

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms um nálgunarbann:

Sætir hálfis árs nálgunarbanni

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti á miðvikudag úrskurð héraðsdóms um að maður sæti nálgunarbanni gagnvart barnsmóður sinni í sex mánuði. Eiga þau í deilum um umgengni við son þeirra sem konan hefur forræði yfir.

Konan og maðurinn kynntust árið 2000 og áttu í sambandi sem lauk árið 2004. Konan var þá barnshafandi.

Í greinargerð lögreglu kemur fram að nokkrar kærur konunnar á hendur manningnum eru til rannsóknar og afgreiðslu. Einnig eru nokkrar bókanir í dagbók lögreglu vegna tilkynninga hennar um ónæði og brot hans gegn henni.



HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Fram kom hjá lögreglu að nokkrar kærur konunnar á hendur manningnum eru til rannsóknar.

Með hliðsjón af því telur lögreglan að rökstudd ástæða sé til að ætla að maðurinn muni fremja afbrot og raska á annan hátt friði konunnar og því sé nauðsynlegt að hann sæti nálgunarbanni.

Maðurinn áfrýjaði úrskurði héraðsdóms um nálgunarbann til Hæstaréttar og krafðist þess til vara að úrskurðinum yrði breytt á þá leið að honum yrði ekki gert að sæta nálgunarbanni hvað varðar heimili foreldra konunnar. Hæstiréttur sá ekki ástæðu til að staðfesta þann hluta dómsins og fellur hann því úr gildi. Skal dæmindi greiða allan kostnað af kærurálinu.

- sdg

Bílalettingaleikur á Sæbraut:

Fullur á flóttu undan lögreglu

LÖGREGLA Lögreglan í Reykjavík veitti ungum öikumanni eftirför, skömmu fyrir miðnætti á fimmtudagskvöld, eftir að hann virti stöðvarmerki lögreglu að vettugi. Vökulir vegfarendur höfðu samband við lögreglu eftir að bíllinn sást aka utan í tvær kyrrstæðar bifreiðar á bílastæði við Kleppsvæg.

Eftirförin hófst við Langholtsveg og lauk eftir hraðan eltingaleik á Sæbrautinni, við Laugarnestanga þar sem ökuður missti stjórn á bifreiðinni og ók út af. Hann var þá handtekinn, grunaður um ölvun. Tveir farþegar voru í bílnum og sakaði þá ekki.

- æpe



SÍAMSTVÍBURAR Búið er að aðskilja systurnar og eru þær á batavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síamstvíburar skildir að:

Systurnar eru á batavegi

BANDARÍKIN, AP Síamstvíburarnir sem bandarískir lækur aðskildu í Los Angeles í vikunni voru á batavegi í gær og voru lækur bjartsýnir um framtíðarhorfur þeirra.

Uppskurðurinn telst mikið afrek, en hann tók 22 stundir. Telpurnar voru fastar saman frá neðra brjóstholi niður að mjaðmagrind og deildu meðal annars smáþörmum. Önnur stúlkanna hefur nú aðeins eitt nýra.

Telpurnar eru tíu mánaða gamlar og hafa bandarískan ríkisborgararétt, þó foreldrar þeirra séu frá Mexíkó, því þær fæddust í Bandaríkjunum.

- smk

BÚLGARÍA

Vilja horfa á HM Tveir búlgarskir fangar sem báðir afplána lífstíðardóma hafa saumað saman á sér varirnar og neita að borða fyrir en þeir fá að horfa á HM í fótbolta. Þeir krefjast sjónvarps-tækis í klefa sinn ásamt óþrjúgandi birgðum af kaffi, tei og sigarettum. Þeir skildu eftir smá op milli varanna til að geta reykt.

LEIÐRÉTTING

Halldór Runólfsson var ranglega kallaður fyrrverandi yfirdýralæknir í Fréttablaðinu í gær. Hið rétta er að Halldór er enn yfirdýralæknir, þrátt fyrir að embættið hafi nú verið fært undir Landbúnaðarstofnun.

Segir aldraða beitta harkalegu ofbeldi

Harkalegt ofbeldisverk eru framin gagnvart öldruðum hér á landi, að sögn aðstoðarlandlæknis. Öldrunarlæknar hafa greint honum frá dæmum um kynferðislegt ofbeldi gagnvart einstaklingum í þessum aldurshópi.

HEILBRIGÐISMÁL Dæmi eru um harkalegt ofbeldi á öldruðum hér á landi, að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis. Til að mynda hafa öldrunarlæknar tjáð honum að þeir viti dæmi um kynferðislegt ofbeldi gegn þessum aldurshópi. Þá hefur ofbeldi heilbrigðisstarfsfólks gegn öldruðum komið til kasta landlækniseimbættisins.

Matthías flutti fyrr í mánuðinum erindi á ráðstefnu sem Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Félag eldri borgara, Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Öldrunarfræðafélag Íslands efndu til um þetta efni. Þar nefndi hann nokkur dæmi um ofbeldismál sem landlækniseimbættið hefði haft afskipti af.

„Ég man eftir að minnsta kosti fjórum tilvikum þar sem heilbrigðisstarfsmaður missti leyfi sitt vegna þess. Í tveimur þessara tilvika var um fjárhagsleg málefni að ræða, í einu tilviki stal heilbrigðisstarfsmaður lyfjum frá öldruðum, en í einu tilviki var um hreinar barsmiðar að ræða. Ekkert verk hef ég unnið eins dapurlegt eins og að vinna að því máli. Bæði að ræða við ofbeldismanninn og skoða gömlu konuna sem fyrir ofbeldinu varð.“

Matthías sagði við Fréttablaðið



OFBELDI GEGN ÖLDRUÐUM Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir að ábendingar um ofbeldi gegn öldruðum berist einkum frá öldrunarlæknum og ættingjum. Myndin tengist efni greinarinnar ekki með beinum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að ekki lægju fyrir neinar beinar rannsóknir á tíðni þessa ofbeldis hér á landi. Ábendingar bærust einkum frá öldrunarlæknum og ættingjum.

„Stærstur hluti ofbeldisins á sér þó líklega stað úti í þjóðfélaginu, semerþáekki tilheyrandi heilbrigðisþjónustunni, heldur er framið af hendi ættingja gagnvart sínum aðstandendum.“

Aðstoðarlandlæknir segir enn

OFBELDI GEGN ÖLDRUÐUM

*Nýleg ítarleg bresk könnun

Tegund ofbeldis	hlutfall af heildinni
Líkamlegt ofbeldi	20%
Andlegt ofbeldi	33%
Kynferðislegt ofbeldi	2%
Fjárhagslegt ofbeldi	20%
Vanræksla	10%
Aðrar orsakir	10%

fremur að á síðustu árum hafi verið gerðar úttektir á tíðni ofbeldisverka af þessu tagi í nokkrum löndum. Óvarlegt sé að yfirfæra þær tölur frá einu landi til annars því aðstæður séu svo mismunandi milli landa. Helst mætti hafa hliðsjón af tölum frá Bretlandi og Norðurlöndunum.

„En þetta er til í öllum þjóðfélögum og því líklegt að það sé að einhverju leyti útbreitt hjá okkur líka,“ sagði hann. „Eitt af því sem við höfum lagt til er að gerðar séu rannsóknir á ofbeldi gegn öldruðum eins og hægt er.“

Sömuleiðis að koma á fót hjálparlínur sem til eru í mörgum ríkjum Bandaríkjanna. Í gegnum þær er hægt að tilkynna til sérstakra nefnda ef grunur er um svona ofbeldi, svipad og tilkynnt er til barnaverndarnefnda á Íslandi.“

jss@frettabladid.is

Gamall bóndi í Wisconsin:

Hættur við helgidóminn

BANDARÍKIN, AP Theo Junker, 87 ára bandarískur bóndi sem heldur því fram að hann hafi verið SS-maður í seinni heimstyrjöldinni, ætlaði sér að opna lítinn helgidóm í Wisconsin-ríki til heiðurs Adolf Hitler.

Málið vakti gífurlega athygli í heimalandi hans og fengu yfirvöld í Wadsworth-sýslu bóndann ofan af ætlu sinni.

Sýsluyfirvöld bjuggust við fjölda gesta að helgidómnum, sumum til að heiðra Hitler, öðrum til að mótmæla uppátækinu, og þóttu báðir hóparnir óæskilegir á svæðið. Theo fær þó að hafa helgidóminn áfram til einkanota.

- kóp

Umsóknir um framhaldsskóla:

Allir komast að

MEINTAMÁL Alls bærust framhaldsskólunum 6.614 umsóknir um skólavist fyrir árið 2006, en þar af voru 4.528 frá nemendum sem koma beint úr grunnskóla. Umsóknarfresti lauk 12. júní og fór öll innritun í dagskóla fram á netinu í fyrsta sinn.

Skólarnir gera ráð fyrir að taka inn um 6.800 nýja nemendur í dagskóla á haustönn 2006. Það þýðir að allir sem sóttu um ættu að fá skólavist, en ekki endilega í þeim skóla sem sótt var um þar sem erfiðara er að komast inn í suma skóla en aðra. Hægt er að fylgjast með stöðu umsóknar á sérstöku umsóknar-svæði á netinu.

- sjs

afrit.is

- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti

afrit skjýrr

afrit.is

VEÐURSPÁ

um hádegi >>

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HÆ HÓ JIBBÍ JEI ÞAÐ ER KOMINN

17. JÚNÍ

Það er orðið nokkuð

algengt hjá fólki að trúa

því að 17. júní fylgi alltaf

rok og rigning. Það er í

sjálfu sér ekki alveg rétt.

Því síðari ár hefur alloft

vel víðrað til hátíðahalda.

Þó auðvitað sé það kalla-

skipt sé horft á landið í

heilid. En á morgun gæti

það klárlega verið verra.

Því vindur verður hægur

en reyndar má búast við

einhverri vætu víðast

hvar þó að líkindum geti

hann hangið, já hangið


þurr norðaustan til.

HORFUR FYRIR

HÖFUÐBORGINA

Hæg suðvestlæg átt.


Skúrir. Hiti 7-10 stíq



um hádegi >>

Stað	29°C	hálfskýjað	London	18°C	heiðskirt	Alicante	22°C	hálfskýjað
Kaupmannahöfn	29°C	hálfskýjað	London	18°C	heiðskirt	Alicante	22°C	hálfskýjað
Árósir	23°C	heiðskirt	Paris	22°C	alskýjað	Mallorca	21°C	skúrir
Ósló	22°C	hálfskýjað	Frankfurt	22°C	heiðskirt	Algarve	24°C	hálfskýjað
Stokkhólmur	19°C	heiðskirt	Friedrichshafen	22°C	léttskýjað	Krit	24°C	heiðskirt
Gautaborg	20°C	heiðskirt	Berlín	23°C	hálfskýjað	Las Palmas	23°C	heiðskirt

* Hítatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



ARGUS / 06-0120

„Búið þér við fullt frelsi?“

Barátta Íslendinga fyrir frelsi í viðskiptum hefur staðið í hundruð ára. Þróunin hefur verið afar jákvæð en draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



KJÖRKASSINN

Er rétt að gera mislæg gatnamót á Krínglumýrabraut og Miklubraut?

Já	59,1%
Nei	40,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ætlarðu að sækja hátíðarhöld í tilefni 17. júní?

Segðu þína skoðun á visir.is



Þjóðhátíðardag Íslendinga ber upp á laugardag í ár og stendur fram á nótt:

Foreldrar fylgi börnum sínum

UNGLINGADRYKKJA Lögreglan í Reykjavík beinir þeim tilmælum til foreldra unglunga að nýta þjóðhátíðardaginn í samveru og skemmtun allrar fjölskyldunnar og vonar að sem flestir fylgi börnum sínum á skemmtanir í bænum í kvöld. Undir þetta tekur Guðni R. Björnsson, upplýsinga- fulltrúi Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum. Stofnunin stendur fyrir vímuvarnaráttakinu „Ég ætla að bíða“ þar sem ungu fólk eru gefin þau skilaboð að fjölmargar ástæður séu fyrir því að bíða með vímuefnaneyslu þar til lögreglum aldri er náð. Auglýsingar sem ætlað er að vekja fólk

til umhugsunar um átakið hafa birst í blöðum og ljósvakamiðlum undanfarnar vikur.

„Við viljum gefa foreldrum þau skýru skilaboð að taka ekki þátt í að skapa aðstæður þar sem krakkarnir byrja að fíkta, því þegar upp er staðið er það mál foreldranna að leggja eitthvað til,“ segir Guðni. „Unglingunum bendum við á að hver og einn einstaklingur hefur gilda ástæðu til að bíða með að nota vímuefni og að það er hægt að gera þetta alltsaman mjög skemmtilegt án þess að byrja að fíkta af snemma. Stóru skilaboðin eru: Hugsaðu áður en þú framkvæmir.“ - sps



UNGLINGAR AÐ SKEMMTA SÉR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR Fræðslumiðstöð í fíknivörnum bendir unglungum á að þeir hafi fjölmargar ástæður til að bíða með neyslu vímuefna.

Óöldin í Srí Lanka:

Loftárás í kjölfar sprengingar

SRÍ LANKA, AP Jarðsprengja í trúðnum strætisvagni á fimmtudag olli dauða að minnsta kosti 64 manna í mesta ofbeldisverki Srí Lanka síðan samið var um vopnahlé 2002. Yfirvöld saka Tímíl-tígrana, uppreisnarhóp Tímíl-mínnihluta landsins, um að hafa komið sprengjunni fyrir, en þeir neita allri sök.

Í kjölfar sprengingarinnar gerðu stjórnvöld loftárás á svæði Tímíla í norðausturhluta landsins. Einn leiðtoga Tímíla segir mannfall hafa verið mikið og unnið sé nú að því að tryggja öryggi íbúa norðausturhéradanna.

- sgj



LINOPHYNE MADERENSIS Fiskurinn er um átta sentimetrar á lengd.

Hafrannsóknastofnunin:

Sjaldgæf fisktegund finnst

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN Fyrir skömmu barst Hafrannsóknastofnuninni afar sjaldgæfur fiskur frá togaranum Helgu Maríu AK. Hingað til hefur þessi tegund einungis fundist undan ströndum eyjarinnar Madeira, skammt norður af Kanaríeyjum, og telst fundur hennar svo norðarlega því nokkur tíðindi.

Fiskurinn, sem hefur ekki enn hlotið íslenskt nafn, er af smávaxinni surtlutegund sem ber vísindanafnið *Linophryne maderensis* og var veiddur á úthafskarfaslóð suðvestur af landinu. - sdg

Alþjóðadagur flóttamanna:

Fjöldi leitar hælís á Íslandi

MANNRÉTTINDAMÁL Alþjóðadagur flóttamanna er haldinn á Íslandi í dag. Það eru Rauði kross Íslands og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem munu halda sameiginlega upp á daginn í mæðragarðinum í Lækjargötu og vekja þannig athygli á málefnum flóttamanna og hælisleitenda hérlendis. Fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Kristina Rodriguez er stödd hér á landi í tilefni dagsins.

Frá árinu 1956 hafa íslensk stjórnvöld tekið á móti um 450 flóttamönnum. Hingað til lands koma einnig einstaklingar sem óska hælís en sá fjöldi er um 500 manns á undanföllum tju árum. - hs



JAAP DE HOOP SCHEFFER Scheffer sagðist ánægður með fund sinn með nýskipuðum forsætis- og utanríkisráðherra. Hann sagðist fylgjast grannt með viðræðum íslenskra og bandarískra yfirvalda um varnarmál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tvíhliða samkomulag

Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, segir mikilvægt að íslensk og bandarísk stjórnvöld nái tvíhliða samkomulagi um varnir landsins.

VARNARMÁL Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, lagði áherslu á að farsælást væri fyrir stöðu Íslands í öryggis- og varnarmálum að tvíhliða samkomulag næðist við bandarísk yfirvöld.

Scheffer átti fund með Geir H. Haarde forsætisráðherra og Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra í gær. Fundurinn var hluti af ferðalagi Scheffer til allra aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins en aðalfundur bandalagsins fer fram í Riga í Lettlandi í nóvember.

Geir sagði þá hafa verið sam-mála um að farsælást væri fyrir Ísland að leysa úr ágreiningi um varnarmál á grundvelli tvíhliða samkomulags. „Það hefur verið okkar afstaða frá upphafi, að hagsmunir Íslands séu best tryggðir með því að komast að samkomulagi við Bandaríkjamenn á grund-

velli tvíhliða samkomulags.“

Scheffer lagði áherslu á að hann væri tilbúinn til þess að veita íslenskum stjórnvöldum alla þá hjálp sem óskað yrði eftir. „Ég hef fylgst náið með viðræðunum á milli bandarískra og íslenskra yfirvalda. Ég fæ reglulega að heyra af því í hvaða farvegi viðræðurnar eru. Miðað við þær aðstæður sem fyrir hendi eru, finnst mér líklegt að samkomulag náist þó síðar verði.“

Scheffer vildi ekki tjá sig um hvaða afstöðu hann hefði til viðræðnanna en lagði áherslu á grundvallaratriði í samningi Atlantshafsbandalagsins, sem er jafnræði allra ríkja. „Allar aðildarþjóðir Atlantshafsbandalagsins eru jafnar að verðleikum. Nálgun bandalagsins að varnarmálum Íslands er einungis í gegnum þá staðreynd að Ísland er aðildarríki.“ magnush@frettabladid.is

Lögheimildir fyrir hernaði

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kallar eftir frekari umræðu um lögheimildir stjórnvalda til að sinna verkefnum er snerta hernaðarleg málefni.

VARNARMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra spyr að því í grein í nýjasta hefti Þjóðmála hvort íslensk stjórnvöld verði ekki „að fá lögheimildir til að sinna verkefnum á sviði öryggismála, sem hvorki falla undir lögreglu né landhelgisgæslu,“ eins og segir örðrétt í grein hans, Nýskipan öryggis- og varnarmála.

Björn segist með þessu vera að vekja máls á því, hvort ekki sé tímabært að ræða um öryggis- og varnarmál með öðrum hætti en gert hefur verið. „Lögregla og landhelgisgæsla sinna löggæslu en ekki hlutverki heraflla. Íslenska stjórnkerfið hefur engar lögheimildir til að sinna verkefnum, sem snerta hernaðarleg málefni eða áætlanagerð og stjórnvöld ráða ekki yfir neinum mannafla til að taka að sér verkefni er lúta að hervörnum landsins. Spurningar mínar lúta að því hvort ekki sé tímabært að ræða þessi mál á annan hátt en gert hefur verið.“

Björn varpaði fram spurningum um sams konar málefni fyrir um ellefu árum síðan en hugmyndir hans í þessa veru fengu ekki mikinn hljómgrunn á þeim tíma. „Þá var talað fyrir daufum eyrum. Er það einnig gert núna?“ spyr Björn og kallar eftir frekari umræðu um málið.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir umræðu um breytta stöðu í öryggis- og varnarmálum þarfa en telur hugmyndina um íslenskan her vera fjarstæðukennda og ekki í takt við breytta stöðu heimsála. „Það hefur lengi blundað í dóms-



BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA Björn fjallar um nýskipan í öryggis- og varnarmálum í grein heftinu Þjóðmál. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

málaráðherra að koma á fót íslenskum her. Ísland hefur verið herlaus þjóð í þúsund ár og tel ég það ekki raunsætt eða skynsamlegt að koma upp íslenskum her. Varnir Íslands eru best tryggðar með samvinnu við aðrar þjóðir, en ekki upp á eigin spýtur.“

Ágúst Ólafur segir einnig mikilvægt að horfa til þess starfs sem unnið er á vettvangi Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum. „Ég tel að það sé tímabært að líta til Evrópu og fylgjast grannt með því hvernig þeirri vinnu sé háttað sem unnin er samkvæmt utanríkisstefnu Evrópusambandsins.“ magnush@frettabladid.is

visir

VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.p.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.



Forsætisráðherra vonast til þess að viðræðunum við Bandaríkin ljúki sem fyrst:

Þokast í samkomulagsátt

VARNARMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra vonast til þess að samkomulag náist við bandarísk yfirvöld sem fyrst. „Við vonumst til þess að viðræðurnar gangi vel á næstunni en það er erfitt að segja til um hvenær þeim lýkur. Vonandi náum við samkomulagi sem fyrst,“ sagði Geir eftir að fundi hans og Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra með Jaap de Hoop Scheffer lauk.

Geir vildi ekki upplýsa um kröfur bandarískra og íslenskra stjórnvalda enda viðræðurnar enn á viðkvæmu stigi. „Fundurinn með Scheffer var gagnlegur. Það eru allir á því, sem koma að viðræðunum um varnarmálin, að farsælást sé að leysa málið á grundvelli tvíhliða samkomulags við Bandaríkin. Það er okkar markmið og að því verður unnið áfram.“



GEIR H. HAARDE RÆÐIR VIÐ FRÉTTAMENN Geir sagðist ánægður með fundinn með Scheffer en vonast til þess að samkomulag næðist í viðræðum íslenskra og bandarískra yfirvalda sem fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á fundinum var farið yfir þau mál sem tengjast alþjóðlegu starfi Atlantshafsbandalagsins, meðal annars starf íslenskra stjórnvalda í Kosovo og Afganistan.

Geir sagðist vonast til þess að fundur íslensku og bandarísku nefndanna um varnarmálin, sem fer fram 7. júlí, þoki viðræðunum í samkomulagsátt. - mh

Hæ, Hó, Jibbý, jé.. á grillinu!

Opið

í öllum verslunum
í dag 12 -18



Lambafiðrildi
kryddlegin að hætti Ítala

GOTT
Á
GRILLIÐ



Grillpinnar úr kjötborði
Svín, lamb, hreindýr eða naut.

GOTT
Á
GRILLIÐ



Svartir tómatar

GOTT
Á
GRILLIÐ

Fórfel



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?

40%
afsláttur



Ben og Jerry ís

Gildir til 18. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra?
- 2 Hver verður söngvari Stuðmanna í sumar?
- 3 Með hvaða liði lék Sinisa Kekic?

SVÖR Á BLS. 54

Héraðsdómur felldi dóm í máli Gunnars Hrafn Birgissonar gegn DV:

Dæmdir til greiðslu miskabóta

DÓMSMÁL Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, fyrrverandi ritstjórar DV, voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdir til að greiða Gunnari Hrafn Birgissyni sálfræðingi 1,5 milljónir króna í miskabætur vegna umfjöllunar blaðsins um hann, auk 940 þúsund króna í máls- og birtingarkostnað. Jónas og Mikael voru sýknaðir af refsikröfu stefnanda.

Upphaf málsins er umfjöllun DV um Gunnar sem hófst í mars 2005 og var fram haldið í október sama ár. Dómurinn dæmdi tíu tiltekin ummæli í blaðinu ómerk, að kröfu Gunnars Hrafn. Jónas og Mikael sögðu fyrir dómi að öll

ummælin hefðu verið innan leyfilegra tjáningarmarkna fjölmiðils og studdar heimildum. Í dómsniðurstöðum segir: „Margsinnis er klifað á ósonnuðum fullyrðingum um að stefnandi hafi fengið á sig 150 klögumál. Endurtekin framsetning ummællanna er til þess fallin að fá lesendur blaðsins til að trúa að um sannleika sé að ræða. Þá er umfjöllunin í DV í júní 2005 efnislega röng og sett fram á sérstaklega meiðandi hátt.“

Héraðsdómur sýknaði hins vegar 365 prentmiðla ehf. af kröfu Gunnars Hrafn.

- jss



RIÐSTJÓRAR Jónas Kristjánsson og Mikael Torfason, fyrrverandi ritstjórar DV.

Frummatsskýrslu skilað:

Ætla að loka öllum námum

SKIPULAGSMÁL Fljótsdalshérað hefur skilað frummatsskýrslu til Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum efnistöku við Eyvindará á Fljótsdalshéraði.

Heildarflatarmál fyrirhugaðar efnistöku er 260.000 fermetrar og gert ráð fyrir um 400.000 rúmmetra efnistöku á næstu þrjátíu árum. Efnisnám hefur farið fram á svæðinu í nokkurn tíma en stefna Fljótsdalshéraðs er að loka öllum öðrum námum í sveitarfélaginu sem ekki hafa framkvæmdarleyfi.

Allir geta kynnt sér tillöguna og lagt fram athugasemdir til Skipulagsstofnunar fram til 26. júlí. - sgd

Eldur við Akraneshöfn:

Íkveikja olli hættuástandi

ELDSVÖÐI Töluverður eldur kom upp við olíubirgðastöð Olís við Hafnargötu á Akranesi á tíunda tímanum í fyrrakvöld, við stóran tank er innihélt tvö til þrjú hundruð lítra af tjóruhreinsi.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar á Akranesi skapaðist mikið hættuástand vegna nálægðar eldsins við ýmis eldfim efni sem geymd eru á svæðinu.

Lögreglan telur líklegt að um íkveikju hafi verið að ræða og liggja nokkrir undir grun. - æþe

INDLAND

Yfirgefa heimili sín Um hálf milljón manna hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín í norðausturluta Indlands seinustu daga vegna gifurlegra flóða. Monsúnringingar valda flóðunum og talið er að þúsundir manna til viðbótar sitji fastar vegna flóðanna.

Sportbílasýning á Akureyri laðar til sín fjölda fólks:

Lögreglan eltist við ökumenn sportbíla


BÍLASÝNING Lögreglan á Akureyri hefur hert eftirlit með hraðakstri í og við bæinn vegna sportbílasýningar sem fara á þar fram um helgina. Sportbíla af öllum stærðum og gerðum tók að streyma til bæjarins á fimmtudaginn með tilheyrandi hraðakstri.

Sigurður Pétur Hjaltason lögregluáður segir embættið verða áþreifanlega vart við komu sportbílaeigenda til bæjarins. Mikill hraðakstur sé stundaður í bænum og menn séu jafnvel að spyrna sín á milli innan um almenna umferð. „Við mældum einn á 105 kílómetra hraða í bænum í gær og marga aðra höfum við mælt á svipuðum

hraða sem við höfum ekki náð í skottið á,“ segir Sigurður Pétur.

Tjaldstæði skáta við Þórunnarstræti er lokað núna um helgina vegna sýningarinnar. Ásgeir Hreiðarsson, framkvæmdastjóri tjaldstæðanna á Akureyri, segir að vegna biturrar reynslu og af tillitssemi við nágretta svæðisins hafi verið ákveðið að hafa tjaldsvæðið lokað. „Hér hafa safnast saman í gegnum tíðina um sýningarhelgina helstu tryllitæki landsins með tilheyrandi reykspóli og græjupumpi, sem passar engan veginn inn í íbúðahverfi.“

Verðlaun verða veitt á sportbílasýningunni um helgina fyrir öflugasta bílahljóðkerfið. - æþe



Fréttablaðið bætir við sig

Mesta aukning á lestri tölublaða er hjá Fréttablaðinu samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup. Birta, tímarit Fréttablaðsins, er mest lesna tímaritið.

FJÖLMIÐLAR Meðallestur á tölublað eykst mest á Fréttablaðinu af dagblöðum, samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup miðað við seinustu könnun frá því í janúar.

Rúmlega 68 prósent segjast lesa Fréttablaðið, sem er 5,7 prósentum meira en í janúar.

Morgunblaðið mælist nú með rúmlega 54 prósent í meðallesi á tölublað, sem er aukning um rúm fimm prósent frá janúarkönnuninni. Í framkvæmdalýsingu könnunarinnar kemur fram að tæp nú prósent höfðu frian aðgang að Morgunblaðinu vikuna sem könnunin fór fram, sem þeir hafa ekki undir venjulegum kringumstæðum. Í síðustu könnun var þetta hlutfall fimm prósent og er því aukning um tæp fjögur prósent.

Blaðið stendur nánast í stað milli mælinga og mælist nú með 32,9 prósent meðallestur á tölublað, sem er aukning um 0,5 prósent.

sdg@frettabladid.is



Landsmót á Vindheimamelum í Skagafirði 26. júní – 2. júlí

Fjölskylduhátíð hestamanna – takið vikuna frá

Landsmót er stærsta mót í heimi þar sem íslenskir hestar koma saman.

Komdu og sjáðu öll bestu hross landsins í fjölbreyttri gæðingakeppni, tölti, kappreiðum og kynbótasýningum.

- Frábær aðstaða
- Bestu hestar og knapar landsins
- Helstu dagskrárliðir á aðalvelli
- 1.600 manna áhorfendastúka
- Fjölbreytt skemmtiatriði og dansleikir

Miðaverð á LM 2006:

	Forsala:	Selt í hliði:
Vikupassi	9.000 kr.	10.000 kr.
Helgarpassi (lau.-sun.)	7.500 kr.	8.000 kr.
Unglingar (13-16 ára) (gildir alla vikuna)	2.500 kr.	3.000 kr.
Dagsmiðar (mán.-fös.)		4.000 kr.
Stúkuseti	2.500 kr.	3.000 kr.

Forsala á völdum Esso-stöðvum um land allt.



Farðu á www.landsmot.is og fáðu nánari upplýsingar um Landsmót hestamanna, einstakan viðburð og fjölskylduskemmtun.



LANDSMÓT

VINDHEIMAMELUM

26. JÚNÍ – 2. JÚLÍ 2006

ICELANDAIR

www.landsmot.is

Áhugafólk um framtíð Íslands stofnar þrýstiafl í dag:

Ætla að safna liði í sumar

UMHVERFISMÁL Framtíðarlandið, félag áhugafólks um framtíð Íslands, verður stofnað í hádeginu í dag í Austurbæ. Félagið verður þverpólitískt með fólk af öllum sviðum atvinnulífsins sem ekki styður stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

„Við ætlum að verða hugmynda-veita og þrýstiafl sem styður stjórnmöld til góðra verka. Ísland liggur á teikniborðinu og ákvarðanir verða teknar á næstu mánuðum. Við viljum komast að teikniborðinu áður en möguleikar lands og þjóðar verða þrengdir meira en orðið er,“ segir María Ellingsen leikkona.

Stofnfundur verður haldinn í dag og verður strax byrjað á því að



MARÍA ELLINGSEN

safna liði. María segir að félagarnir muni svo vinna markvisst í því að koma hugmyndum sínum á framfæri. „Stjórnmöld svara ekki kalli fólksins og því þarf öflug samtök um framtíðarmál til að eftir því verði tekið. Við ætlum að safna liði í sumar og koma sterk inn í umræðuna með haustþing,“ segir hún og segir að framboð verði skoðað ef nauðsyn krefji.

Þrjátíu manna hópur hefur hist síðustu tvo mánuði til að undirbúa stofnfundinn og hefur nýu manna bráðabirgðastjórn verið skipuð.

ghs@frettabladid.is



**HJÖRTUN SLÁ HRAÐAR
UM HELGAR!
SMS OG MMS Á 5 KR.**

**SMS & MMS
5 KR***
ALLAR HELGAR Í SUMAR

ENEMAM / SIA / M022220



SONY ERICSSON W810i

35.980 kr.

Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfilinginn.



SONY ERICSSON Z530i

17.980 kr.

Þessi uppfyllir allar þarfir þínar í sumar – með spilara, tölvutengingu og myndavél.



SONY ERICSSON Z300i

10.980 kr.

Litill og krúttlegur skjaldbókusími sem þjónar þér vel á sumarferðalögnum.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.392 -0,38% Fjöldi viðskipta: 166
Velta: 732 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Mosaic Fashions +1,01%
Dagsbrún +0,89%
Atorka +0,87%

MESTA LÆKKUN

↓ Össur -1,44%
Straumur-Burðarás -0,58%
Marel -0,58%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Activis 62,40 -0,32% ... Alfesca 3,46 -0,29% ... Atorka 5,80 +0,87% ... Bakkavör 44,30 -0,45% ... Dagsbrún 5,65 +0,89% ... FL Group 17,50 -0,57% ... Flaga 3,86 -0,52% ... Glitnir 17,20 -0,58% ... KB banki 739,00 -0,54% ... Landsbankinn 20,00 +0,00% ... Marel 68,60 -0,58% ... Mosaic Fashions 15,00 +1,01% ... Straumur-Burðarás 17,10 -0,58% ... Össur 103,00 -1,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Nafntogaður fjárfestir

Eins og kemur fram á viðskiptasíðunni í dag hefur Straumur verið að kaupa hlutabréf í kanadíska olíuframleiðandanum Tanganyika. Stærsti hluthafinn í olíufélaginu er sænska Lundin-fjölskyldan en ættfaðirinn er verkfræðingurinn Adolf H. Lundin. Ekki er nákvæmlega vitað fyrir hvað stafurinn há stendur en svo merkilega vill til að Adolf er gyðingur. Auður fjölskyldunnar hefur skapast vegna fjárfestinga í olíu- og gasiðnaði og byggist einkum á Lundin Petroleum þar sem Adolf er heiðursforseti. Engir aukvisar sitja í stjórn Lundin Petroleum; einn stjórnarmanna er hægriáðurinn Carl Bildt, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar. Adolf Lundin er einnig þjóðþekktur heima fyrir en árið 1998 var hann krýndur Svíi ársins af sjálfum Svíakonungi.

Hasar í KB banka

KB banki í Noregi var liddur í gildru þegar arabískur fjárfestir seldi bankanum bréf sem hann hafði ekki tiltek. Bankinn varð að kaupa bréfin úti á markaði og tapaði um 120 milljónum króna á þessum viðskiptum þar sem gengi bréfanna hafði hækkað í millitíðinni. Fjárfestirinn, sem er frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, hefur verið kærður og er Jan Petter Sissener, forstjóri KB banka í Noregi, vongóður um að bankinn fái peningana sína til baka. Erik Högh, sem var yfir uppgjörsmálum bankans, var látinn taka pokann sinn eftir að þetta komst upp. Lögmaður, sem Högh hefur ráðið til að stefna bankanum fyrir ólöglega uppsögn, er forviða á ákvörðun bankans og telur með ólíkindum sæta að verðbréfa-miðlarinn, sem annaðist viðskiptinn við arabann, skuli ekki vera gerður ábyrgur fyrir mistökunum.



MARKAÐSPUNKTAR...

Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum hefur selt 45 prósent hlut sinn í Stíllu ehf. en söluandvirði nemur 417 milljónum króna. Með viðskiptunum hafa krosssegnatengsl Vinnslustöðvarinnar og Stíllu verið rofin.

Framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt að veita Slóvenum aðild að myntbandalagi sambandsins. Slóvenar munu taka upp evruna 1. janúar á næsta ári.

Ingimundur Friðriksson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, hefur verið settur tímabundið í starf bankastjóra frá 15. júní til 31. ágúst næstkomandi. Tekur hann við af Jóni Sigurðssyni, sem í vikunni tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Straumur eykur við sig í Tanganyika

Fjögurra milljarða fjárfesting í kanadíska olíufélagi.

Straumur-Burðarás er kominn með tíu prósent hlutafjár í olíu- og gasframleiðandanum Tanganyika eftir að hafa keypt 325 þúsund hluti í vikunni. Tanganyika stundar einkum leit og vinnslu í Egyptalandi og Sýrlandi en hefur höfuðstöðvar í Vancouver í Kanada. Hlutur Straums er meittinn á tæpa fjóra milljarða króna.

Í tilkynningu frá Straumi kemur fram að kaupin eru fyrst og fremst gerð í fjárfestingaskyni en ekki til þess að hafa áhrif á stjórn félagsins. Einnig kemur fram að Straumur muni reglulega endurskoða stöðu sína í félaginu.

Kanadíska félagið skilaði um fjörutíu milljóna króna hagnaði á fyrsta ársfjórðungi en það er skráð á First North-markaðinn í Stokkhólmi. Í haust færir félagið yfir á O-listann í Stokkhólmi.



STRAUMUR FJÁRFESTIR Í OLÍUNNI Félagið á yfir tíu prósent hlut í Tanganyika.

Þótt félagið sé kanadískt er eignarhaldið að stærstum hluta sænskt en Lundin-fjölskyldan, sem hefur fjárfest víða í olíugeiranum, er stærsti hluthafinn.

Gengi hlutabréfa í Tanganyika hefur fallið um fjörutíu prósent frá því þau náðu hæsta árgildi í apríl.

- eþa



NÝBYGGING Mikíð framboð nýbygginga er ein orsaka lægra íbúðaverðs.

Íbúðaverð lækkar

Sérfræðingar telja frekari lækkanir á íbúðaverði fram undan.

Íbúðaverð lækkaði um 0,2 prósent á höfuðborgarsvæðinu í maí frá fyrra mánuði samkvæmt tölum frá Fasteignamatil ríkisins. Fjölbýli lækkaði um 0,2 prósent en sérbýli um 0,1 prósent.

Fram kemur í Morgunkornum Glitnis að sennilega séu frekari lækkanir fram undan. Mikíð framboð nýbygginga sé í auglýsingu auk þess sem hærri langtíma-vextir, minni kaupmáttur og

skert aðgengi að lánsfé dragi úr eftirspurn. Þá fari tiltrú neytenda á efnahagslífinu þverrandi, sem dragi úr þrýstingi til hækunar.

Íbúðaverð hefur alls hækkað um þrettán prósent á höfuðborgarsvæðinu undanfarna tólf mánuði. Verðið hefur hækkað um fimmtíu og fjögur prósent frá því í ágúst 2004, þegar bankarnir hófu innreið sína á íbúðalanamarkað. - jsk

Finnair selur skuldabréf

Fjárfestar skráðu sig fyrir öllu sem í boði var í skuldabréfaútbóði sem Finnair stóð fyrir. Alls seldi finnska flugfélagið skuldabréf fyrir 100 milljónir evra, eða 9,5 milljarða króna. Andvirði bréfaanna, sem eru á gjaldþaga árið 2012, verður notað til að endurnýja flugflota félagsins en stefnt er að því að fjárfesta í nýjum flugvélum fyrir 95 milljarða króna á næsta áratug.

FL Group og Straumur-



FINNAIR MUN ENDURNÝJA FLOTANN Safnaði 9,5 milljörðum í skuldabréfaútbóði. Burðarás eiga samanlagt yfir fimmtung hlutafjár í Finnair. - eþa

Ber að fá samþykki sparisjóðsstjórnar

Verði eigendaskipti að minnsta kosti fimmtungshlut í eignarhaldsfélagi, sem er eigandi að stofnfé, skal fá samþykki stjórnar sparisjóðs fyrir þeim.

Fjármálaeftirlitið telur að þegar fimmtungshlutur eða stærri hlutur í félagi, sem er eigandi stofnfjárlutar, skiptir um hendur beri stjórn sparisjóðs að samþykka sölu eða framsal stofnfjárluta eins og gildir ávallt um bein viðskipti á stofnfjárbréfum. Þetta álit er óháð því hversu stóran hlut eignarhaldsfélagið á í sparisjóði.

Algengt er að eignarhaldsfélag haldi utan um bréf í sparisjóðum. Hefur verið álitamál hvernig beri að líta á þegar ekki er um beint framsal stofnfjárbréfa að ræða heldur sölu á eignarhlut í félagi og hvaða reglur gildi um hlutverk sparisjóðsstjórnar í þeim efnum.

Í túlkun FME er nefnt sem dæmi að ef aðili hefur stofnað eignarhaldsfélag utan um stofnfjáreign selur eignarhlut í félaginu til annars aðila þá er viðkomandi félag enn eigandi bréfanna og formlegt eignarhald hefur ekkert breyst. Hins vegar telur FME að eigandi félagsins sé sá sem ráði

raunverulega eignarhlutnum og því hafi raunveruleg eignabreyting átt sér stað sem feli í sér óbeint framsal. „Að mati Fjármálaeftirlitsins ná ...ákvæði um sparisjóði ekki tilgangi sínum ef horft er fram hjá því hver teljist raunverulegur eigandi,“ segir í áliti FME.

Með þessu telur FME að stjórn sparisjóðs geti

gert sér betur grein fyrir því hver fari með raunverulegt eignarhald á stofnfjárlutum til að geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum.

- eþa



SPARISJÓÐUR VÉLSTJÓRA Framsal stofnfjárluta með óbeinum hætti ber að bera undir sparisjóðsstjórn.

Fótboltinn truflar verslunina



Í LONDON Bretar elska fótbolta og fórna verslunarferðum fyrir leiki enska landsliðsins á HM.

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefur haft letjandi áhrif á smásöluverslun í Bretlandi og greinilegt að neytendur velja heldur að horfa á leikina en að versla. Á vefsíðu The Daily Telegraph er haft eftir framkvæmdastjóra Woolworths, Trevor Bish-Jones, að verslun hafi dregist saman um fimmtíu prósent á meðan England lék sinn fyrsta leik í heimsmeistarakeppninni á laugardaginn var.

Minnkandi sala kemur á óhættu tíma fyrir Woolworths, sem birti nýlega lakar sölutölur fyrir 19 vikurnar fram að 10. júní. Jókst heildarsalan um 0,4 prósent milli ára en dróst saman um 6,7 prósent sé ekki tekið tillit til nýrra verslana. Baugur á tíu prósent hlut í Woolworths. - hhs

Vanskil í útlána í lágmarki

Vanskil einstaklinga og fyrirtækja, sem staðið hafa lengur en einn mánuð, voru í lágmarki á fyrsta ársfjórðungi og hafa ekki verið lægri á þeim fimm árum sem yfirlit Fjármálaeftirlitisins (FME) nær til. Hlutfall vanskila af útlánnum nam 0,6 prósentum undir lok fyrsta árshluta samborið við 1,5 prósent á sama tíma í fyrra.

Vanskil fyrirtækja var 0,5 prósent í lok fjórðungsins og var hlutfallið óbreytt miðað við árslok. Hlutfallið var 1,3 prósent í lok fyrsta ársfjórðungs 2005.

Vanskilahlutfall einstaklinga var heldur hærra eða eitt prósent í lok mars, sem er óbreytt hlutfall



VANSKIL Í LÁGMARKI Hlutfall vanskila af útlánnum nam 0,6 prósentum í lok fyrsta ársfjórðungs.

frá áramótum. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2005 nam hlutfallið 2,1 prósent.

Í frétt FME kemur fram að sú

útlánaaukning sem hafi orðið í bankakerfinu undanfarnin misseri geti komið fram í auknum vanskilum síðar.

- eþa



Þetta er þinn dagur!

Það er okkar metnaður að viðskiptavinir okkar fái alltaf fyrsta flokks þjónustu sem tekur mið af þörfum hvers og eins. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og tryggjum að þú fáiir bestu kjör sem í boði eru á hverjum tíma.

Ef þú ert ánægður – þá erum við í sjöunda himni.

Við lögum okkur að þínum þörfum!

FILIPPIA



SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta

„UMMÆLI VIKUNNAR“

„Það má ekki dæma stóriðjustefnuna eftir mestu og stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar, sem standa nú yfir.“

Jón Sigurðsson, nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í Fréttablaðinu í gær.

„Nú ætla ég í hálfan mánuð burt til fjalla, að skoða fjöll sem ég hef ekki séð áður.“

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra, í Fréttablaðinu í gær.

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Vandamálaflokkur

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði hafa ekki átt sjö dagana sæla síðasta mánuðinn. Þeir töpuðu einum bæjarfulltrúa sinna í kosningunum 27. maí og nú síðast gerir Fjarðarpósturinn, fréttabréf Hafnarfjarðar, vandamál flokksins að umtalsefni. „Svo virðist sem óánægja sé komin upp innan Sjálfstæðisflokksins með skipun fulltrúa í ráð og nefndir bæjarins,“ segir á forsíðu síðasta tölublaðs Fjarðarpóstsins. Sagt er að framboðslistans hafi verið fenginn til að sitja fyrir flokkinn í Hafnarstjórn.

Fjarðarpósturinn fer hins vegar mun mýkri höndum um Samfylkinguna í klausunni sem

henni er úthlutað. Þar eru reglur um nefndarskipanir sagðar í gildi hjá flokknum og vitnað óbeint í ónefndan talsmann sem segir þær reglur í hávegum hafðar.

Átakafundur?

Fjarðarpósturinn segir frá fundi Sjálfstæðisflokksins sem fór fram daginn sem umrætt blað kom út, og kallar hann fyrirfram „átakafundur“ í fyrirsögn, með varnagla í forni spurningamerki. Fjarðarpósturinn hefur heimildir fyrir því að fundurinn verði fjölmennur og að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Árni M. Mathiesen, hafnfirskir ráðherrar flokksins, láti sjá sig. Þetta var svo staðfest af Ríkisútvarpinu daginn eftir. Fjarðarpósturinn ýjar að því að einhver vilji oddvitann Harald Þór Ólason burt úr röðum flokksins og segir að búist hafi verið við tillögu um það á

fundinum. Viðstaddir segjast þó ekki hafa orðið varir við slíka tillögu, né nokkur önnur átök. Valgerður Sigurðardóttir, sem kaus að taka ekki sæti á listanum eftir að hún laut í lægra haldi í kjöri um efsta sætið í vetur, segir fundinn hafa verið „allt í lagi“ og að ekki hafi verið minnst einu orði á nein nefndarsæti. Haraldur segir eingöngu hafa verið „farið yfir vetrarstarfið“ og „gengi flokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum“, eins og við var að búast. Enn er á huldu hvers vegna umdeildasta málið meðal flokksmanna var látið kyrrt liggja á þessum fundi, þar sem fundurinn hefði verið kjörinn vettvangur til að ræða málið til hlítar. Kannski var það vegna þess að í auglýsingu fyrir fundinn var tekið fram að hann yrði „á léttum nótum“.



VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Valgerður, Alfreð Hall og Simmi í Idolínu

Eftir spennuþrungna daga í síðustu viku færðist ró yfir stjórnmálin í vikunni sem er að líða.

Staðreyndirnar lágu fyrir.



Eltingaleiknum við þing- og trúnaðarmenn stjórnarflokksanna lauk á laugardag fyrir viku þegar tilkynnt var um breytingar á ríkisstjórninni en ýmsar bollaleggingar voru uppi um skipan mála. Ég held að enginn hafi spáð fyrir um að Valgerður Sverrisdóttir yrði utanríkisráðherra. Þær fréttir koma vel til greina sem pólitísk tíðindi vikunnar.

Innkoma Jóns Sigurðssonar í stjórnmálin er vissulega athyglisverð en það var búið að sá þeim fræjum og kom því ekki jafn mikið á óvart.

Að sama skapi var búið við að Jón Kristjánsson myndi hætta. Reyndar eru það talsverð tíðindi að Framsóknarflokkurinn hafi krafist – og fengið – sjötta ráðuneytið enda almennt talið að flokkurinn hefði hvorki stöðu til að æskja þess né burði til að bera það. En hafi menn lært eitthvað af pólitík liðinna áratuga er það að vanmeta ekki framsókn.

Línur í samningunum í Reykjavík voru farnar að skýrast og Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudagsmorgun hvernig nefndarformennsku í fagræðum yrði skipt. Sögur voru á kreiki um að Björn Ingi væri að svinbeygja Vilhjálm Þ. og að embættum yrði skipt jafnt en það voru bara sögur. Sex-tvö varð niðurstaðan.

Og Guðlaugur Þór verður stjórnarformaður Orkuveitunnar! Það hlýtur að sjóða á Alfreð. Nú fær Guðlaugur litlu, snotru skrifstofuna sem Alfreð hafði í Alfreð Hall á Bæjarhálsinum.

Mislæg gatnamót á mótum Krínglumýrarbrautar og Miklubrautar eru vissulega tíðindi. Þau eiga að rísa áður en kjörtímabilið er allt. Innan fjögurra ára. Það mun ekki ganga andskotalaust fyrir sig að koma framkvæmdinni á koppinn.

Simmi í Idolínu er varamaður í íþrótt- og tólmstundaráði og Andri Snær er varamaður í menningar- og ferðamálaráði. Nýtt mannréttindaráð borgarinnar er aðeins skipað konum. Hvar er jafnréttið þar?

Mér er til efs að það hafi áður gerst að nýr borgarstjórnarmeirihluti og ný ríkisstjórn taki til starfa í einni og sömu vikunni. Það eitt og sér eru vissulega tíðindi.



LEIÐTOGINN VEIFAR BLESS Halldór Ásgrímsson yfirgaf ríkisráðsfundinn að Bessastöðum á fimmtudag og sagði þar með skilið við ríkisstjórnina sem hann hafði stjórnað. Margir halda því fram að hann skilji Framsóknarflokkinn eftir sem höfuðlausan her við brotthvarf sitt.

Forysta Framsóknarflokks er forvitnilegasta málið

Stjórnmálafræðingarnir Einar Mar Þórðarson og Birgir Guðmundsson segja ólíklegt að miklar breytingar verði á verkum ríkisstjórnarinnar í kjölfar ráðherraskiptanna þar sem þrír nýir ráðherrar tóku sæti í stjórninni og tveir færðu sig um set.

Forysta Framsóknarflokksins er forvitnilegasta málið í auglýsingu eftir ríkisstjórnarskiptin, að mati stjórnmálafræðinganna Einar Mars Þórðarsonar og Birgis Guðmundssonar. Mörgum þykir Framsóknarflokkurinn sem höfuðlaus her eftir að Halldór Ásgrímsson tilkynnti brotthvarf sitt af vettvangi stjórnmálanna og ekki þykir sýnt hver verður arftaki hans sem leiðtogi flokksins. Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og varaformaður flokksins, hefur mætt andstöðu ýmissa flokksmanna og sömuleiðis Sív Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra. Þá hefur nýr iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Jón Sigurðsson, fyrrverandi Seðlabankastjóri, verið nefndur til sögunnar.

„Það er alveg ljóst að Guðni og jafnvel Sív og Jón eru að kanna bakland sitt í flokknum. Ég geri fastlega ráð fyrir að Halldór hafi séð arftaka sinn í Jóni og þess vegna ákveðið að taka hann inn í ríkisstjórnina,“ segir Einar.

„Það forvitnilegasta er hvernig samskiptamynstrið verður í ríkisstjórninni út af þessari óvissu goggunarröð í Framsóknarflokknunum,“ segir Birgir. „Ég yrði ekki hissa ef Geir myndi ræða meira við Jón en hina forkólfa flokksins.“

Einar og Birgir segja báðir varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn, yfirstandandi kjaraviðræður og blíkur í efnahagsmálum vera stærstu málin sem ný ríkisstjórn þarf að glíma við fram að næstu kosningum. Þar setja þeir báðir kjaraviðræðurnar efstar á blað. Þeir eru þó efins um að miklar breytingar verði á verkum stjórnarinnar með nýafstöðnum ráðherraskiptum.

Báðir eru þeir hissa á því hversu fúsir sjálfstæðismenn voru til að gefa framsóknarmönnum aftur umhverfisráðuneytið og færa ráðherratöluna þannig í fyrra horf. „Sjálfstæðisflokkurinn hefði getað heimitað sín sjö ráðuneyti áfram á þeirri forsendu að innanbúardarvilur framsóknarmanna væru ekki þeirra vandamál,“ segir Einar. „Það er skiljanlegt að það sé óánægja með þetta meðal sjálfstæðismanna,“ segir Birgir.

Valgerður Sverrisdóttir, nýr utanríkisráðherra, hefur látið Geir H. Haarde, nýjum forsætisráðherra, það eftir að leiða áfram varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn. Einar og Birgir segja það veikja stöðu Valgerðar.

„Það má setja spurningamerki við það að stærsta verkefnið í utanríkisáttum Íslendinga sé ekki á könnu utanríkisráðherra,“ segir Einar. Birgir tekur í sama streng. „Það er ljóst að Valgerður kemur í utanríkisráðuneytið og tekur ekki við öllum verkefnum og það gerir hana að veikari utanríkisráðherra.“ Þeir eru þó sammála um að það hafi lítið að gera með persónu Valgerðar, það sama hafi verið uppi á teningnum þegar Davíð fór með málið í utanríkisráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar.

Birgir og Einar eru sammála um að Geir H. Haarde gæti orðið farsæll forsætisráðherra. „Hann er maður sáttu og málamiðlana og tiltölulega ófgalaus á allan hátt,“ segir Einar. Hann telur jafnframt að meiri líkindi séu með forsætisráðherrunum Geir og Halldóri en Geir og Davíð.



SÍÐASTA RÍKISSTJÓRN HALLDÓRS ÁSGRÍMSSONAR Frá vinstri á myndinni eru: Valgerður Sverrisdóttir, Sív Friðleifsdóttir, Jón Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni Mathiesen, Halldór Ásgrímsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Geir H. Haarde, Björn Bjarnason, Guðni Ágústsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Sturla Böðvarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



FYRSTA RÍKISSTJÓRN GEIRS H. HAARDE Frá vinstri á myndinni eru: Sturla Böðvarsson, Magnús Stefánsson, Jón Sigurðsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen, Geir H. Haarde, Ólafur Ragnar Grímsson, Valgerður Sverrisdóttir, Björn Bjarnason, Guðni Ágústsson, Jónína Bjartmarz, Sív Friðleifsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.





Hiunkur
kjörís




Luxus

Nýtt
sykurlaus
Hiunkur
mjókus
kjörís





*Ó! Ísland þú ert þú líkt flott
með þýtur og jökla og geggjáða fossa
þótt veðrið sé reyndar grátlega gott
með gjáfmilda himna á rennbláuta kossa
þá ertu Ísland undælt sker
ýktasti staður á jörðu er hér.*





GOTT FOLK McCANN

*Já! Land mitt þú ert ágætis eyja
æðislegt finnst mér hérna að lifa
og að lokum sjálfsagt dýrdlegt að deyja
einn daginn er lífsklukkan hættir að tifa
þá hvíli ég í þinni mergjuðu mold
móðir mín góða, Ísafold.*

Á hverjum hátíðardegi býður Landsbankinn listamanni að deila með okkur hugrenningum sínum. Andri Snær Magnason á orð dagsins.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

17. júní

Þjóðhátíðardagur Íslendinga er í dag og hann er hátíðlegur haldinn um land allt í tilefni af lýðveldisstofnuninni á Þingvöllum árið 1944. Lýðveldið íslenska er því ungt að árum, miðað við mörg önnur ríki, og það er kannski þess vegna sem við skiljum betur en margar aðrar þjóðir hvað í því felst að hljóta fullkomið sjálfstæði. Við skiljum betur aðrar þjóðir í sjálfstæðisbaráttu þeirra eins og dæmin sanna og er þar ekki síst að minnast baráttu Eystrasaltsríkjanna fyrir sjálfstæði sínu. Á dögum sýndum við líka hug okkar í verki til þess lands sem síðast hlaut sjálfstæði - Svartfjallalands. Íbúar þess hafa háð áralanga baráttu fyrir sjálfstæði sínu og eru þeir síðustu í fyrrum Júgóslavíu til að hljóta sjálfstæði. Viðurkenning okkar á sjálfstæði Svartfellinga hefur vakið verðuga athygli þar í landi og nú er það okkar að fylgja viðurkenningunni eftir og rækta sambandið við þetta nýlýðfrjálsa land.

En það er ekki aðeins hér á landi sem Íslendingar halda upp á þjóðhátíðardaginn, því víða erlendis þar sem Íslendingar búa er þetta einn mesti sameiginlegi hátíðisdagur þeirra. Hans er þá minnst með ýmsum hætti á sjálfan þjóðhátíðardaginn eða næsta frídag á eftir. Íslendingar koma þá saman með íslenska fána og treysta böndin hver við annan. Íslensk sendiráð eru þá gjarnan opin fyrir gestum og gangandi og þangað koma framámennt viðkomandi landa, bæði úr opinbera geiranum og svo líka þeir sem eiga samskipti við Ísland og Íslendinga á sviði viðskipta og menningar. Þá koma oft hingað til lands í tengslum við þjóðhátíðardaginn sendimenn erlendra ríkja sem ekki hafa fasta búsetu hér. Allt þetta minnir á okkur og tilveru þessa 300 þúsund manna sjálfstæða ríkis með eigið tungumál sem á síðustu misserum hefur látið æ meira að sér kveða á erlendum vettvangi. Tilvera okkar vekur sífellt meiri athygli á alþjóðavettvangi og fleiri og fleiri beina sjónum sínum að okkur. Þetta á að hvetja okkur til þess að halda fast í það sem íslenskt er og varðveita eftir mætti, ekki aðeins tungumálið, sem er eitt af því dýrmætasta sem við eigum, heldur þjóðarauðinn og ekki síst náttúruna sem við búum við.

Þjóðhátíðardagurinn á að verða til þess að við hugum að uppruna okkar og rótum og við eigum að minna ungu kynslóðina á lýðveldisstofnunina, því senn fer að fenna í spor þeirra sem upplifðu hana rigningardaginn á Þingvöllum árið 1944. Þá voru viðsjár í heiminum. Bandaríkjamenn höfðu komið auga á mikilvæga landfræðilega stöðu landsins og voru fljótir til að viðurkenna sjálfstæði okkar. Allt fram á þennan dag hafa verið sterk bönd á milli þessara tveggja þjóða, en nú bendir ýmislegt til þess að eitthvað slakni á þeim böndum vegna þess að samband þeirra verður ekki eins náð og áður, ef fram fer sem horfir varðandi varnarsamstarfið.

Það verða nýir fulltrúar sem minnast þjóðhetjunnar Jóns Sigurðssonar í höfuðborginni í dag, þegar nýkjörinn forseti borgarstjórnar leggur blómsveig á leiði hans í kirkjugarðinum við Sudurgötu og nýrðinn forsætisráðherra flytur ávarp við hátíðarhöldin á Austurvelli. Þannig verður það líka víðar á landinu, þar sem nýir valdhafar hafa tekið við eftir sveitarstjórnarkosningarnar í síðsta mánuði. Allir þessir valdhafar ættu að hafa í huga það sem sagt hefur verið um Jón Sigurðsson sem fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð fyrir 195 árum, en það er að hann hafi verið alinn upp við iðjusemi, nákvæmni og hirðusemi og kennt að bjarga sér sjálfur. Þetta er maðurinn sem með réttu hefur verið nefndur: „Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur.“

Okkur ber skylda til að halda minningu hans á lofti, ekki síst með því að hlúa að fæðingarstað hans og hvetja til uppfræðslu um hann - störf hans og stefnu. Þetta eigum við að hafa í huga á þjóðhátíðardaginn, því hann er miklu meira en fánar og blöðrur.



... sem þig vantar í
nýja húsnæðið

visir

**NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTU-
SKRÁ Á VISIR.IS/ALLT**

FRÁ DEGI TIL DAGS

Flokksbindin

Ráðherrar mættu auðvitað í sínu finasta þússi á ríkisráðsfundinn á fimmtudaginn. Það hefur löngum verið venja að stjórnmalámennt klæðist litum sinna flokka eins og þekkt hjá klíkum víða um heim. Valgerður Sverrisdóttir bar af í flöttri grænni dragt og var auðvitað glæsileg. Magnús Stefánsson og Jón Sigurðsson voru með fagurgræn bindi. Þá mátti sjá Sturlu Böðvarsson, Árna M. Mathiesen, Geir H. Haarde og Björn Bjarnason með blá bindi. Svo virðist sem aðrir ráðherrar hafi ekki klætt sig sérstaklega í litum sinna flokka við þetta tilefni.

Jómfrúarræðan

Fimm ráðherrar mættu til starfa í nýjum ráðuneytum í gær. Heilsuðu þeir upp á

nánasta samstarfsfólk áður en haldið var á fyrsta ríkisstjórnarfundinn sem Geir H. Haarde stýrði. Í dag flytur hann sína fyrstu ræðu sem forsætisráðherra á Austurvelli í tilefni af þjóðhátíðardeginum. Verður án efa hlustað af athygli á ræðu Geirs með það fyrir augum að kortleggja áherslumál ríkisstjórnarinnar undir hans forsæti. Hann hefur þó ekki fengið mikinn tíma til að undirbúa ræðuna vegna anna síðustu daga. Á meðan nýrri ríkisstjórn var þúslað saman komst skrifur á kjaraviðræður með innkomu ríkisvaldsins. Í gærmorgun ræddi forsætisráðherra svo við framkvæmdastjóra Nató ásamt Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra. Þetta eru líka tvö af hinum stóru viðfangsefnum nýrrar ríkisstjórnar.



Aðstoðarmenn

Kópavogsbúinn Jón Kristinn Snæhólm hefur verið nýjum borgarstjóra Reykavíkinga, Vilhjálm P. Vilhjálmssyni, til halds og trausts undanfarnar vikur. Fyrir kosningar var hann ráðinn á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins til að aðstoða Vilhjálm í baráttunni. Hann var í kringum borgarstjórn þegar nýr meirihluti í Reykjavík var myndaður. Svo mátti sjá hann í sal borgarstjórnar á fyrsta fundinum á þriðjudaginn. Hefur þetta orðið til þess að margir reikna með að Jón Kristinn, sem hefur verið tíður gestur á Hrafnabíngi Ingva Hrafnar Jónssonar á NFS, verði sérstakur aðstoðarmaður borgarstjóra í Ráðhúsinu.



bjorgvin@frettabladid.is

Eignarhaldsfélagið Exbé

Samkvæmt þjóðskrá eru Alþýðubandalag og Alþýðuflokkur ennþá til þótt stjórnmaláflakarnir sem gegndu þessum nöfnum séu löngu horfnir yfir móðuna miklu. Þessar gamalgrónu alþýðuhreyfingar hafa umbreytt í eignarhaldsfélög sem stofnuð voru utan um eignir og skuldir flokkanna sálugu til þess að Samfylkingin gæti hafið ævi sína óspjöllud í fjármálum. Það getur hent bestu flokka að daga uppi og verða að eignarhaldsfélagi.

Á hinn bóginn er það nýjung að flokkur umbreyti sér í eignarhaldsfélag samhliða því að hann heldur stjórnmalástarfi áfram, tekur þátt í kosningum, á fulltrúa á þingi og jafnvel í ríkisstjórn líka. En sú þróun virðist eiga sér stað þessa dagana varðandi Framsóknarflokkinn. Flokkurinn sem eitt sinn hét þessu nafni virðist vera að gufa upp, en í staðinn er komið eignarhaldsfélagið Exbé, sem snýst ekki um stjórnmalástarf heldur hagsmunagæslu fyrir eignir og ítök flokksins.

Þessu til sönnunar er tilhlýðilegt að nefna nokkur dæmi og byrja á þeim einföldustu. Í fyrsta lagi er stjórnmaláflakur bandalag fólks sem deilir sameiginlegum hagsjónum eða í það minnsta skoðunum. Það liggur því í hlutarins eðli að stjórnmaláflakkar manna stöður og þingsæti með fólki sem hefur tekið virkan þátt í starfi flokksins, en ekki aðkeyptu vinnuafli utan úr bæ. Öðru máli gegnir um eignarhaldsfélagið Exbé. Það er eins og hvert annað knattspyrnufélag sem getur fengið til liðs við sig leikmenn úr öðrum liðum (t.d. Hjálmar Arnason eða Kristinn H. Gunnarsson) eða efnilega unga leikmenn úr utandeildarfélagum (t.d. Björn Inga Hrafnsson eða Steingrím S. Ólafsson).

Í öðru lagi er það eðli stjórnmaláflakka að ákveðin festa ríkir í hagsjónum þeirra, jafnvel þegar þeir bregðast við nýjum aðstæðum. Öðru máli gegnir um eignar-

Í DAG

FRAMSÓKNAR-
FLOKKURINN

SVERRIR
JAKOBSSON



Framsóknarflokkurinn virðist vera að gufa upp, en í staðinn er komið eignarhaldsfélagið Exbé, sem snýst ekki um stjórnmalástarf heldur hagsmunagæslu fyrir eignir og ítök flokksins.

haldsfélög sem geta ákveðið að selja öll hlutabréf sín í tilteknum bisset og fjárfesta í einhverju allt öðru. Áratugum saman var Framsóknarflokkurinn til dæmis þjóðlegur flokkur sem stóð dyggan vörð um íslenskan landbúnað. Einnig var til flokkur sem vildi ganga í Evrópusambandið og hafa álver í hverjum firði. Það var Alþýðuflokkur Jóns Baldvins Hannibalssonar og Jóns Sigurðssonar. Eignarhaldsfélagið Exbé hikaði ekki við að varpa 90 ára arfleifð Framsóknarflokksins fyrir róða og leggur nú allt kapp á að sölsa undir sig reynt gamla Alþýðuflokksins. Jafnframt vanrækir það sín hefðbundnu forgangsmál sem eru falin lítt metnum einstaklingum innan flokksins, mönnum eins og Guðna Ágústssyni, sem ekki hefur til þess verið treyst fyrir öðru en landbúnaðar-ráðuneytinu.

Skýrasta dæmið um það hvornig Framsóknarflokkurinn hefur umbreytt og er nú orðinn að eignarhaldsfélagi er þó það sem gerðist þegar formaður flokksins, Halldór Ásgrímsson, ákvað að víkja úr sæti. Í stjórnmaláflakki myndi umræðan um arftaka Halldórs þegar í stað hafa beinst að

því hver ætti mest pólitískt bakland. Er það Guðni sem talsmaður hefðbundinna dreifbýlissjórnarmíða eða vill unga fólkið á mölinni kannski fremur veðja á Siv? Hverjum gekk best í seinustu kosningum, hver hefur mestan styrk í sínu kjördæmi o.s.frv.? Í eignarhaldsfélaginu Exbé gerðist ekkert slíkt. Þess í stað er leitað til hluthafanna, mannanna sem reka digra sjóði flokksins. Fyrsti valkostur Halldórs var sjálfur kjölfestufjórðingur eignarhaldsfélagsins, Finnur Ingólfsson. Af einhverjum ástæðum fékkst Finnur ekki til þess, en þá var leitað til Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra, manns sem aldrei hefur setið á þingi og á sér þar af leiðandi ekkert pólitískt bakland. Í hópi hluthafa eignarhaldsfélagsins Exbé er hann hins vegar lykilmaður. Eins og hann hefur sjálfur verið óragur við að benda á, þá hefur hann ídulega tekið að sér mikilvæg verkefni í helmingaskiptum eignarhaldsfélagsins við aðrar valdaklíkur, mannað hina og þessa bitlinga sem flokknum hafa stöðið til boða. Val á slíkum manni sem ráðherra hlýtur að vekja furðu þeirra sem líta ennþá á Exbé sem stjórnmaláflak. Það er hins vegar fullkomlega rökrétt ef við horfumst í augu við það að Exbé er ekki flokkur heldur bandalag um eignir og hagsmuni.

Þannig verður líka framganga oddvita Exbé-listans í Reykjavík skiljanlegri, mannsins sem sat sallarólegur við hlið nýs borgarstjóra nú á dögum og hlustaði á hann skammast út í fyrirverandi meirihluta sem þó sat einnig í skjólfleignarhaldsfélagsins. Eignarhaldsfélagið Exbé er einfaldlega búið að selja hlutabréf sín í félagshyggjuni og hefur þess í stað fjárfest í mismögum gatnamótum og einkavæðingu almannaþjónustunnar. Með því er hann ekki að svíkja neina stefnu. Eignarhaldsfélög hafa nefnilega ekki aðra stefnu en þá að hámarka gróða fjárfestanna.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Amdís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson FRÉTTABLAÐIÐ: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Þósdís ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ofurtilboð

aðeins í dag 17. júní

Opið

í öllum verslunum
í dag 12-18

26" hjól
City Racer



TILBOÐ
19.999 kr
Verð áður 27.999,-

PROSTYLE
háæðahjól á ofur verði

16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.

Funky

TILBOÐ
6.999 kr
Verð áður 9.999,-

12" hjól 3-5 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.

One

TILBOÐ
5.999 kr
Verð áður 7.999,-

16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að aftan og framan, hjálpardekk, keðjuhlíf.

Princess

TILBOÐ
8.999 kr
Verð áður 12.999,-

16" hjól 5-7 ára

Bremsur: Handbremsur að framan og fótbremsur að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, bjalla, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk.

Tank

TILBOÐ
8.999 kr
Verð áður 12.999,-

20" hjól 7-9 ára

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krömbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.

Eos Fatboy

TILBOÐ
19.999 kr
Verð áður 29.999,-

26" hjól

Gírar: 21 gíra
Tegund gíra: Shimano
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan, diskabremsur.
Gaffall: Demparagaffall stillanlegur
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, að aftan og að framan, bjalla, lás.

Tiger


TILBOÐ
19.999 kr
Verð áður 29.999,-

Gildir aðeins í dag 17. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

DV

um helgina



Síðustu orð Bára

Tískudrottningin Bára Sigurjónsdóttir borin til grafar

Hefur þú séð DV í dag?

Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV. Hér og nú fylgir einnig frítt til áskrifenda.

MAÐUR VIKUNNAR

Duglegur og óserhlífinn þjálfari sem fer sínar eigin leiðir

ALFRED GÍSLASON
HANDBOLTÞJÁLFARI

Alfred Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, hefur verið mikið í umræðunni eftir að íslenska handboltalandsliðið, eða strákarnir okkar eins og þeir eru kallaðir þegar vel gengur, lagði Svía að velli í hinna glæsilegu Globen-höll í Stokkhólmi. Þetta var fyrsti sigur Íslands á Svíþjóð ytra en Svíar hafa ansi lengi verið íslenska handboltaliðinu óþægur ljár í þúfu og gjarnan talað um Svíagrýlu í því samhengi.

Alfred er mikill keppnismaður og það er til marks um metnað hans að hann ku ekki hafa fengið verulegan áhuga á landsliðsþjálfarastarfinu fyrr en ljóst var að Ísland myndi mæta Svíum í tveimur umspilsleikjum um laust sæti á stærsta handboltamóti sögunnar, en það er HM í Þýskalandi í janúar næstkomandi. Þegar verkefnið var nógu krefjandi var Alfred tilbúinn í slaginn.

Alfred er fæddur og uppalinn á Akureyri og spilaði með KA. Hann spilaði sínu fyrstu leiki með liðinu 1976, en Alfred vakti snemma athygli enda maður mikill vexti þó hann sé ekki endilega með hæstu mönnum. Hann lagði ævinlega mikið á sig og það er þessi eljusemi sem hann tami sér snemma sem hefur fleytt honum þangað sem hann er í dag.

Alfred gekk ungur í raðir KR og þaðan lá leiðin í atvinnumennsku hjá Tusem Essen.

Alfred varð tvívegis meistari með Essen en kom síðan óvænt heim 1988 og gekk í raðir KR, og ári síðar hlotnaðist honum sá heiður að vera valinn íþróttamaður ársins. Alfred stoppaði stutt við í Vesturbænum og hélt til Spánar þar sem hann gekk í raðir Bidasoa.

Alfred sneri heim á ný 1991 og þá á fornar slóðir, til Akureyrar, þar sem hann tók við þjálfun KA-liðsins ásamt því að spila með liðinu. Alfred náði frábærum árangri með KA-liðið og skildi við það með Íslandsmeistaratitil áður en hann flutti til Þýskalands á ný þar sem hann var ráðinn þjálfari hjá Hameln.

Alfred spilaði einnig með landsliðinu í fjölda ára, en stærsta stund hans með landsliðinu var eflaust B-keppnin í Frakklandi 1989 sem

Ísland vann, en Alfred fór hreint á kostum í keppninni. Alfred er skapmaður og lætur engan vaða yfir sig og það sýndi sig best þegar hann fékk umdeilt rautt spjald í leik gegn Þjóðverjum í keppninni. Þjálfari þýska liðsins var þjálfari Alfreds hjá Essen og átti stóran þátt í því að gera Alfred að topphandboltamanni. Er Alfred gekk

þjálfari heims, en Alfred nýtur gríðarlegrar virðingar í handboltaheiminum.

Það kom því ekki á óvart að stórlíð Gummersbach skyldi klófesta Alfred, en það hefur verið meðal bestu liða Þýskalands síðustu ár og hlutverk Alfreds verður að gera liðsmenn að meisturum, en hann er ráðinn frá og með næsta sumri.

Þeir sem þekkja Alfred hvað best lýsa honum sem gríðarlega duglegum einstaklingi sem geri allt 110% sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er einstaklega fylginn sér og óserhlífinn og að sama skapi er hann kröfuharður en þó sanngjarn. Alfred þótti ekki mesti handboltasnillingurinn á sínum tíma, en hann var tilbúinn til að leggja meira á sig en flestir aðrir og þannig bætti hann upp það sem á vantaði.

Alfred þykir vera mjög samkvæmur sjálfum sér og hann hefur óbilandi trú á sjálfum sér og að sama skapi þykir hann svolítið þver, enda er hann óhræddur við að fara eigin leiðir og fer frekar eftir eigin sannfæringu en eftir ráðleggingum annarra. Hann er mikill hugsuður og á það til að detta út þegar hann fer í miklar þælingar, en Alfred verður iðulega ekki haggað þegar hann hefur

tekið ákvörðun. Honum lætur ekki vel að vinna með öðrum og það er helst að hann geti unnið með fólki sem hann treystir, eins og sést á samstarfi hans við Guðmund Guðmundsson en þeir hafa verið góðir vinir lengi.

Akureyringurinn þreknir þykir nokkuð hrjúfur á yfirborðinu en hann er vinur vina sinna og hleypir ekki hverjum sem er að sér. Alfred er einnig mikill húmoristi og hrókur alls fagnaðar í góðra vina hópi. Hann hefur líka mun fleiri hliðar en almenningur sér, enda mjög hjálpsamur og ávallt tilbúinn að leggja öðrum lið og greiða götu fólks ef hann getur.

Honum er annt um íslenskan handknattleik og hefur verið ófáum leikmönnum innan handar sem hafa viljað reyna fyrir sér á erlendri grundu.



af velli hreytti hann í þjálfarann: „Djöfullinn, þú getur ekki keypt allt,“ og vildi meina að dómurinum hefði verið mútað, en Kristján Arason fékk einnig rautt spjald í þessum fræga leik sem Ísland vann að lokum. Þessi framkoma sýnir hversu mikill keppnismaður Alfred er og að enginn fær nokkuð ókeypist hjá honum. Ekki hefðu margir haft kjark til að láta þjálfarann sinn fá að heyra það líkt og Alfred gerði.

Það gekk svona upp og ofan hjá Alfred hjá Hameln og má segja að hann hafi sem þjálfari ekki sýnt hvað í honum bjó fyrr en hann tók við Magdeburg um aldamótin. Þar byggði Alfred upp lið nánast frá grunni og gerði það að Þýskalandsmeysturum og Evrópumeisturum. Þá var hann búinn að festa sig í sessi sem einn allra besti

allt atvinna

Alla sunnudaga

Verðhrun á nautalundum!



Sparaðu
1.500
kr. **2.498** kr. kg

NAUTALUNDIR
ÚR KJÖTBORÐI

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Gleðilegan
þjóðhátíðardag!



Komdu við í Nóatúni og nældu þér
í nýja grillbæklinginn og komdu
fjölskyldunni á óvart.

OPNUNARTÍMI Í DAG 17. JÚNÍ

Nóatún á höfuðborgarsvæðinu 12 - 19
Nóatún Selfossi 10 - 21



25% - 40%
afsláttur

GOURMET GRILLKJÖT
GÓÐA LAMB Á GRILLIÐ



25%
afsláttur

NÓATÚNS LAMBASTEIK
ÞURRKRYDDUÐ — BEINT Í OFNINN

1.049 kr. kg

Hentugar stærðir
á hamborgurum
fyrir alla fjölskylduna



Úr
Kjötborði
Nóatúns

HAMBORGARAR ÚR KJÖTBORÐI

Verð frá:
98 kr. stk.

HM tilboð!

Þú kaupir 4x2 l af
Coke eða Coke light
og færð 2 HM glös með!



MAARUD
SNAKK
349 kr. pk.

Reyktur lax
eða grafinn



35%
afsláttur

Parma
skinka



36%
afsláttur

Tszzz

ANÚMÞ

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
LAMBAINNRÁLÆRI
TOSKANA

598 kr. stk.


Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
GRÍSAFILLET MARIN.
M/GRÆNMETI

598 kr. stk.

Úr
Fiskborði
Nóatúns



STÓRLÚÐUSTEIK
Í MIÐJARÐARHAFS-
MARINERINU

1.398 kr. kg



SMÁSPJÓT GRÍSAFILLET
Í GRÍSKRI MARINERINU

298 kr. stk.



KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

398 kr. stk.



GRÆNMETI Á GRILLBAKKA
KRYDDAÐ EÐA Í MARINERINU

499 kr. pk.

Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN



FERSKJUR
249 kr. kg



BLÓMKÁL
249 kr. kg



MAISSTÖNGLAR
forsoðnir 199 kr. 2stk.



JARÐARBER Í BOXI
249 kr. pk.



GULAR MELÓNUR
169 kr. kg



...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Sniðglíma á lofti

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um knattspyrnu. Einnig er vikið lauslega að öðrum málaflokkum - svo sem stjórnmálum, vændiskonum, gauksklukkum, Guðsverkamönnum í Opus Dei og íslenskri glímu.

Kæra
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



FÖSTUDAGUR, 9. JÚNÍ

Þjósnaleg einokun

Nú er þessi langbráði dagur runnin upp. Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu er hafin. Í fjögur ár er ég búinn að hlakka til að sjá afreksmenn frá öllum heimshornum koma saman og reyna með sér á síðmenntaðan hátt með því að keppa í „the Beautiful

Fyrsti leikurinn var Þýskaland - Kostaríka, og úrslitin 4:2.

Frábær leikur. Í fyrsta sinn sem ég sé þýskt lið spila svona fallega knattspyrnu með hröðum samleik, stuttum sendingum og svo þrumuskotum langt utan af velli. Ég

Það minnir mig á að Ísland fékk enn eina ríkisstjórnina í dag. Og kvenkyns utanríkisráðherra í fyrsta sinn.

Vonandi sér Valgerður að það er þjóðinni til minnkunar að standa í þessu ströggli við Kanann og sífra um að þeir verði að skaffa herþotur til að hafa í Keflavík. Auðvitað eigum við að leyfa mönnum að fara í friði úr því að þeir geta ekki haft gagn af okkur lengur. Það er sjónarmið sem ég hélt að stjórnmálamenn ættu auðvelt með að skilja.

Sumir íslenskir ráðamenn hafa alltaf blandad að einhverri hýsterískri tilfinningavellu í samband sitt við Kanann. Þetta er eins og að horfa upp á roskna vændiskonu halda því fram að

Okkar menn töpuðu leiknum, en þeir töpuðu með sæmd. Þeir gerðu fyrsta markið, en svo höfðu þeir ekki úthald. Mér leið eins og ég væri að horfa á íslenska landsliðið.

Villi Þ. tók við borgarstjóraembættinu í dag. Mér list vel á Villa. Hann muldrar ofan í barminn og er fremur spar á stórar yfirlýsingar, en hann er einn af þeim sem hafa vit og innræti til að koma fram við fólk eins og jafningja sína.

Ég gaf honum regnhlíf til að nota í kosningabaráttunni. Sú hefur aldeilis komið að notum.

MÍÐVIKUDAGUR, 14. JÚNÍ

Svisslendingar, Da Vinci og gauksklukkan

„Þau þrjátíu ár sem Borgia-ættin ríkti á Ítalíu geisaði stríð, ógnarstjórn, morðæði, blóðsúthellingar - og þessi þrjátíu ár ólu af sér

Eiturlyfjasmygl og dreifing eru vonlausar atvinnugreinar þar sem ríkiseinkasala og sjúkrasamlag sjá um að afgreidda sjúklíngana í næsta apóteki.

Heint heróín, ókeypis sprautur og athvörf fyrir fíkla hafa að sjálfsögðu dregið úr þeim sjúkdómum sem tengjast neyslunni. Og úr því að heróín er flokkað sem lyfseðilsskytt lyf fylgir efninu ekki lengur andfélagsleg hegðun og þjófnaða- og ránaforaldur sem okkur þýðir á ólöglegum markaði valda. Heróín í Zürich er einfaldlega lyf sem heimskulegt er að ánetjast - og glæpagengingur hafa ekki lengur ástæðu til að stunda ólöglega verslun og

handrukkrarastarfsemi. Og færri og færri ánetjast heróín af því að engir eiturlyfjasalar hafa hag af því að fjölga viðskiptavinum.

Kannski Svisslendingar hafi eftir allt saman fundið upp eitthvað sem er ennþá merkilegra en gauksklukkan.

MÍÐVIKUDAGUR, 14. JÚNÍ

APPLE eða MELA?

Sólveig fór með mig að sjá Da Vinci-lykilinn.

Parna voru launmorðingjar, Guðsverkamenn í Opus Dei, dulmál, táknsmá, Síonsklostrið og elt-ingaleikur svo að eiginlega hefði átt að vera verulega feitt á stykkinu. En það vantaði spennandi persónuleika svo að myndin var marflöt eins og krossgáta. Þetta var eins og þegar skrattinn fór að skapa mann: „skinnlaus

köttur varð úr því“.

Merkilegt að láta Leonardo nota enska orðið APPLE í Da Vinci-lykilinn í stað þess að nota orðið „mela“ sem er „epli“ á ítölsku. Skrytið að maður sem fæddist 40 árum áður en Kolumbus kom til Ameríku skuli hafa verið orðinn svona ameríkiseriður.

FIMMTUDAGUR, 15. JÚNÍ

Sniðglíma á lofti!

Síðasti ríkisráðsfundur Halldórs Ásgrímssonar. Það verður sjónarsviptir að honum.

Það hljóta allir að viðurkenna að Halldór kveður snöfurmannlega með því að taka Geir Haarde og Sjálfstæðisflokkinn á „ippon“ eða sniðglímu á lofti.

Á leið heim af þessu balli hlýtur Geir Haarde að velta því fyrir sér hvað orðatiltækið „tveir fyrir einn“ merkir í raun og veru. Snarpari glímutök hafa ekki sést hjá formönnum framsóknarflokksins síðan Hermann Jónasson varð glímukóngur Íslands árið 1921.

Og miðað við hlut Framsóknarflokksins í stjórnun Reykjavíkurborgar lítur út fyrir að Björn Ingi Hrafnsson muni verða prýðilega glíminn.



Game“, íþróttinni fögru, eins og knattspyrnan er nefnd (nema í RÚV þar sem hún heitir „spark“).

Núna fer keppnin fram í Þýskalandi og ég sá byrjunarleikinn í boði Goethe Institut og þýska sendiherrans.



vona bara að Himnaríki verði ekki fyrir barðinu á þjósnalegri einokun Símans á grunnnetinu. Það er lítið fútt í að fara til Himnaríkis ef ekki er hægt að fylgjast þar með fótbolta og ég er viss um að Goethe sálugi hefur verið stoltur af sínum mönnum og boðið tvöfaldan nektar og ambrósíu á línuna.

LAUGARDAGUR, 10. JÚNÍ

Tilfinningavella

Fór á Gauk á Stöng að horfa á Englendinga og Kostaríka. Þar var margt um manninn en uppi á lofti var einhvers konar landsfundur húðflúraðra.

Ekki þóttu mér Englendingar sannfærandi.

uppáhalds kúnninn hafi lofað að giftast sér. Dapurlegt.

Mér sýnist að friðurinn í framsókn felist í því

að stilla upp fylkingu gegn Guðna með Jón skyldurækna í hlutverki nýfundins erfðaprins.

Nú er Jónína Bjartmarz komin í ráðherrastól og orðin umhverfisráðherra. Hún ætti endilega að kíkja hingað niður í Grjótaþorp og sjá hvað maðurinn hennar er búinn að afreka í umhverfismálum í góðu samstarfi við byggingarfulltrúann í Reykjavík og fráfarandi borgarstjórn. Óþarfi að leita langt yfir skammt.

MÁNUDAGUR, 12. JÚNÍ

Silfurskeið í hengirúmi

Sat á mér og horfði ekki á neinn fótbolta. Hélt mig að verki til tilbreytingar.

Er að bisa við að skrifa smásögu. Suma daga er maður hundfúll yfir því að hafa ekki fæðst með silfurskeið í munn og helst liggjandi í hengirúmi. Sennilega eru þetta þó bara fráhrarfseinkenni af því að hafa ekki horft á knattspyrnu í dag.

ÞRIÐJUDAGUR, 13. JÚNÍ

Góð regnhlíf

Fór að horfa á Tógó og Suðurkóreu með Nirði P. Njarðvík og Össuri Skarphéðinssyni. Össur er formaður Spes sem rekur barnaheimili í Lomé, þar er hópur af litlum krílum sem eiga íslenska styrktarforeldra. Njörður er ræðismaður Tógó, og það var hann sem fáttaði upp á að stofna Spes.

Fátæktin í Tógó er svo skelfileg að ég er hissa að því að það skuli hafa verið til ellefu þör af takkaskóm í landinu. Samt eru piltar frá þessu landi í úrslitum heimsmeistarakeppni í knattspyrnu. Það er vel af sér vikið.

Michelangelo, Leonardo

da Vinci og Endurreisnina. En í Sviss bjó fólk við náungakærleika í fimm aldir lýðræðis og friðar, og hvað kom út úr því? Gauksklukkan.“

Þetta segir Harry Lime (Orson Welles) í þeirri frægu mynd „Þriðji maðurinn“ og hefur ekki mikið álit á svissneskri hugmyndaauði. Samt vita Svisslendingar greinilega sínu viti því að í borginni Zürich hefur tekist að draga úr nýgengi heróínfíkla um 82 prósent á tíu árum.

Aðferðin er einföld. Heróínfíklum stendur til boða að fá heróín keypt í lyfjaverslunum gegn framvísun lyfseðils, og auk þess er boðið upp á ókeypis-

is sprautunál- ar og athvörf þar sem fíklar geta komið til að sprauta sig.

Með þessu móti hefur ævin- týraljómi hins forboðna dofnad og fikillinn er ekki lengur uppreisnarmaður í samfélaginu heldur sjúklingur sem þarf á hjálp að halda en ekki fangelsi.



HÖFUM OPIÐ Í DAG 17. JÚNÍ

17%

ÞJÓÐHÁTÍÐAR AFSLÁTTUR

Ecco Laugavegi 38

ECCO®

THOMAS KUHN (1922-1996)
LÉST ÞENNA DAG.

„Bæði beint og óbeint
hefur maður sem er
orðinn vanur að finna
upp linsur gengist undir
byltingarkenndar
breytingar á sjóninni.“

Bandaríski fræðimaðurinn
Thomas Kuhn skrifaði mikið um
heimspekina sem liggur að baki
vísindunum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

Eyðimerkur um allan heim

Í dag eru liðin tólf ár frá því að samningur um varnir gegn eyðimerkurmyndun var samþykktur. Markaði samningurinn tímamót í alþjóðlegri umhverfisverndarlöggjöf og er einn þriggja stórra samninga sem á rætur sínar að rekja til umhverfisráðstefnunnar í Ríó árið 1971. Samningurinn tók gildi hér á landi árið 1997.

Eyðimerkurmyndun er vandamál sem er að finna



HEYÐMÖRK Í JÓRDANÍU Eyðimerkurmyndun er mikið vandamál í heiminum í dag.

um gjörvalla heim, ekki bara í þróunarlöndunum heldur einnig meðal annars í Norður-Ameríku og Eyjaálfu. Talið er að um fimmti hver jarðarbúi í að minnsta kosti 110 þjóðlöndum verði fyrir beinum áhrifum af stækkunum eyðimarka og að landsvæði á stærð við Íslands breytist í eyðimörk á hverju ári. Eyðimörkunum fylgir að jafnaði mikill vatnsskortur og er því mikið í húfi fyrir jarðarbúa að snúa þróuninni við.

Í samningnum er lögð mikil áhersla á þjálfun og menntun fólksins sem býr þar sem eyðimerkur myndast svo það geti tileinkað sér sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þó er tekið fram að ekki náist árangur nema til komi sterkar stofnanir sem séu studdar af íbúunum.

Heimild: www.land.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorleifur Jónsson (Bói)

Vallarbarði 3, Hafnarfirði,

andaðist 15. júní á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi. Útförin verður auglýst síðar.

Jón Þorleifsson

Gunnar Árni Þorleifsson

Sigurður Unnar Þorleifsson

Kolbrún Þorleifsdóttir

Simon Þorleifsson

Harpa Þorleifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigrún Pálsdóttir

Theodóra Sif Pétursdóttir

Ingibjörg Aðalsteinsdóttir

Harry Samúel Herlufsen

Dorthe Möller Thorleifsson

Gestur Már Sigurðsson



Innilegar þakkir ferum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýbug og sendu samúðarkveðjur við andlát elskulegrar eiginkonu og móður okkar,

Margrétar Einarsdóttur

Maddý, Barðastöðum 7.

Af öllu hjarta þökkum við öllum þeim sem voru við útför hennar 9. júní sl. og kunnum við ykkur öllum bestu þakkir fyrir virðingu og yndislegt viðmót. Kærar kveðjur ferum við starfsfólki og Kjartani Magnússyni lækni á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir ómetanlegan tíma og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Jón Árnason

Ásta Gunnarsdóttir

Jóna Gunnarsdóttir

Valdís Gunnarsdóttir

Eyrún Gunnarsdóttir

Trausti Kristjánsson

Oddur Halldórsson

Therese Grahn

PETTA GERÐIST: 17. JÚNÍ 1961

Rússneskur ballettdansari leitar hælís

Aðaldansari rússneska Kirov-ball-ettisins, Rudolf Nureyev, braust úr öryggisgæslu rússneska sendiráðsins á flugvelli í París þennan dag árið 1961 og bað um hæli í Frakklandi. Hinn 23 ára dansari hljóp í gegnum öryggishlið og hrópaði, „ég vil vera frjáls“. Talið er að tveir rússneskir öryggisverðir hafi komið á tal við Nureyev, sem var á leið til London á þessum tíma ásamt Kirov-balletthópnum. Þeir eiga að hafa sagt honum að hann ætti að fljúga aftur heim til Rússlands í stað þess að fylgja hópnum til Englands. Þegar þeir ætluðu að fylgja honum að vélinni lagði Nureyev á flóttu.



RUDOLF NUREYEV

Honum var þegar í stað veitt bráða-birgðahæli og á innan við viku frá brotthlaupinu var hann kominn á samning í París. Hann sneri aldrei aftur til Rússlands heldur settist að á Vesturlöndum og varð heimsfrægur. Hann er af mörgum álitinn besti karlballettdansari tuttugustu aldarinnar. Á áttunda áratugnum kom Nureyev fram í nokkrum kvikmyndum og árið 1983 var hann ráðinn stjórnandi Óperuballettsins í París. Nureyev lést í janúar 1993 úr alnæmistengdum sjúkdómi. Að eigin ósk var hann grafinn í rússneska kirkjugarðinum í nágrenni Parísar.



SVEINN BJÖRNSSON RÍKISSTJÓRI ÁSAMT GÍSLI SVEINSSYNI, FORSETA ALPINGIS Myndin er tekin að morgni 17. júní 1944, daginn sem þriggja ára ríkisstjóra-tímabili Sveins lauk og hann varð forseti lýðveldisins.

SAUTJÁNDI JÚNÍ: 65 ÁR FRÁ KJÖRI RÍKISSTJÓRA

Ekki formleg þjóðhátíð

Sautjándi júní er fyrir margar sakir merkilegur dagur. Áður en lýðveldið var stofnað var hann stundum valinn fyrir stór tímamót, eins og árið 1941 þegar Sveinn Björnsson var kjörinn ríkisstjóri Íslands. Sveinn tók þar við skyldum Danakonungs eftir að Danmörk hafði verið hertekin af Þjóðverjum.

„Embætti og verkvið ríkisstjóra var formlega eins og konungs með sömu skyldum og sama valdi,“ segir Helgi Skúli Kjartansson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Hann segir að þó hafi orðið breyting á hlutverki þjóðhöfðingjans því Sveinn Björnsson hafi verið innlendir stjórnmalamaður sem beitti sér meira en konungur hefði nokkurn tíma gert. „Sérstaklega átti þetta við um stjórnarmyndanir, ekki bara myndaði hann einu utanþingsstjórn Íslandssögunnar heldur var hann miklu virkari leiðtogi við aðrar stjórnarmyndanir en konungur hafði verið áður.“

Sveinn Björnsson gegndi embætti ríkisstjóra í slétt þrjú ár og var kjörinn forseti lýðveldisins þennan sama dag árið 1944. Að sögn Helga urðu engar skyndilegar breytingar á stjórnun Sveins þegar hann skipti um embætti. „Hann þokaðist kannski í þá áttina að beita sér ekki jafn ákveðið gagnvart stjórnmalaföringjunum. En það gerðist ekkert sérstaklega við það að hann tók við forsetaembættinu.“

Helgi segir enga tilviljun hafa ráðið því að sautjándi júní var valinn fyrir ríkisstjórakjör. „Afmælisdagur Jóns Sigurðssonar hafði áður verið valinn fyrir hátíðleg tilefni, til dæmis fyrir stofnun Háskóla Íslands árið 1911. Hann var ekki orðinn formlegur þjóðhátíðardagur, en í Reykjavík voru alltaf hátíðahöld, skrudganga íþróttamanna, íþróttamót, og stúdentar útskrifaðir frá Menntaskólanum. Árið 1941 var 17. júní síðasti starfsdagur Alþingis. Kjör ríkisstjóra fór fram á sérstökum hátíðarfundum að viðstödd-

um boðsgestum, og síðan var athöfn við leiði Jóns Sigurðssonar áður en nýkjörinn ríkisstjóri sleit Alþingi.“



HELGI SKÚLI KJARTANSSON PRÓFESSOR Að sögn Helga var haldinn sérstakur hátíðarfundur til að kjósa Svein ríkisstjóra.



BÝFLUGAN LIFIR GÖBU LÍFI Þessi bandaríska býfluga gerir sig líklega til að byrja góða máltíð í safaríku blómi. Stofnsystur hennar hælendis eru ekki eins heppnar með tíðarfarið.

Flóttamenn á 17. júní

Alþjóðadagur flóttamanna er haldinn um allan heim hinn 20. júní. Í dag, 17. júní, munu Rauði kross Íslands og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna halda sameiginlega upp á alþjóðadaginn. Þykir vel við hæfi að nota þjóðhátíðardaginn til að vekja athygli á mállefnum flóttamanna og hælisleitenda hælendis sem vegna stríðsátaka, ofsókna eða ofbeldis hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín, fjölskyldu og ættjörð.

Vilja Rauði krossinn og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna halda á lofti þeirri staðreynd að flóttamenn eru ekki aðeins fórnarlömb, heldur koma



ÚR FLÓTTAMANNABÚÐUM Í SÚÐAN Um allan heim neyðist fólk til að yfirgefa heimili sín, fjölskyldu og ættjörð.

með mikinn mannaúð og lífga upp á menningu þeirra landa þar sem þeir setjast að. Fulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Kristina Rodriguez, er stödd hér á landi í tilefni þess að dagurinn er haldinn hátíðlegur

hér í fyrsta sinn og mun hún kynna starfsemi stofnunarinnar.

Boðið verður upp á ljósmyndasýningu, leiki og fræðsluefni í sérstöku tjaldi í Mæðragarðinum í Lækjargötu milli klukkan 14 og 18 í dag.



Þjóðhátíð í Reykjavík 17. júní 2006

- Kl. 09:55**
Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík
- Kl. 10:00**
Í kirkjugarðinum við Suðurgötu
 Forseti borgarstjórnar leggur blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar
- Kl. 10:40**
Hátíðardagskrá á Austurvelli
 Ávörp: Anna Kristinsdóttir og Geir H Haarde
 Forseti Íslands leggur blómsveig að minnisvarða Jóns Sigurðssonar
 Ávarp fjallkonunnar
 Lúðrasveit verkalýðsins
 Karlakórinn Fóstbræður
- Kl. 11:20**
Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
- Kl. 13 - 17**
Tjörninn og umhverfi
 Í Hjómuskálagarði verður Skátaland með leiktæki
 Í Hallargarði verður Sumargrín ÍTR
 Ókeypis er í leiktækin í gördunum
- Kl. 13 - 16**
Akstur fornbíla og sýning á Miðbakka
- Kl. 13**
Verðlaun menntaráðs Reykjavíkur veitt í Ráðhúsi
- Kl. 13:40**
Skrúðganga frá Hlemmi
Skrúðganga frá Hagatorgi
- Kl. 14 - 18**
Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli
 14:00 Birta og Bárður
 14:10 Skoppa og Skríttla
 14:25 Alina. Sjónleikhúsið
 14:40 Nú skyldi ég hlæja...
 Nemendaleikhúsið
 14:55 Solla og Halla úr Latabæ
 15:15 Mídas konungur.
 Leikhópurinn Perlan
Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Bilstjórar.**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára 12.**

Óskum eftir að ráða bilstjóra í kvöld og helgarvinnu. Góðir tekju-
möguleikar, ekki yngri enn 18 ára.
Upplýsingar í síma 822 8840
Upplýsingar í síma 822 8840
eða á staðnum.

Dagræstingar

Leitum starfsfólki til ræstingar
yfir daginn, frá 8.00 til 17.00.
Um er að ræða full eða hálf
störf á höfuðborgarsvæðinu.
Ráðning fljótlega.
Upplýsingar á www.hreint.is
eða hjá Hreint ehf, s. 554-6088



Domino's Pizza óskar eftir starfsmönnum í fullt starf og í hlutastarf. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga. Áhugasamir sækja um á www.dominos.is

Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16, 111 Rvk.

Leikskólinn Ösp óskar eftir leikskólakennara í deildarstjórastöðu og leiðbeinanda í sumarstarf sem fyrst.

Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 557 6989 & 849 5642 Svanhildur.

Uppákomur

Erum að leita að hæfileikaríku fólki/trúðum sem kann að skemmta yngstu kynslóðinni fyrir fjölskylduparadísina Eden. Æskilegt er að viðkomandi sé skemmtilegur/en ekki skilyrði.



Sendu póst á eden@studioparadis.is

Atvinna.

Verslun með hjólbarða og skyldar vörur vantar mann til afleysinga í júlí og ágúst. Starfið felst í símsvörun, móttöku pantana, afgreiðslu og annari sölutengdri starfsemi. Lipurð í samskiptum, samvirksemi og sjálfstæð vinnubrögð nauðsynleg. Hringið í síma 893 3081 eða sendið póst á sala06@visir.is

Hringið í síma 893 3081 eða sendið póst á sala06@visir.is

Skemmtileg og lærdómsrík störf!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

Pallar ehf.

Lítið og traust fyrirtæki óskar eftir að ráða smíð vinnu. Uppl. í s. 898 0101 Ómar & 694 3140 Hjálmar.

Helgarvinna í boði:

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar um helgar. Leitað er að samvirksum og stundvísam einstaklingum. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið birgir@egils.is fyrir 20. maí eða hafi samband í síma 821 9010.

Vantar fólk í jámbindingar, næg vinna framundan. S. 660 6155.

Óskum eftir smíðum vönum mótum. Uppl. í s. 822 1660 & 822 1662

Óskum eftir að ráða rafvirkja eða rafvirkjanema í framtíðarstarf sem allra fyrst. Góð laun í boði. Uppl. gefur Jón í s. 821 0881.

Veitingahús

Starfskraftur óskast í ca. 80% vinnu. 8 morgunvaktir frá kl. 7-14 og 12 dagvaktir frá kl. 12-19 Ca. 140 klst í mán. Upplýsingar í síma 843 9950 & 898 2975.

Smíði eða mótaflokk vantar í uppslátt á ca. 500 m² húsnæði á svæði 105. Uppl., Sigurjón sími 551 6200 og 899 5660

Óska eftir bilstjórum á 4 öxla vörubíl, helst vanan. Uppl. í s. 893 7320.

Smíði vantar til frágangs á nýju bátaskýli í Hafnarfirði utan og innan. Carpenters needs to finish a new boat-house in Hafnarfirði outwards an inwards. Upplýsingar í síma 894 7016.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna dragnótarbát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar yfirvélstjóra á 70 t bát sem er á humarveidum. Uppl. í s. 892 5522.

Atvinna óskast

19 ára strákur óskar eftir sumarvinnu. Talar r.b. frönsku og góða ensku. Uppl. í s: 6961916

Fandals-lagnir ehf, getum bætt við okkur verkefnum. S. 691 5698.

Viðskiptatækifæri

Fallegt vipskiptatækifæri! Plús alvörukennsla. www.voxtur.com

Færð þú sanngjörn laun fyrir þitt vinnuframlag? Ertu sátt/ur? olafuro@btnet.is

TILKYNNINGAR**Fundir****Hluthafafundur STOKE HOLDING S.A.**

Verður haldinn á Grand Hotel þann 22. júní 2006 kl. 17.00. Ásamt venjulegum aðalfundarstörfum og kosningu stjórnar verður umræða um sölu á Stoke City F.C.
Stjórn Stoke Holding S.A.

Ýmislegt

Hvalbein óskast, og munir tengdum hvólum. Uppl. í s. 899 8550.

Einkamáll

Spennandi þjónustur í símanum þínum!

Bókasafnið
905-2333
515-8888
515-8800

Stefnumót
905-2323

Topp 10 kvöldsogur
905-2266

G-línan
905-5656

905-2580

Sjallrasin 1+1

Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555

langlifasta sjallrás á Íslandi

Símastefnumót... 905-2200
Rómó-stefnumót... 905-5555



Skoda Fabia 1.4. árg '00. Sparneytinn, topp viðhald. sk. '07. V. 715 þús. v.dekk fylgja. Engin skipti. s. 847 2109.

Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2222. Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringinn, engin bið..

Nudd

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Engar skuldir - Hæri tekjur

Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Fallegra útlit og betri líðan. Ólafur, ShapeWorks ráðgjafi. S. 696 7380 olafuro@btnet.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ATVINNA**Talía – Loftbrú**

Talía – Loftbrú er samstarfssamningur milli Reykjavíkurborgar, Icelandair, Glitnis, Félags íslenskra leikara (FÍL), Félags leikstjóra á Íslandi (FLÍ) og Félags leikskálda og handritshöfunda (FLH) um Talíu – Loftbrú Reykjavíkur til þess að styðja við bakið á framsæknum leikurum, dönsurum, söngvurum, leikmynda- og búningahöfundum, leikstjórum og leikskáldum sem hefur verið boðið að sýna list sína á erlendri grund. Til að geta fengið úthlutun úr Talíu þurfa umsækjendur að vera fullgildir félagar í FÍL, FLÍ eða FLH og leggja fram tilskilin gögn er staðfesti boð um þátttöku í leiklistarviðburði erlendis. Styrkir eru veittir í formi flugmiða til áfangastaða Icelandair í Evrópu eða Ameríku og yfirvigtar auk kr. 12.500 fyrir hvern þátttakanda.

Hér með er auglýst eftir umsóknum vegna verkefna sem hefjast á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2006. Umsóknarfrestur er til 30. júní 2006 og síðan ársfjórðungslega.

Umsóknum skal fylgja: ítarleg og greinargóð lýsing á verkefninu, upplýsingar um sýningu, sýningarstað, dagsetningar, staðfesting ábyrgðarmanns verkefnisins í því landi sem það fer fram eða annað það sem við á hverju sinni. Mikilvægt er að hafa umsóknina vandaða, skýra og hnitmiðaða. Ef sótt er um styrk fyrir fleira en eitt verkefni, skal fylla út sér eyðublað fyrir hvert verkefni fyrir sig. Styrkþegar undirgangast skuldbindingar gagnvart sjóðunum samkvæmt sérstökum samningum sem gerðir verða í kjölfar úthlutunar og kveður m.a. á um að styrkþegum beri að skila stuttri greinargerð um notkun styrksins. Sjóðurinn er ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum og styrkir ekki verkefni sem framleidd eru og styrkt verulega af opinberum aðilum.

Umsóknareyðublað, stofnskrár og reglur um úthlutun er að finna á heimasíðu FÍL www.fil.is, www.leikstjorar.is og www.leikskald.is. Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu FÍL fil@fil.is s. 552-6040. **Umsóknur skal skilað til skrifstofu FÍL, Lindargötu 6, 101 Reykjavík eigi síðar en 30. júní 2006, pósthúsið gildir.**

póst húsið

Pósthúsið ehf
Suðurhraun 1
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is


Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og póst, **um helgar**, milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

Laus hverfi um helgar:	105-60	Engihlíð Mjóahlíð Reykjavíki
101-03	Fjölneisvegur Sjafnargata	105-65 Háteigsvegur
101-07	Amtmannsstígur Bókhöðustígur Hallveigarstígur Ingólfsstræti Skólastræti	105-66 Rauðarárstígur Vífilsgata
101-08	Skólavörðustígur	107-04 Hofsvallagata Melhagi
101-15	Klapparstígur Skúlagata	107-05 Víðimelur
101-16	Grettisgata Klapparstígur	107-08 Grímshagi Tómasarhagi
101-27	Eggertsgata	107-10 Fálkagata
101-35	Hofsvallagata Hringbraut	107-18 Eiðistorg Öldugrandi
101-37	Hólavallagata Suðurgata Tungata	107-20 Boðagrandi
101-39	Bjarkargata Hringbraut Suðurgata Tjarnargata	107-24 Framnesvegur Lágholtsvegur
101-47	Laugavegur	107-35 Einimelur Neshagi
101-51	Hlemmur Hverfisgata	107-36 Fornhagi Hjarðarhagi
101-54	Týsgata Óðinsgata	107-37 Tómasarhagi
101-58	Garðastræti	107-38 Kaplaskjólsvetur
101-60	Bjarnarstígur Kárástígur Skólavörðustígur	108-03 Safamýri Starmýri
101-62	Vatnssstígur Veghúsastígur	108-05 Fellsmúli Háaleitisbraut
101-65	Eggertsgata	108-12 Akurgerði Grundargerði
101-73	Ljósvallagata Ásvallagata	108-22 Austurgerði Byggðarendi Lítlagerði Skógargerði Tunguvegur
101-77	Bræðraborgarstígur Tungata	108-32 Bjarmaland Brautarland Brúnaland
101-80	Grettisgata Vitastígur	108-41 Kjarvegur Markarvegur
101-82	Bankastræti Laugavegur Skólavörðustígur	108-46 Seljaland Snæland
103-01	Efstaleiti Miðleiti Ofanleiti	108-48 Giljaland Goðaland
104-12	Skipasund	108-49 Kvistaland Kúrland
104-22	Eikjuvogur Gnoðarvogur	109-07 Bláskógur Dynskógur Skógarsel Árskógur
104-23	Goðheimar	109-09 Akrasel
104-26	Dalbraut Selvogsgrunn Sporðagrunn	109-22 Skagasel Skriðusel Steinasel Stekkjarsel
104-37	Karfavogur Nökkvavogur	109-27 Stafnasel Stallasel Stapasel Staðarsel
105-01	Bollagata Guðrúnargata Miklabraut	109-28 Dalsel
105-04	Háteigsvegur	109-46 Fremristekkur Gilsárstekkur Hólástekkur Urðarstekkur
105-05	Mánagata Rauðarárstígur	110-01 Fagribær Glæsibær Heiðarþær Ystibær
105-07	Flókagata	110-02 Hlaðbær Háabær Vorsabær Þykkvibær
105-20	Eskihlíð	110-03 Hraunbær
105-21	Miklabraut	110-15 Laxakvísl Reyðarkvísl
105-24	Miðtún Samtún	110-20 Hraunbær
105-32	Laugarnesvegur	110-25 Hraunbær
105-35	Brekkulækur Dalbraut Rauðalækur	110-28 Bröndukvísl Fiskakvísl Stangarhylur
105-51	Auðarstræti Gunnarsbraut Snorrabraut	
105-59	Mávahlíð	

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



TRYGGDU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MED **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

**GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT**

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíftjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt funkishús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaibúð í 101 Reykjavík

Tannlæknastofa Hafnarfjörður

Tanntæknir / aðstoðarmanneskja óskast á tannlæknastofu í Hafnarfirði. Um er að ræða framtíðarstarf, hálfan daginn, kl. 13-17. Menntun / reynsla er æskileg, en ekki skilyrði. Umsækjandi þarf að geta hafið störf í ágúst. Umsóknir skulu berast á tannlæknastofuna fyrir 19. júní.

Tannlæknastofan Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfjörður.
Einar Kristleifsson, tannlæknir.
Guðmundur Rúnar Ólafsson, tannlæknir.

Vélstjóri óskast til afleysinga á togbát Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 898-1103.

Meiraprófsbílstjóri óskast



AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra. Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútvögi 7, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is

Upplýsingar gefur Ársæll í síma 693-5620



Aðalfundur Félags landeigenda í Vaðnesi

Aðalfundur F.L.Í.V. árið 2006 verður haldinn að Borg í Grímsnesi, laugardaginn 1. júlí 2006, kl. 14:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 2. Önnur mál
- Kaffiveitingar að lokinni dagskrá.

Aðalfundur Hitaveitu Vaðness verður haldinn eftir kaffihlé.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og ræða málefni félagsins. Nýir félagar eru hjartanlega velkomnir.

Stjórn Félags landeigenda í Vaðnesi



Aðalfundur:

Aðalfundur Húsnæðissamvinnufélagsins Búseta á Akureyri verður haldinn í samkomsalnum í Alþýðuhúsinu Skipagötu 14, 4. hæð, fimmtudaginn 29. júní 2006 kl. 20.30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Stjórn Búseta hsf. á Akureyri.



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Viltu vera í okkar liði?



Þetta erum við!

- Samheldin
- Áhugasöm
- Sveigjanleg
- Heiðarleg
- Blátt áfram
- Skemmtileg



Á
þetta
við um
þig?

IKEA er ein stærsta húsgagnakeðja í heiminum og rekur 235 verslanir í 34 löndum. Síðan IKEA var stofnað í Svíþjóð árið 1943 hefur fyrirtækið mótað árangursríka hugmyndafræði sem grundvallast á tengslum við sænskan uppruna IKEA og hugsjónir stofnandans, Ingvar Kamprad. Í dag er IKEA vörumerkið eitt af stærstu og þekktustu vörumerkjum á heimsvísu.

Hugmyndafræði IKEA er að gera daglegt líf fólks þægilegra. Það er gert með því að bjóða upp á breitt úrval af vel hönnuðum og hagnýtum húsbúnaði á svo lágu verði að allir hafi efni á að kaupa hann.

IKEA á Íslandi hefur starfað frá árinu 1981 og vaxið síðan þá í að vera ein stærsta húsgagnaverslun á landinu. Fyrirtækið er enn að vaxa og í haust flytjum við í nýtt og stærra húsnæði við Urriðaholt í Garðabæ. Þess vegna þurfum við að bæta við okkur starfsfólki í framtíðarstörf.

Fjölbreytt störf í boði og sveigjanlegur vinnutími:

- **Sölufulltrúar í Smávörudeild/Húsgagnadeild**
starfið felst meðal annars í ráðgjöf, almennri sölu og aðstoð við viðskiptavinum
- **Ræstingafólk**
starfið felst meðal annars í þrifum í verslun og skrifstofum, vaktavinna

- **Umsjón barna í Smálandi**
starfið felst meðal annars í umsjón, skráningu og móttöku barna ásamt eftirliti og gæslu, aðeins 25 ára og eldri koma til greina

Hjá IKEA vinna nú yfir 200 manns í fjölbreyttum störfum og býður fyrirtækið upp á starfsumhverfi fyrir skapandi fólk, þar sem möguleiki er til að þróast og vaxa. Hvort sem unnið er sjálfstætt eða saman, þá er tekist á við ábyrgð og starfsfólki gefið tækifæri á að vaxa með IKEA í góðu starfsumhverfi.

Umsóknnum skal skila á þar til gerðu umsóknareyðublaði á vefsíðu, á netfangið magnus@ikea.is eða á þjónustuborð IKEA. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 18 ára. Sé sótt um ákveðið starf skal tilgreina það í umsókninni. Nánari upplýsingar veita Magnús Auðunsson í starfsmannahaldi og Róbert Valtýsson, starfsmannastjóri IKEA.



VSSIR ÞÚ...

...að norsk landkönnuðurinn Roald Amundsen varð fyrstur manna til að stjórna leiðangri til norðurlandsins?

...að hann fæddist 16. júlí 1872?

...að upphaflega lofaði Amundsen móður sinni að verða læknir? Þegar hún dó ákvað Amundsen að láta æskudraum sinn rætast og verða landkönnuður.

...að 1897-99 tók Amundsen þátt í belgískum leiðangri til Suðurskautslandsins? Þetta var fyrsti leiðangurinn sem hafði vetursetu þar. Hvert sem það var með vilja gert eða ekki lokaðist skip leiðangursins inni í hafis losnaði ekki fyrr en vora tók.

...að árið 1903 stýrði Amundsen fyrsta leiðangri sínum? Markmið hans var að kanna siglingaleiðina norður fyrir Ameríku, á milli Atlants-hafsins og Kyrrahafsins.

...að leiðangurinn skilaði ekki árangri og fann enga siglingaleið en Amundsen lærði mikið af Inúítum um hvernig átti að lifa af í heimskautumhverfi?

...að næsti leiðangur átti að verða á Norðurlandinu? Amundsen hætti við þau áform er fréttist að Frederick Cook og síðar Robert Peary hefðu báðir komist á pólinn.

...að í dag efast menn stórlega um að Cook og Peary hafi komist alla leið? Engin gögn eða mælingar styðja staðhæfingar þeirra.

...að 14. janúar árið 1911 lagðist leiðangursskip Amundsen, Fram, að Ross-íshellunni við Suðurskautslandið?

...að Ross-íshellan er á stærð við Frakkland?

...að Amundsen var í miklu kapphlaupi við leiðangur Roberts Falcon Scott?

...að þeir fóru ekki sömu leið að pólnum?

...að leiðangur Amundsen var betur búinn og betur skipulagður?

...að Amundsen notaði grænlenka sleðahunda? Grænlenkir sleðahundar er skyldari úlfum en aðrar hundategundir.

...að leiðangurarnir tveir notuðu eins sleða en menn Amundsen breyttu sleðunum þannig að þeir vógu 22 kíló en ekki 75? Það munar um minna.

...að þrátt fyrir að Scott hefði líka hunda notaði hann einnig mongólska hesta (sem fljótlega drápu) og dráttarvélar (sem biluðu enn fyrr)?

...að 14. desember náði Amundsen ásamt 4 öðrum mönnum og 16 hundum á pólinn? Hann skildi eftir lítill tjald og bréf sem skýrði frá afreki þeirra ef vera skyldi að þeir kæmust ekki heim.

...að þeir voru 35 dögum á undan leiðangri Scott?

...að Scott komst á pólinn við illan leik og hefur án efa orðið fyrir gríðarlegum vonbrigðum þegar hann fann tjaldið og bréfið?

...að Scott komst aldrei heim? Hann lést á leið sinni til baka.

...að árið 1926, eftir nokkra leiðangra á norðurskautið, flaug Amundsen yfir norðurlandinu og varð þannig fyrstur allra, svo óvængjanlegt er, að komast á norðurlandinu.

...að 18. júní 1928 lést Amundsen er flugvél hans hrapaði? Hann var í björgunarflugi.



17. júní tilboð

25% afsláttur af öllum
vörum aðeins í dag

Opið frá 12-18



Smáralind • S. 517 5330

KOLAPORTIÐ

OPIÐ

í dag 17. júní
frá kl. 11-18

opið laugardag og
sunnudag frá kl. 11-17

SKÍFAN KYNNIR

ÍSLENSK ÁSTARLÖG



CD

1.899kr.

Íslensk ástarlög

**Andrea Gylfadóttir
Ellen Kristjánsdóttir
Hildur Vala
Ragnheiður Gröndal
Sigríður Eypórsdóttir**

1. Með þér – Ragnheiður Gröndal
2. Við stóran stein – Hildur Vala
3. Perlan – Sigríður Eypórsdóttir
4. Ástin mín ein – Ellen Kristjánsdóttir
5. Sólstafir – Andrea Gylfadóttir
6. Sólón Íslandus – Ragnheiður Gröndal
7. Tunglið mitt – Hildur Vala
8. Sameiginlegt – Sigríður Eypórsdóttir
9. Þú ert mér allt – Ellen Kristjánsdóttir
10. Tvær stjörnur – Ragnheiður Gröndal
11. Sönn ást – Sigríður Eypórsdóttir
12. Ólýsanleg – Hildur Vala
13. Eilíf ást – Andrea Gylfadóttir

**Yfir 150.000
gestir daglega**

**PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS**

FRÉTTABLAÐIÐ

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)



Hvað verður um allar blöðurnar sem svífa upp í loftið, til dæmis á 17. júní?

Ris blöðru

Það er eðli lofts og vökva að leita í það ástand sem hefur lægsta stöðuorku. Þungt loft leitar því niður fyrir léttara loft og léttu loftið verður ofan á. Loft leitar upp úr vatni vegna þess að vatnið er þyngra en loftið, en einnig mætti segja að vatnið leiti niður fyrir loftið. Olía flýtur á vatni vegna þess að hún er eðlisléttari en vatnið. Blöðrur sem eru nógu léttar, til dæmis af því að þær eru fylltar lofttegund sem er eðlisléttari en andrúmsloftið eins og helín, hafa af sömu ástæðu tilhneigingu til að svífa til himins sé þeim ekki haldið niðri.

Flotkraftur og þyngdarkraftur

Talað er um að flotkraftur eða uppdrif togi hlut í lofti, til dæmis blöðru, upp á við. Flotkrafturinn er afleiðing af því að lofthjúpurinn er í þyngdarsviði og stendur krafturinn í réttu hlutfalli við massa þess andrúmslofts sem hluturinn ryður frá sér. Á móti verkar þyngdarkrafturinn sem togar í loftið sem er inni í blöðrunni og jafnframt í blöðruna sjálfa og það sem kann að hanga neðan í henni.

Eðlismassi andrúmsloftsins minnkar eftir því sem ofar dregur. Ef létt blaðra breytist ekkert kemur að því að hún nær þeirri hæð að flotkrafturinn vegna loftsins sem hún ryður frá sér vegur ekki lengur upp á móti þyngdarkraftinum. Blaðran fer þá ekki hærra.

Þan blöðru og hámarkshæð

Þegar blöðrur stíga upp á við dregur úr loftþrýstingi umhverfis þær. Sé efni blöðrunnar teygjanlegt þenst hún út vegna umframþrýstings inni í henni. Rúmmál hennar eykst og þrýstingur inni í henni minnkar. Við þanið eykst flotkrafturinn en þyngdarkrafturinn ekki og blaðran leitar því enn upp á við vegna þansins. Blöðrur sem geta þanist út komast því að öðru jöfnu hærra en þær sem þenjast lítið sem ekkert.

Ef blaðran sjálf er massalaus og dregst hvorki saman né þenst út nær hún um 16 kílómetra hæð sé hún fyllt með helíni. Ef gert er ráð fyrir að blaðran sjálf vegi 5 g og sé blásin út í 30 cm að þvermáli nær hún ekki nema helmingi þeirrar hæðar. Sé þessi sama 5 g þunga blaðra þannig gerð að hún geti tvöfaldað þvermál sitt á leiðinni upp næst ekki jafnvægi milli flotkrafts

og þyngdarkrafts fyrr en komið er í um 18 km hæð.

Ris blöðru og lofthiti

Vegi blaðra með þessu þvermáli 15 g stígur hún ekki upp miðað við algengan lofthita á Íslandi í júnímánuði, sem er um 11°C. Samhengi er milli eðlismassa lofts og lofthita þannig að því kaldara sem er, þeim mun þyngrri þarf blaðran að vera til að haldast niðri við jörðu. Flotkrafturinn er með öðrum orðum meiri í köldu lofti en hlýju. Sé lofthiti 25 stig þarf blaðran og það sem í henni hangir ekki að veiga nema rúm 14 g til að haldast niðri við jörðu. Sá sem heldur upp á 17. júní á Suðurskautslandinu í 40 stiga frosti þarf á hinn bóginn að hafa blöðruna um 18 g til að hún svífi ekki út í buskann.

Þrýstingsmunur og efni blöðru

Venjulegar helínblöðrur, sem eru til dæmis seldar 17. júní, geta þanist mjög mikið. Þegar blaðran stígur upp á við má því ætla að fljótlega myndist verulegur þrýstingsmunur milli loftsins í blöðrunni og utan hennar. Blöðrurnar eru ekki sterkar og viðbúið að þær láti fljótt undan þrýstingnum, fari að leka eða springi og falli niður.

Sterkar blöðrur úr teygjanlegu efni sem geta þanist mikið ná mun lengra upp á við en þjóðhátíðarblöðrurnar. Slíkar blöðrur bera daglega veðurmælitæki upp í 20-30 km hæð áður en þær springa. Háloftavindar geta síðan borið mælitækin og leifarnar af blöðrunni tugi kílómetra frá þeim stað þar sem blöðrunni var sleppt áður en þyngdarkrafturinn skilar leifunum til jarðar.

Þyngd og efni blöðru ákvarða hámarks-hæð

Flestar helínblöðrurnar springa og falla niður, en þyngd þeirra og eiginleikar efnisins sem í þeim er ákvarða hversu hátt þær ná. Kann að hefur verið hversu hátt blöðrur af ýmsum gerðum gætu náð áður en þær springa eða ná jafnvægi og hætta að stíga. Í ljós kom að blöðrurnar sem notaðar voru þöndu aðstæður sem samsvara allt frá 400 m upp í tæplega 11 km hæð yfir jörðu. Efni blaðrana réð mestu um hversu hátt þær gátu náð, en eins reyndist vera verulegur munur á blöðrum sem voru þó úr sama efni og jafnpungar.

Hrafn Guðmundsson veðurfræðingur og Haraldur Ólafsson veðurfræðingur



Guðjón Valur handboltamaður

PUMA®

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÓVISSUTÍMAR Í EFNAHAGSMÁLUM

Kaupmáttarskerðing er fyrirsjáanleg. Verðbólguhraðinn er um 16 prósent og hefur ekki verið svo mikill frá því fyrir 1990. „Óvissutímar,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, í samtali við Guðrúnu Helgu Sigurðardóttur. Almennigur óttast þróunina í efnahagsmálum og verkalýðshreyfingin vill fá tryggingu fyrir því að það takist að verja kaupmátt fólks.

Samningaviðræður hafa staðið yfir síðustu vikur milli aðila vinnu- markaðarins með þreifingum innan ríkisstjórnarinnar um það hvernig megi leysa þann vanda sem fyrirsjáanlegur er í efnahag þjóðarinnar. Ýmislegt hefur komið til umræðu og má búast við að málið skýrist betur um miðja næstu viku þegar ríkisstjórnin hefur lagt fram tilboð sitt og verkalýðshreyfingin getur tekið afstöðu til þess. En um hvað er rætt?

Allt að 5,5 prósent

Fulltrúar lands sambanda ASÍ áttu fundi með Samtökum atvinnulífsins í síðustu viku þar sem þeir fengu skýringar á tilboði Samtaka atvinnulífsins. Tilboðið hljóðaði upp á 12 þúsund króna launahækkun yfir línuna og tvö prósent í viðbót til þeirra sem ekki hafa fengið neitt launaskrið undanfarið ár. Heildarhækkunin yrði því 4,5 prósent þegar 2,5 prósent hækkunin sem kom um síðustu áramót er tekin með.

Þó tilboðið hafi í eðli sínu verið einfalt þá hafa komið upp ýmis álitæfni og hafa spurningarnar til dæmis snúist um það hvernig 9,4% Janúar 2002 tilboðið kemur út gagnvart mismunandi launakerfum, ákvæðisvinnukerfi, bónusvinnukerfi og launakerfi sem hafa þróast í fyrir- og starfsgreinum. Um spurningum telja menn sig nú hafa fengið fullnægjandi svör. Það er þó langt í land ennþá. Bæði hefur verkalýðshreyfingin látið í ljós óskir um krónutöluhækkun upp í 15 þúsund krónur og prósentuhækkun þannig að heildarhækkunin verði allt að 5,5 prósentum. Þá hefur ríkisvaldið ekki sent frá sér neitt tilboð en væntingar eru um að það berist um eða eftir helgina þannig að hægt verði að reikna út ávinninginn og taka afstöðu til þess um miðja vikuna.

Parf eitthvað til viðbótar

Ríkisstjórnin hefur lýst yfir opin-

berlega að hún fallist á hækkun barnabóta og breytingar á vaxta- bótakerfinu í samræmi við hækkandi fasteignaverð síðustu misseri en hafnað kröfu um nýtt og lægra skattþrep fyrir lágtekju- fólkið. Talað er um að hækka skatt- leysismörkin um næstu áramót. Nýtt skattþrep hefur lengi verið eitt af baráttumálum ASÍ og segir Halldór Grönvold, aðstoðarfram- kvæmdastjóri ASÍ, að ekki hafi verið tekin afstaða til þess innan hreyfingarinnar hvort hærri per- sónuafsláttur gæti komið til greina í staðinn.

„Við teljum að nýtt og lægra skattþrep sé skynsamleg niður- staða en ef þessi leið á að koma til álita þarf að vera tryggt að það komi eitthvað til viðbótar við þá hækkun sem fyrirsjáanleg er hvort sem er. Ef þessi leið verður farin þarf að vera tryggt að skatt- leysismörkin hækki umtalsvert að raungildi,“ segir Halldór.

Rætt er um fleiri atriði, til dæmis að styrkja vinnu- markaðinn, fyrst og fremst með alþjóða- væðinguna í huga og aukna starf- semi erlendra fyrirtækja hér á landi, þannig að erlend fyrirtæki virði hér reglur og lög og að launa- fólk, sem kemur hingað til starfa, njóti þeirra réttinda og kjara sem gilda á vinnu- markaði hér. Auk þess hefur verið rætt um hvernig öryrkjar, ellilífeyrisþegar og atvinnulausir gætu fengið hlíð- stæðar kjarabætur og á vinnu- markaði.

Halldór segir að til að sam- komulag náist og kjarasamningar verði bundnir út árið 2007 sé mikilvægt að það takist að efla trú samfélagsins á því að stjórnvöld- um takist í raun og veru að draga úr verðbólgu og koma á stöðug- leika. Ávinningur af samningum brenni ekki upp á verðbólguþáli.

Eins prósent lækkun tekjuskatts

Einar Oddur Kristjánsson, vara- formaður fjárlaganefndar alþingis, hefur fylgst með viðræðum Samtaka atvinnulífsins og Alþjóða- sambands Íslands. Hann gerir sér vonir um að ríkisstjórnin geti lagt veruleg lóð á vogarskalarnar til þess að samningar takist. „Það er afar brýnt og þýðingarmikið og getur haft verulega þýðingu fyrir framvindu mála á næstu misser- um á Íslandi að þessir samningar takist,“ segir hann.

Þegar Einar Oddur er beðinn um að meta hvernig samkomulag gæti litið út telur hann að í stað tveggja prósent lækkunar á

1,4% Janúar 2003

tekju- skatti um áramót gæti komið til greina að lækka tekjuskattinn um eitt prósent og hækka í staðinn skattleysismörk. „Það er drýgra og betra fyrir lág- launamanninn og ég get séð fyrir mér að menn gætu náð samkomu- lagi um slíkt,“ segir hann.

Einar Oddur telur að ríkis- stjórnin hafi jákvætt viðhorf varðandi hækkun barnabóta og að



TÍMINN ER NAUMUR Verðbólgan er átta prósent og verðbólguhraðinn um 16 prósent. Svo mikill verðbólguhraði hefur ekki sést í mörg ár. Horfurnar eru ógnvænlegar og nauðsynlegt að gripa strax til ráðstafana, að mati verkalýðshreyfingarinnar og varaformanns fjárlaganefndar Alþingis. Hætta er á að kaupmáttur fólks minnki verulega og að láglaunafólkið eigi ekki fyrir salti í grautinn.



EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON „Menn trúðu Seðlabankanum,“ segir Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar Alþingis, um ástæðuna fyrir því af hverju ekki var búið að bregðast við efnahagshorfum þjóðarinnar fyrir löngu.



HALLDÓR GRÖNVOLD „Við teljum að nýtt og lægra skattþrep sé skynsamleg niður- staða,“ segir Halldór Grönvold, aðstoðar- framkvæmdastjóri ASÍ. Ef skattleysismörk verða hækkuð telur hann nauðsynlegt að tryggja að þau hækki umtalsvert að raun- gildi.

viðmið varðandi vaxtabætur verði hækkuð í takt við hækkunir á fasteignaverði á undanförunum misserum. Hann telur líka að ekki verði komist hjá því að taka á málefnum íbúðalána- sjóðs og þá helst þannig

ad hámarks- lán sjóðsins verði lækkuð niður í það sem þau voru áður fyrir svo utan vaxta- lækkun.

Ábyrgðarleysi hjá sveitarfélög- unum

Íslendingar þurfa að beita öllum ráðum til að draga úr umsvifum í þjóðfélaginu. Einar Oddur telur að ríkisstjórnin eigi ýmis meðul, til dæmis verði hún að krefja sveitarfélögin um að ganga í takt

með sér. Sveitarfélögin hafi farið óvarlega, til dæmis í launamál- um.

„Sveitarfélögin verða að gera sér grein fyrir að þau bera ábyrgð á sjálfum sér. Tiltölulega fá sveit- arfélög hafa efni á því að hækka launin eins mikið og þau hafa verið að gera. Sveitarfélögin hafa haft forgöngu um þessar launahækkan- ir og það er algjörlega ábyrgðar- laust,“ segir hann.

Einar Oddur telur að ekki verði hjá því komist að fara varlega í fjárlögum næsta árs. Hann segir að miðað við efnahagshorfur sé enginn grundvöllur til þess að ríkið auki að raungildi sammingslauna- eða tekjumillifærslur á næsta ári. „Við verðum að komast í gegnum þá verðbólgu sem við erum að horfast í augu við. Það er bara þyngra en tárur taki að ræða það ef verðbólgan festir sig í sessi. Þá erum við komin í vond mál,“ segir hann.

Einar Oddur vill leggja pening- ana sem fengust fyrir Símapening- gjalddeyrissvarasjóð Seðlabankans og fresta framkvæmdum. Það liggja ekkert á þeim. „Við þurfum fyrst og fremst að gæta okkar í efnahagsmálum. Það er það sem skiptir öllu máli. Hitt getur beðið.“

Einar Oddur leggur til að ríkis- stjórnin afnemi og breyti lögum um ráðstöfun Símapeninganna. Hann telur samning- inn

milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um byggingu tónlistarhúss ótimabæran og fjar- stæðu að ætla sér í þá framkvæmd núna.

Vanmat á ógnarkrafti

Tíminn er naumur, nógu lengi hefur rekið á reiðanum í efnahags- málum. Einar Oddur segir brýnt að slá á væntingar og gera þjóðinni grein fyrir því að horfurnar eru alvarlegar og það verði að bregð- ast við þeim. Ríkisstjórnin mun höfða til bankanna líka og þeir muni bregðast við stöðunni því að

allir eigi mikið undir því að brugg- ist verði rétt og skynsamlega við.

Sama ríkisstjórnin hefur verið við völd nú í mörg kjörtímabil. Hávær gagnrýni hefur verið síð-ustu misseri og því má spyrja af hverju ekkert hefur verið gert. Einar Oddur segir að ýmislegt hafi verið vanmetið í efnahagsmálum. „Það liggur á borðinu að menn vanmátu á sínum tíma hvílíkan ógnarkraft við leystum úr læðingi með því að einkavæða bankana. Það er staðreynd sem við komumst ekki hjá,“ segir hann.

„Ég hef líka gagnrýnt þá linkind sem menn hafa sýnt í þróun launa- mála. Það er engum til gagns að hækka laun umfram framleiðni í samfélaginu. Menn eiga að þekkja það hvaða afleiðingar víxlverkun verðlags og kaups er fyrir samfé- lagið í heild. Við megum ekki falla í þá gryfju. Við sátum í þeirri gryfju okkur til skelfingar í tvo áratugi.“

- En af hverju eru menn að vakna upp við vandan dráum nú?

„Menn trúðu Seðlabankanum. Menn trúðu því að með Seðlabank- anum væri hægt að halda uppi genginu svona 8,0% Júní 2006 lengi. Með því að halda genginu uppi, verð- laginu niðri og vöxtum lágum myndi gengið hægt og rólega leita

ad jafn- vægi sínu og þá væri auðveldara að eiga við verðlags- breytingar. Þetta var boðskapur Seðlabankans í mörg ár,“ svarar Einar Oddur og telur að taka beri aðvaranir erlendra sérfræðinga mjög alvarlega.

„Það á ekki að gera lítið úr þess- um aðvörnum. Ef hlaup kemur aftur í gengið þá horfir ekki vel fyrir okkur og þá er ekki langt í það sem Den Danske Bank sagði. Þess vegna eigum við að taka þessar aðvaranir alvarlega, stíga á stökk og strengja þess heit að það verði aldrei að veruleika sem þeir vörðu við.“

HVAÐA EINKUNN FÆR RÍKISSTJÓRNIN FYRIR HAGSTJÓRNINA?

FRÍDRÍK PÁLSSON
ráðgjafi og hótélhaldari.

„Hagstjórnin hefur verið býsna góð, það hefur verið mikill uppgangur og góð lífskjör en framkvæmda- gleðin hefur verið of mikil. Það reynir á forystu ríkis- stjórnarflokkanna í aðdraganda kosningaárs að taka á verðbólgunni. Það ætti ekki að vera erfitt að slá á þensluna með því að fresta opinberum framkvæmd- um, til dæmis að endurskoða alvar- lega hvort ekki ætti að bæta innviði heilbrigðiskerfisins frekar en að byggja rándýrt stórhýsi undir LSH.“



Einkunn **8.0**

ÖRN RAGNARSSON
verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum.

„Ríkisstjórnin hefur ein- faldlega ekki unnið vinn- una sína. Húsnæðismark- aðurinn er í uppnámi út af lélegri hagstjórn. Verð- bólgunni hefur verið hleypt af stað, til dæmis með opinberum fram- kvæmdum, þegar vel hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir verð- bólgu.“



Einkunn **5.0**

GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON
hafnarstjóri Ísafjarðarhafnar.

„Ríkisstjórnin fær mesta mínusinn fyrir það að missa verðbólguna úr böndunum, annars hefði hún fengið 7,5 fyrir við- leitni. Þeir sem skulda verðtryggð lán og lán í erlendri mynt sjá fram á það að afborganir þynngjast umfram tekjuaukningu. Menn sem taka lán gera áætlanir um það hvernig þeir ætla að greiða þau en þegar hag- stjórnin og verðbólgan fara úr bönd- unum riðlast öll áform.“



Einkunn **5.0**

ÓSK VILHJÁLMSDÓTTIR
fararstjóri.

„Ég gef ríkisstjórninni falleinkunn fyrir stór- iðjustefnu, 15-20 pró- senta verðbólguhraða, óstöðugleika og þenslu. Einkavæðing bankanna var hins vegar skynsam- leg en ekki vel að henni staðið.“



FALLEINKUNN

Dagskrá:

08:00 – 10:00 Þjóðhátíðardegi fagnað, **fánar dregnir að húni.**

10:00 – 12:00 **Blásarasveitir** spila um bæinn. Pallbílar frá Kópavogsbæ aka með brassbönd Skólahljósveitar Kópavogs.

10:00 – 11:00 **Púttmót** félags eldri borgara við félagsmiðstöðina í Gullsmára.

10:00 – 11:00 **17. júní hlaup** fyrir 6-12 ára börn – Kópavogsvöllur. Allir fá verðlaunapening. **Skrúðganga** frá Kópavogsvelli í Digraneskirkju að loknu hlaupi.

11:00 – 12:00 **Fjölskyldusamvera í Digraneskirkju.** Prestar: séra Gunnar Sigurjónsson og séra Magnús Björn Björnsson. Organisti: Kjartan Sigurjónsson. Verðlaunaafhending fyrir 17. júní hlaup. Skólakór Kársness syngur, stjórnandi Þórunn Björnsdóttir. Sigga og skessan í fjallinu – leikbáttur frá Stoppleikhúsinu. Félagar úr brassbandi Skólahljósveitar Kópavogs líta inn í lokin.

13:00 Safnast saman við Menntaskólann í Kópavogi.

13:30 **Skrúðganga** frá Menntaskólanum í Kópavogi að Rútstúni. Heiðursvörður Kópavogslögreglunnar. Skátafélagið Kópar. Skólahljósveit Kópavogs, stjórnandi Óssur Geirsson.

14:00 – 16:00 Hátíðardagskrá:
Bæjarstjóri Gunnar Ingi Birgisson flytur ávarp.
Fjallkonan Andrea Þórhallsdóttir flytur ljóð.
Nýstúdent Víðir Smári Petersen flytur ræðu.
Skólahljósveit Kópavogs flytur ættjarðarlög undir stjórn Óssurar Geirssonar.

17. júní í Kópavogi

Skemmtidagskrá:

Björgvin Franz eftirherma.
Söngvararnir **Davíð Ólafsson** bassi og **Stefán H. Stefánsson** tenór.
Ronja Ræningjadóttir.

Snorri Snorrason Idolstjarna og **Vignir Snær Vigfússon** gítarleikari.
„Nú myndi ég hlæja“ – brot úr íslenskum ævintýrum frá Nemendaleikhúsinu.
Söngflokkurinn **Nylon.**
Leiktæki frá Sprell, hestar, **Kær-leikur** með leiksýningu á litla sviðinu, andlitsmálun og sápukúliveröld. Kaffisala og sölutjöld.

15:00 – 16:00 **Hátíðarkaffi** í félagsmiðstöðinni Gjábakka.
Davíð Ólafsson bassi og **Stefán H. Stefánsson** tenór syngja.
Páll Palomares og **Viktor Árni Árnason** spila í fiðludúói.
Emil Hjörvar Petersen les upp.

16:00 – 16:45 **Síðdegistónleikar** á Rútstúni.
Reynir Sigurðsson, Björn Thoroddsen og **Gunnar Hrafnsson** leika lög eftir Sigfús Halldórsson.

16:00 – 16:30 **Knattspyrnuleikur** á Vallargerðisvelli.
Vináttuleikur í 6. flokk kvenna á milli HK og Breiðabliks.

20:00 – 23:30 **Útítónleikar** á Rútstúni. Kynnir: söngkonan **Margrét Eir Hjartardóttir.**
Hljómsveitir og sigurvegarar í söngkeppni félagsmiðstöðva ÍTK og framhaldsskóla.
20:00 **Ampop.**
21:30 **Kung Fu.**
22:00 **Baggalútur.**
22:30 **Svítabandið.**
23:00



Skemmtilegur skilnaður er happadráttur

Í 10 ár hefur Séð og heyrð fært þjóðinni fréttir af fræga og fallega fólkinu á Íslandi. Snæfríður Inga-dóttir settið niður á Þjóðarbókhöðunni og fletti í gegnum gamla árganga af blaðinu og heyrði í ritstjórnunum sem stýrt hafa þessu vinsælasta slúðurtímariti landsins.

Séð og heyrð er blað sem fáir kannast við að kaupa en flestir eru samt sjúkir í að lesa. Sem mest lesna selda blað landsins er ljóst að Íslendingar hafa afar gaman af því að lesa um skart og kjóla fína fólksins, um skilnaði og ástarlíf fyrirfemna sem og undarlegar lífsreynslusögur. Fyrrverandi ritstjórnar blaðsins, þeir Bjarni Brynjólfsson og Kristján Þorvaldsson, sem ritstýrt hafa blaðinu frá upphafi en létu nýlega af störfum, gefa ekki uppi

leyniuppskriftina á bak við vinsældir blaðsins en líklega sé hún góð blanda af öllu framantöldu. „Sumt fólk seldi vissulega betur en annað. Það var nú löngum sagt að Fjölirnir Þorgeirsson væri ofnotaður en hann gaf nokkuð vel af sér,“ segir Kristján og bætir við að skemmtilegur skilnaður hafi líka oft verið happadráttur.

„Við spegluðum það sem var í gangi og fjölluðum um þá sem mest voru í sviðsljósinu á hverjum tíma,“ segir Bjarni og viðurkennir að blaðið hafi líka ýtt undir vinsældir og frægð sumra. Þar á meðal Fjölris Þorgeirssonar sem oft hefur birst á síðum blaðsins. „Ég er endalaust þakklátur fólki eins og Fjölri, Lindu P. og Svanhildi Hólmi, svona fólk gerir lífið skemmtilegra,“ segir Kristján en þess má geta að eitt söluhæsta tölublað blaðsins skartaði einmitt forsíðu með Lindu P. og Fjölri.

Séð og heyrð væðing forsetaembættisins

Þegar Fróði setti Séð og heyrð á markað fyrir tíu árum hafði álíka blað aldrei verið gefið út á Íslandi. Slúðurbloð, þar sem aðaláherslan var lögð á hið myndræna, höfðu verið gefin út í Skandinavíu og var hugmyndin að blaðinu sótt þangað.

„Ég verð að segja að ég var ekkert viss um að þetta myndi hvellvirkja hér á Íslandi. Ég hélt að Íslendingar væru meiri bókaþjóð og vildu meira lesefni,“ segir Bjarni en annað kom á daginn.

Erlendis þrífast svona blöð að miklu leyti á sögum af kóngafólki og því kemur ekki á óvart að forsetinn og fjölskylda hans hafi oft verið í íslenska Séð og heyrð enda forsetaembættið það sem næst kemst konungsfjölskyldu nágrannaþjóðanna.

„Árið 1996 varð Ólafur Ragnar forseti landsins og á fyrstu forsíðu blaðsins var hann með túrban á höfði. Síðan þá hefur hann fylgt blaðinu og margir hafa talað um Séð og heyrð-væðingu forsetaembættisins og hún er vissulega frekar okkur að kenna en honum. Við höfum auðvitað fylgst grannt með því sem hann hefur verið að bauka enda oft mikill glamúr í kringum það. Íslendingar eru bara eins og aðrar þjóðir þeim finnst gaman að skoða flottar myndir,“ segir Bjarni. Könnun Fréttablaðsins á öllum útgefnum tölubloðum Séð og heyrð sýnir reyndar að forsetafrúin Dorrit hefur skotið Ólafi ref fyrir rass hvað umfjöllun blaðsins varðar því hún er sú persóna sem hefur langoftast birst á forsíðu blaðsins á 10 ára ferli þess. „Við vorum náttúrulega þeir fyrstu til að kynna þessa vinkonu forsetans fyrir þjóðinni og höfðum afar gaman af því,“ segir Bjarni.

Ljósvalakýður og leikarar með hræsni

Ritstjórnir hafa vissulega fengið kvartanir vegna efnisvals en Bjarni segir að slíkt hafi yfirleitt gengið fljótt yfir. „Það er mikil hræsni í gangi gagnvart blaðinu sérstaklega hjá leikarastéttinni og ljósvalakýðnum. Það er langversta liðið að eiga við í þessum bransa,“ segir Kristján. Að hans sögn ber þetta fólk enga virðingu fyrir þessari tegund af blaðamennsku. „Þegar blaðamaður hefur samband að fyrra bragði þá fer þetta fólk í vörn og setur sig í gáfumannastellingar og talar um hvað þetta er ómerkileg blaðamennska. Þessu sama fólki finnst samt alveg sjálfsagt að hafa samband þegar það er að setja nýjan þátt á dagskrá eða er að markaðsetja nýtt

leikrit. Það er sem sagt til í að misnota blaðið þegar því hentar en ata það aur þess á milli.“

„Við höfðum alltaf þá stefnu að ganga ekki nærri fólki. Ef við vorum að hnýsast í einkalíf eða fjalla um skilnaði þá þösuðum við upp á að það væri gert í jákvæðum tóni. Það má því segja að Séð og heyrð hafi aldrei verið meinfýsið blað,“ segir Bjarni og bætir við að allir blaðamenn sem starfa á Íslandi viti að það er mikið plögg í gangi og sumum henti mjög vel að vera í sviðsljósinu. Þannig sé til dæmis Gaui litli og fleiri plöggarar af guðs náð eins og það kallast og því ekki erfitt að fá hann til að pósa nakinn á forsíðunni í einu af jölablaðinu.

„Það sem háir svona blaði er hvað þessi frægðarhringur hér er lítill en samt er hann í sjálfu sér ekkert minni en í nágrannalöndunum. Það eru alltaf einhverjir sem eru heitastir á hverjum tíma og þeir lenda aftur og aftur á forsíðunni.“ Bjarni heldur áfram: „Íslendingar eru líka ákaflega hræddir við það að standa upp úr og tilfinningin er sú að þeir sem eru frægir vilja helst ekki vera það. Þeir eru líka mjög viðkvæmir fyrir umfjöllun. Erlendis er til svo mikils að vinna. Þar vilja allir vera frægir því maður græðir svo mikið á því. Það að vera þekkt andlit erlendis gefur möguleika á auglýsingasamningum og fleiri tækifærum sem minna er um hærlandis.“

Það þýðir þó lítið að fylla upp síðurnar með útlendingum því að sögn Bjarna þá virðast Íslendingar mestan áhuga hafa á sjálfum sér. „Við settum stundum erlendar stjörnur á forsíður fyrstu blaðanna en það var ekki að virka, það má þó vera að þetta sér að breytast núna. Miðað við aðrar þjóðir þá hafa Íslendingar bara áhuga á sjálfum sér því bæði norska og danska Séð og heyrð er oft með erlent efni á forsíðu.“

Jafn vandasöm blaðamennska og önnur

Séð og heyrð hefur líka oft verið kallað slúðurbloð og Bjarna er ekki illa við þann stimpil. „Þó að við höfum ekki verið hreinræktað slúðurbloð þá var stimpillinn ekki svo slæmur því hann ýtti undir forvitni fólks.“ Umfjöllunarefni blaðsins hefur stundum lent í fréttatímum hinna fjölmiðlanna, eins og t.d. fréttir af næturflugi forsetafrúarinnar með Jóni Ásgeiri í fyrra, en blaðið er þó

fyrst og fremst afþreyingarblað.

„Við höfum tekið á ýmsum málum eins og fátækt, vímuefnaneyslu og hinu og þessu sem hefur verið efst á baugi í þjóðfélaginu og birt óteljandi lífsreynslusögur um allt milli himins og jarðar.“

Kristján segir að viðhorf annarra blaðamanna til blaðsins um árin hafi farið í taugarnar á sér. „Við fengum oft þá spurningu frá gáfudrengjum í íslenskri blaðamannastétt hvenær við ætluðum að fara að gera eitthvað af viti. Við vorum hins vegar að gera þetta vel og náðum að sanna að það væri hægt að gefa svona blað út á Íslandi. Ég held samt að eftir því sem aðrir fjölmiðlar hafi þróast í þá veru að þjóna skemmtanagildinu þá hafi þessir kollegar mínir sem rígt hefur upp í nasirnar á smám saman áttað sig á því að þetta er jafn vandasöm blaðamennska og hver önnur.“

Ríkídæmi þjóðarinnar

Þegar ritstjórnir eru spurðir að því hverju Séð og heyrð hafi breytt í íslensku þjóðfélagi þá stendur ekki á svari frá Bjarna.

„Blaðið hefur breytt fréttamatinu, aðallega þá hvað uppsetningu og matreiðslu á efni varðar. Það var t.d. áður en við komum óþekkt fyrirbæri að dagblöðin væru með fyrirsagnir á myndatexta. Öll matreiðsla á efni var mun stífari og lesendur leiddir minna inn í efnið heldur en hjá okkur. Áður en við komum á markað var heldur enginn miðill sem sagði nærgöngular fréttir af fólki þó svo okkar sérstaða hafi samt sem áður aðallega falist í því hvað framsetningin var myndræn, Séð og heyrð er eiginlega sjónvarp í tímaritsformi. Dagblöðin hafa aukið myndræna framsetningu sína til muna og birta oft heilu síðurnar bara með myndum. Einnig þekktist það ekki að heilt tímarit væri prentað í lit og kæmi svona oft út eins og Séð og heyrð. Nú svo má líka segja að við höfum haft þau áhrif að Íslendingar eru ekki lengur eins feimnir við það að vera ríkir. Við opnuðum umræðuna um ríkídæmi þjóðarinnar með því að birta myndir af bíla- og húsa kaupum auðmanna. Eftir því sem ríkídæmi þjóðarinnar hefur vaxið þá er fólk ekki eins feimið við að flagga eigum sínum, en áður voru menn með þetta í felum. Ég held að mörgu leyti að það hvernig við skrifuðum um þessi mál hafi líka gert það að verkum að fólk hafi ekki fundist ástæða til þess að vera í felum með sinn aur.“



Sexý og sætar Séð og heyrt stúlkur

Frá upphafi hefur aftasta síða Séð og heyrt hýst Séð og heyrt stúlkuna. Margar stúlkur hafa prýtt þessa síðu í hinum ótrúlegustu stellingum og mismikið klæddar.

Hlutfallslega fáar af þeim stúlkum sem setið hafa fyrir á öftustu síðu Séð og heyrt hafa náð langt í fyrirsætu-bransanum. Einnhverjar þeirra hafa þó náð langt á öðrum sviðum og þar má helst nefna söngkonuna Birgittu Haukdal sem sat fyrir á síðunni í bláum kjól árið 1997. Myndin var tekin á Ísafirði þar sem hún var að vinna á leikskóla og var ekkert minnst á söng í viðtalinu. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann pósaði í gamaldags náttfötum á síðunni árið 1997 en hún er í dag hvað þekktust fyrir leikritasmíð. Leikkonan



Halla Vilhjálmsdóttir prýddi síðuna sumarið 1998 en þá var hún 16 ára gömul og vann sem lækna-ritari á augnlækningastofu. Halla gerði gott betur en það því hún prýddi síðuna líka um áramótin það sama ár. Leikkonan Nanna Kristín Magnúsdóttir sat líka fyrir á síðunni á sínum tíma, þá var hún nýútskrifuð úr leiklistarskólanum. Söngkonan Rósa Guðmundsdóttir stillti sér upp fyrir ljósmyndara Séð og heyrt þegar hún var 19 ára og talaði þá um dálæti sitt á Madonnu sem hún hafi hitt í partíi hjá Björk. Fatahönnuðurinn Birta Björnsdóttir var meðal annars mynduð í kvöld-



sól á Kanaríeyjum og fyrirsætan Helga Lind Björgvinsdóttir sat fyrir buxnalau og á íþróttatreyju á síðunni þegar hún var 18 ára gömul.

Fyrirsætan Ásdís Rán Gunnarsdóttir hefur sést oft en einu sinni á síðunni, en hún prýddi hana fyrst



19 ára gömul þá stutt-hærð í röff selskinns-fatnaði. Selskinn hefur reyndar verið afar vinsælt á þessari síðu og hefur sést þar í hinum ýmsu myndum, til dæmis í formi baðfata og stuttra pilsa. Þó að flestar þær stúlkur sem setið hafa fyrir á síðunni hafi verið í fáklædd-

ari kantinum þá eru þess líka dæmi að fyrirsæturnar hafi haft meiri fatnað utan á sér en minni. Þannig sat Elva Dögg Melsted, nú blaðamaður á Nýju lífi og Lottó-kynnir, fyrir í jakkafötum og með hatt árið 1998. Birta Flókadóttir, dóttir séra Flóka, sat einnig fyrir í elegant jakkafötum á sínum tíma, reyndar með bera bringu. Listakonan Lína Rut Vilbergisdóttir var glæsileg í fötum frá Spaks manns spjörum á síðunni árið 2000

og Ragnheiður Arngrímsdóttir flugmaður hjá Atlanta pósaði flott og fullklædd við flugvélina sína fyrir nokkrum árum.

„Séð og heyrt stúlkurnar hafa sjaldnast verið mjög fáklæddar, eins og við sjáum í danska Séð og heyrt, þó vissulega hafi verið undantekningar þar á. Þær myndir sem sýnt hafa nekt hafa fyrst og fremst verið valdar út frá listrænu eðli þeirra,“ segir Bjarni.



Árið 1998 var bryddað upp á þeirri nýjung að skipta Séð og heyrt stúlkunni út fyrir strák. Drengurinn sem tók þetta vafasama hlutverk að sér var tvítugur nemandi á skipstjóraþbraut í Fjölbrotaskóla Vestmannaeyja, Reynir G. Pálsson að nafni. „Þetta var

fjallmyndarlegur Eyjapeyi, en einhverra hluta vegna þá fóru ömmur landsins og smástelpur á límingunum og voru ekki sáttar við þessa nýjung því þær vilja máta sig við aðrar konur,“ segir Kristján Þorvaldsson en bætir við að á afmælisárinu hafi blaðið reyndar bæði birt mynd af Séð og heyrt strák og Séð og heyrt stelpu.

Að sögn ritstjórnanna hringdu oft stúlkur inn á blaðið og óskuðu eftir að komast á þessa öftustu síðu blaðsins, en valið á fyrirsættum var alveg sett í hendurnar á ljósmyndurunum. Margrít Þessara stúlkna hafa verið myndaðar oft en einu sinni fyrir þessa síðu, þar á meðal Marín Manda, nú fatahönnuður í Kaupmannahöfn og það sama á við um Kolbrúnu Pálinu Árnadóttur fyrrum fegurðardrottningu og núverandi einkaþjálfara. Helga Kolbeinsdóttir stjórnmálafræðingur hefur einnig setið nokkrum

sinnum fyrir á síðunni en hún sat reyndar einnig fyrir í Playboy á sínum tíma. Tvær stúlkur virðast þó hafa verið í miklu upphaldi hjá ljósmyndurum blaðsins og hafa myndir af þeim birst skuggalega oft á síðunum. Þetta eru þær Harpa R. Arnarsdóttir, sem einu sinni sá um sjónvarpsþáttinn Zink, og Díana Árnadóttir, sem er hvað þekktust í dag fyrir að vera kærasta Annþórs Karlssonar handrúkkara.

ÞESSIR KARLMENN HAFU BIRST OFTAST Á FORSÍÐU SÉÐ OG HEYRT

FJÖLNIR ÞORGEIRSSON ATHAFNAMAUÐUR

Séð og heyrt hefur fylgst grannt með ástamálum Fjölnis í gegnum árin. Samband hans við söngkonuna Mel B. vakti mikla athygli, þá samband hans við fatahönnuðinn Marín Möndu og svo við Lindu P. en tölublaðið sem sagði fyrst frá



fréttum af því sambandi er eitt söluhæsta eintak blaðsins.

ÓLAFUR RAGNAR, FORSETI ÍSLANDS

Sama ár og Ólafur Ragnar tók við forsetaembættinu kom fyrsta tölublað Séð og heyrt út og Ólafur prýddi forsíðu fyrsta blaðsins með appelsínugulan túrban á höfði.



GUÐJÓN SIGMUNDSSON

Gaui litli varð stjarna í þættinum Dagsljós í Ríkissjónvarpinu en blaðið fylgdist með honum löngu eftir hann var hættur á skjánum.



BUBBI MORTHENS

Þessi ástsæli söngvari þjóðarinnar hefur sést í blaðinu við hin ýmsu tækifæri. Meðal annars sagði blaðið frá skilnaði söngvarans við eiginkonuna Brynju og einnig hefur söngvarinn verið áberandi í blaðinu vegna Idol-keppinnar.



JÓN ÓLAFS STÓRKAUÐMAÐUR

Jón Ólafsson hefur oft en ekki poppað upp á forsíðu blaðsins veisluklæddur með eiginkonuna Helgu sér við hlið. Lesendur hafa líka séð hýbýli hans erlendis og önnur auðæfi.



ÞORSTEINN JÓNSSON VIÐSKIPTAMAÐUR

Samband Steina í Kók, eins og hann er oftast kallaður, og hinnar ungu fegurðardísar Önnu Lilju vakti mikla athygli á sínum tíma og fékk gott pláss í blaðinu.



ÞESSAR KONUR HAFU BIRST OFTAST Á FORSÍÐU SÉÐ OG HEYRT



DORRIT MOUSSAIEFF, FORSETAFRÚ

Það var Séð og heyrt sem kynnti þessa dularfullu vinkonu forsetans fyrst fyrir þjóðinni. Síðan hafa myndir af henni oft birst í blaðinu vegna glæsileika, fallegs skarts og kjóla.

LINDA PÉTURSDÓTTIR, FYRRVERANDI FEGURÐARDROTTNING

Linda var kjörin alheimsfegurðardrottning 1988 og í kjölfar þess fór þjóðin að fylgjast með henni. Hún hefur oftast lent á forsíðu Séð og heyrt vegna ástamála sinna, fyrst með skotanum Les, síðan með Fjölni Þorgeirssyni.



TINNA OG DALLA ÓLAFSDÆTUR

Forsetadæturnar komu fram í sviðsljósið við fráfall móður þeirra Guðrúnar Katrínar en þá fóru þær að fylgja föður sínum Ólafi Ragnari í ýmsar opinberar heimsóknir og veislur. Síðan hefur blaðið fylgst grannt með þeim og flutt þjóðinni fréttir af þeim og eiginmönnum þeirra.

BIRGITTA HAUKDAL, SÖNGKONA

Séð og heyrt kynnti Birgittu fyrir þjóðinni sem unga og upprennandi söngkonu. Hún og fyrrverandi kærasti hennar Hanni, birtust oft í blaðinu þegar þau voru saman. Þess má líka geta að Birgitta var á sínum tíma Séð og heyrt stúlkun.



ÁSDÍS RÁN, FYRIRSÆTA

Fyrirsætan Ásdís Rán fór að birtast í Séð og heyrt í kjölfar þess að hún tók þátt í hinum ýmsu fyrirsætukeppnum. Blaðið hefur líka sýnt myndir af henni í líkamsrættaráttaki með fyrrverandi kærasta og innan um Hollywoodstjörnur.



SVAVA ÞORGERÐUR JOHANSEN VERSLUNARKONA

Það var oft glatt á hjá Bolla og Svövu í 17 og hafa þau oft sést þrúðbúin á forsíðu Séð og heyrt. Svava er glæsileg kona og fellur vel undir þá glamúrupskrift sem blaðið hefur unnið eftir.



BLUE LAGOON
ICELAND

Skuldsett þjóð þarf með góðu eða illu að draga úr neyslunni

Óvissa ríkir um framvindu efnahagsmála, en til að ná stöðugleika þyrfti að draga úr hagkerfinu 40 til 50 milljarða króna. Ríkisstjórnin á í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir sem auka eiga líkur á að friður haldist á þeim vígstöðvum. Óli Kristján Ármannsson spurði sérfræðinga hver staða heimilanna væri í öllu þessu.

Skuldir heimilanna nálægt því þrefölduðust frá því sumarið 2004, þegar samkeppni komst á á markaði húsnæðislána, fram til síðustu áramóta. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fóru skuldirnar úr 89 prósentum í 103 prósent og árleg greiðslubyrði lána fór úr 92,8 milljörðum króna í 103 milljarða. Meðallánstími hefur lengst um fimm ár, en greiðslubyrði sem hlutfall af tekjum dregist saman um eitt prósent. Þannig borgar fólk heldur minna þótt það skuldi meira.

Yfirdráttur heimilanna hefur hækkað um 32 prósent frá því hann náði lágmarki í desember 2004 en þá voru væntanlega komin inn að fullu áhrif endurfjármögnunar fólks á húsnæðislánum. Frá því um síðustu áramót hefur yfirdrátturinn svo hækkað um sem nemur fimm prósentum og ef til vill hægt að álykta sem svo að róðurinn sé að þyngjast hjá heimilum landsins.

Verðbólgan breytir byrðinni lítið

Verðbólgan gerir þó að verkum að róðurinn þyngist í heimilishaldi landsmanna. Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir þó að áhrifin af verðbólgunni á greiðslubyrði fólks sem hlutfall af tekjum séu minni en margur kynni að halda. „Ég hef gert á þessu næmngreiningu þar sem hægt er að prófa mismunandi verðbólguþing. Fari svo að hér verði alveg hrikaleg verðbólga verður greiðslubyrðin samt minni en hún var 2000 og 2001 þegar hér kom verðbólgu-skot.“ Hún segir að verði verðbólga heilum fimm prósentustigum meiri en þau átta prósent sem hún gerir ráð fyrir í útreikningum sínum verði áhrifin á hlutfall fólks af ráðstöfunartekjum til afborgana lána innan við eitt prósent. „Og þá gefur maður sér í raun að tekjur rýrni, því í þeim útreikningi er gert ráð fyrir verðbólgu án þess að hækka ráðstöfunartekjur.“


Mikilvægt er að slá á þenslu og væntingar um framkvæmdir, að mati sérfræðinga í efnahagsmálum. Þannig hafa nokkrir haft á orði að glapræði hafi verið af nýjum borgarstjórnarmeirihluta að lofa mislægum gatnamótum Miklu- og Kringlumýrarbrautar

innan tíðar. Hagfræðingar segja margir hverjir að stíga þurfi á bremsuna nú þegar í öllum framkvæmdum og jafnvel kynna til sögunnar aukna skattheimtu til að draga úr eftirspurn. Helst er þar horft til jaðarskatta á borð við virðisaukaskatt en einnig hefur verið nefnt að hækka mætti tryggingargjald sem fyrirtæki greiða. Viðhorfið er engu að síður það að almenningur þurfi að taka á sig skerðinguna, því ekki megi raska samkeppnisstöðu eða rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, þau séu jú undirstaða áframhaldandi velferðar. Af tvennu illu kann þó margur fremur að vilja tíma-bundið greiða hærri skatta, því þar má þó ef til vill sjá á eftir peningunum sínum til einhvers gagns, heldur en að sjá á eftir aurunum í verðbólguhit. Að minnsta kosti ef fólk sér fram á að gripið verði til trúverðugra efnahagsaðgerða. Að þessu miða svo viðræður stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins, en áhersla er lögð á að hert verði á ólinni á sama stað og áður var slakað, það er að breiðari bökin taki á sig skerðinguna meðan hugað verði að kjarabótum fyrir þá sem ekki hafa notið góðærisins til jafns við hina.

Taka þarf peninga úr umferð

Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, hefur reiknað út hversu mikla peninga þyrfti að losa úr hagkerfinu til að ná og viðhalda stöðugleika. „Ég gerði smá útreikning á þessu í byrjun ársins. Það leiddi í ljós að miðað við forsendur síðasta árs hefðu hverjir nú milljarðar í minnkunum ríkis-útgjöldum getað lyft svona 0,70 prósentum af Seðlabankanum. Ef maður svo spáir í hversu mikið eftirspurn þyrfti að minnka til að losa um spennuna í hagkerfinu, þá þyrfti að skoða hversu mikil framleiðsluspennan sé. Ef hún er fimm prósent af landsframleiðslu, sem er þúsund milljarðar þá þyrfti að minnka eftirspurn um 50 milljarða króna,“ segir Tryggvi.

Arnór Sighvatsson, aðalhaf-fræðingur Seðlabankans, segir að síðustu spár bankans geri ráð fyrir framleiðsluspennu sem nemi um fjórum prósentum af landsframleiðslu, en gert er ráð fyrir að hún verði 1.100 milljarðar á þessu



ÁHYGGJURNAR ÞJAKA Flókin staða er uppi í efnahagslífinu. Kjarasamningar eru til endurskoðunar í haust, en til að slá á þenslu og eftirspurn þyrftu stjórnvöld að sögn sérfræðinga að grípa til aðgerða sem tæpast verða vinsælar hjá almenningi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ári. Hann áréttar þó að þarna geti tölum skeikað þar sem eingöngu er um áætlanir að ræða. Samkvæmt útreikningi Tryggva þórs þyrfti því að létta af hagkerfinu 44 milljörðum með einhverjum hætti á þessu ári.


„Þetta er náttúrulega ekki nákvæmt en gæti verið stærðar-gráðan.“ áréttar Tryggvi og bætir við að fleiri leiðir séu færar en niðurskurður einn á framkvæmdum. „Við gætum líka hækkað skatta eða frestað skattalækkunum. Það þýðir þá jafnframt að dregið verði úr eftirspurn.“ Hann segir þó ekki

vænlega leið að hækka aftur skatta á fyrirtækin. „Alls ekki, frekar á einstaklingana. Það væru allt of bjagandi aðgerðir,“ segir hann og telur líka þurfa að slá á væntingar um frekari stóriðju. „Til dæmis mætti gefa út yfirlýsingu um að ekki yrðu hafnar neinar nýjar samningaviðræður um stóriðju næstu tvö árin.“


Meðal annarra framkvæmda sem Tryggvi Þór segir strax eiga að fresta er hátækisjúkrahús, Sundabraut, mislæg gatnamót í Reykjavík og aðrar slíkar. „Svo þarf að skipuleggja hvernig fram-

kvæmdir koma inn aftur þannig að þær setji ekki efnahagslífið úr skordum.“ Hann segir þó ljóst að margur kunni að vera vantrúaður á aðgerðir, sérstaklega í ljósi þess að fram undan sé kosningarár. „En ég held að lífsspursmál sé að koma fram með raunhæfar aðgerðir sem virka ef menn ætla að halda til streitu þeirri peningamálastefnu sem við höfum. Við eigum svo eftir að sjá hversu grimm ný ríkisstjórn verður í þessum efnunum. Ráðherrarnir segja að minnsta kosti að efnahagsmálin séu nú í algjörum forgangi.“

Yfirdráttur heimila landsins - Þróun



Heildarskuldir heimilanna við lánastofnanir



Skuldaþróun

Skuldir, milljarðar króna	jún.04	des.05
Bankar og sparisjóðir	200,4	573,3
Íbúðalánasjóður	410	316,5
Lífeyrissjóðir	94,6	94,5
LÍN	60	68,6
Annað	48,1	29,5
Samtals	813,2	1082,5
% af VLF	89%	103%
% af ráðstöfunartekjum	180%	205%
Árleg greiðslubyrði	92,8	103
% af ráðstöfunartekjum	20,50%	19,50%
Meðallánstími, ár	20,2	25,3



Gleðilega þjóðhátíð

Takk fyrir okkur!

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* hefur lesendum Fréttablaðsins á aldrinum 12-80 ára fjölgað um ríflega 13.000 frá síðustu mælingu. Með einni birtingu í Fréttablaðinu getur auglýsingin þín náð til 68,3% þjóðarinnar sem er meira en nokkur annar fjölmiðill á Íslandi getur boðið. Fréttablaðið er því ekki aðeins vel lesið heldur líka mest lesið.

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið

Það er kominn 17. júní

Þjóðhátíðardagurinn er genginn í garð og í tilefni dagsins minna landsmenn sig á hvað þeir hafa sér til ágætis. Fréttablaðið fór á stúfana og spurði nokkra Íslendinga hvað hreyfði við þjóðarstolti þeirra.

Sigurjón Kjartansson tónlistarmaður

„Basic“ hlutir

Það eru þessir „basic“ hlutir; harðfiskur, hangikjöt, útrás, Bubbi Morthens, malt og appelsín og Eiður Smári.



Oddný Sturludóttir rithöfundur

Tungan

Ég er stoltust af tungumálinu. Það er fátt skemmtilegra en að kljást við okkar ástkæra, ylhýra, tjáningarríka, glaðbeitta og öfugsnúna móðurmál. Það er í senn fornt og lifandi, síkvikt og kveikir í mér á hverjum degi.



Bryndís Schram fyrrverandi ráðskona í sendiráðum

Að lifa af

Það er auðvelt að telja það upp sem ég er stoltust af: Landafundirnir sjálfir - Ísland, Grænland og Ameríka - eru hluti af heimssögunni. Stofnun Alþingis 930 og upphaf réttarríkis geti lært eitthvað af því. Höfum við lagt einhverjum lið, sem þurftu á hjálp að halda? Jú, kannski, Eystrasaltsþjóðunum, en erum við ekki neðst á listanum yfir þróunarhjálp ríkra þjóða við snauðar? En kannski var helsta afrek genginna kynslóða ekkert af þessu, heldur það eitt að hafa lifað af sjö dimmar hunguraldir við örbirgð, kulda, eymd og volæði. Það segir fátt af þeim, sem ekki lifa af.



Pétur Gunnarsson rithöfundur

Lífsbarátta sem fáir skilja

Í hvert skipti sem ég heyrir þjóðsönginn kemst ég við. Þjóðarstolt? Nei, meira eins og þakklæti til þeirra sem voru hér á undan okkur og stóðu í lífsbaráttu sem fáir skilja í dag og þarf orðið BA-próf í sögu og þjóðháttáfræði til að gera sér í hugarlund. Í stuttu máli: ég finn mig standa í þakkaraskuld.



Guðrún Ásmundsdóttir leikkona

Listalífið

Ég stend mig oft að því að grobba við útlendinga um land og þjóð. Ég segi að þetta litla land sé með heila símfónihljómsveit í fyrsta klassa, tvö jafnhæf og skemmtileg leikhús og sömuleiðis fullt af litlum leikhópum. Einnig er mikil gróska í tónleikahaldi hér á landi. Því má segja að ég sé stoltust af listmenningarlífi litla Íslands sem slær út mörg stærri ríki.



Bragi Valdimar Skúlason Baggalútur

Gott að vera í kuldanum

Þjóð, tunga og saga. Ég held að þetta þrennt nái vel yfir það sem ég er stoltastur af. Ég er mjög þjóðernissinnaður maður í besta skilningi þess orðs. Síðan er ég líka ánægður með staðsetninguna því ég er svo heitfengur. Það er ágætt að vera í kuldanum.



VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Rein Fjárfesting ehf

REX

Dalbaut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Siggi Hall matreiðslumaður

Frábær matur

Ég er stoltastur af því hvað við Íslendingar erum frábærir í matvælaframleiðslu. Einu sinni þótti ekki fínt að vera fiskveiðipjóð og allir voru í staðinn uppteknir af iðnaðinum, en ég er svo stoltur núna því við erum líklegast með bestu matvælaframleiðslu í heimi. Þegar við erum búin að framleiða þessi matvæli í gegnum aldirnar hljótum við að verða orðin góð, rétt eins og vínbandur í Bordeaux, parmaskinkumenn í Parma og stáliðnaðarmenn í Svíþjóð.



Ragnar Páll Steinsson, tónlistarmaður og smiður

Hafnarfjörður

Ég verð að segja að ég sé stoltastur af Hafnarfirði. Bærinn er sannkölluð náttúruperla Evrópu og höfuðborg heimsins. Ég ólst upp þar og hef margar góðar og slæmar minningar þaðan. Hef reyndar ekki búið þar í tíu ár en eitt sinn Hafnfirðingur, alltaf Hafnfirðingur.



MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Í DAG KL. 13:00

PORTÚGAL ÍRAN

Í DAG KL. 16:00

TÉKKLAND GANA

Í KVÖLD KL. 19:00


ÍTALÍA BANDARÍKIN

H M



2006

4-4-2 ALLA LEIKDAGA KL. 21:00



SYN
besta sætið

STUÐ MILLI STRÍÐA Lífið er kaffikanna

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER FORMLEGUR SKULDARI.



Ég keypti mér íbúð um daginn. Hugsjó ykkur, nú er dágóður tími síðan gengið var frá þeim kaupum og ég hef hreinlega steingleymt að segja ykkur þessar stórmerkilegu fréttir.

Frá því ég fyrst viðræði þá hugmynd við vini og vandaða menn að ég hygðist kaupa mér íbúð hefur mér verið sagt að núna sé vondur tími til að kaupa. Við frekari fyrirspurnir kom í ljós að allir sem ég þekki og eiga fasteign keyptu hana á vondum tíma. Sem sagt, frá árinu 1950 hefur verið vondur tími til fasteignakaupa. Ég

reiknaði mér það til að í dag væri ekki verstí tíminn til að kaupa og ákvað bara að skella mér í herlegheitin.

Ég leitaði lengi og skoðaði margar íbúðir en get ekki sagt að ég hafi orðið ástfangin af neinni, kannski skotin, en gat ekki séð fyrir mér neina framtíð. Svo kom að því einn daginn að ég labbaði inn í íbúð sem ég vissi að væri íbúðin mín. Ást við fyrstu sýn og ég vissi að ég var komin heim.

Helst langaði mig til að henda manninu sem átti íbúðina og öllu hans hafurtaski út með því sama en maður eignast víst ekki íbúð þannig. Þannig að ég fór í gegnum allt leiðindaferlið, skrifaði undir blöð, reifst við bankann, fékk knús

frá Íbúðalánasjóði, skrifaði undir fleiri blöð á línuna SKULDARI og fékk svo lykla að launum.

Þannig að nú er það eitt eftir að flytja inn. Ekki að það taki langan tíma enda á ég ekki mikið til að setja inn í elsku íbúðina mína. Ég mæti því á svæðið með sex glös, saltstauk, tannbursta, gamalt bollastell og kaffivél. Og um helgina mun ég sitja hamingjusöm á stólalauðu gólfinu í nýju fínu íbúðinni minni drekkandi kaffi með salti úr bláu hvítvinsglasi. Ég er búin að sjá það að allt sem maður þarf í lífinu er vænn skuldabaggi og góð kaffikanna. Ég er þó komin heim. Og við vitum öll að heima er gott að vera. Gleðilega þjóðhátíð og góða helgi.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





www.minnsirkus.is/pipola

JONSSON & LEWACKIS - JÚNÍ - SÍA

PÍPÓLA

VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ NÆSTU
SJÓNVARPSSTJÖRNUM.
HÆFNISKRÖFURNAR ERU
MEDAL ANNARS:

- MIKIL UNN AF ÞVÍ AÐ TUSKA TIL GLÆPAMENNI!
- FÆRNI Í AÐ SPYRJA ÍSLENDINGA TIL VEGAR!
- HÆFILEIKI Í AÐ DRAGA FÍSK ÚR GREIPUM ÆGIS!
- ORÐHEPPNI SEM KÆMI SÉR VEL Í RÍMNASTRÍÐI!



SIRKUS TV

PÍPÓLA

LEITIN AÐ NÆSTU SJÓNVARPSSTJÖRNU ÍSLANDS STENDUR TIL 28. JÚNÍ.

Sirkus er að leita að ungu hæfileikafólki til að stjórna nýjum og spennandi sjónvarpsþætti í sumar. Stjórnendur Pípóla þurfa að setja sig í mismunandi hlutverk og upplifa hvernig ólíkir hópar fólks lifa lífinu í einn dag.

Ef þú ert hress og ævintýragjörn manneskja á aldrinum 16-25 ára, þá skráir þú þig á minnsirkus.is, tekur þátt í Pípóla-samfélaginu og sækir þar um. Gríptu tækifærið til að vera með í mest spennandi viðburði sumarsins!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

Stofutónleikaröð á Gljúfrasteini

Stofutónleikaröð verður haldin á Gljúfrasteini alla sunnudaga út ágúst. 11. júní síðastliðinn voru fyrstu tónleikarnir haldnir og voru það nemendur tónlistarskóla Mosfellsbæjar sem stigu fyrir á stökk.

Tónleikadagskráin er afkrakstur stefnumótunarvinnu sem nýverið var kynnt á Gljúfrasteini og er tónleikahald mikilvægur liður í uppbyggingu Gljúfrasteins sem menningarseturs. „Það virðist vera mikill áhugi meðal fólks fyrir þessum uppákomum og erum við ánægð með það enda skipaði tónlist stóran sess hér á Gljúfrasteini,“ segir Próstur Sverrisson, upplýsingafulltrúi Gljúfrasteins.

Halldór Laxness var mikill áhugamaður um tónlist og tónlistarflutning. Hann var prýðilegur píanisti sjálfur og rómaður fagurkeri á sviði tónlistar. Johann Sebastian Bach var hans uppáhaldstónskáld. Halldór var iðinn við tónleikahald í stofunni hjá sér og



GLJÚFRASTEINI

bauð hann útvöldum að njóta tónlistarinnar með sér.

Á morgun leikur Halldór Haraldsson píanóleikari í stofunni og hefjast þeir það klukkan 16.

> Ekki missa af...

fjölbjódlegum tónleikum á **Café Cultura** þar sem leikin verður búlgönsk, grísk og tyrknesk tónlist. Tónleikarnir fara fram 28. og 29. júní næstkomandi. Hljómsveitin **Narodna Musika** heldur uppi fjörunu en klarinett- og saxófónleikarinn **Haukur Gröndal** leiðir sveitina. Boðið verður upp á tyrknesk hlaðborð. gjörningi bresku listakonunnar **Clare Charnley** í Nýlistasafninu, í dag en hann fer fram klukkan 16.00. Nefnist hann TALA en um langtíma verkefni er að ræða þar sem Clare fæst við yfirráð enskrar tungu í alheimssamfélagi nútímans og því samblandi af valdi og fáfræði sem þeir sem hafa ensku að móðurmáli eru settir í.

menning

menning@frettabladid.is



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18, þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

FOOTLOOSE	VILTU FINNA MILLJÓN
Fi 29/6 kl. 20 Frums. UPPS. Fö 30/6 kl. 20 Lau 1/7 kl. 20 UPPS. Fi 6/7 kl. 20 Fö 7/7 kl. 20 Lau 8/7 kl. 20	Su 18/6 kl. 20 UPPS. Síðasta sýning í vor. Miðasala hafin á sýningar í haust.
OPNUNARTÍMI MIÐASÖLU	
Í sumar er miðasalan opin sem hér segir: Mán, lokað. Þri, mið 12-18, fim, fös, lau 12-20 Sun, lokað.	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

UNDIR SJÖSTJÖRNU
Sun. 25/6 örfá sæti laus. **Japönsk gestasýning.**
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 **uppselt**, lau. 24/6 **uppselt**, sun. 25/6 nokkur sæti laus. Sérstakar aukasýningar í telfni **12 tilnefninga** til **Grimunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.**
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúseisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295.**

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER LOKUÐ Í DAG, 17. JÚNÍ, MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI**
550 5000

Þáttaskil í pylsumenningu

Í dag verður opnuð í Nýlistasafninu sýning þar sem tungumálið esperanto leikur lykilhlutverkið og er meðal annars notað sem innblástur við pylsugerð.

Í telfni af sýningu listamannanna Olof Olsson og Daniels Salomon í Nýlistasafninu við Laugaveg verður nýtt alþjóðlegt pylsufyrirtæki sett á laggirnar í Reykjavík.

Að sögn Daniels mun það framleiða pylsur í hæsta gæðaflokki. „Með því að nota aðeins lifrænt ræktað íslenskt lambakjöt sem hráefni í pylsurnar geta viðskiptavinir úr öllum trúarbrögðum notið þeirra. Þetta verða sem sagt pylsur án landamæra,“ segir Daniel. „Þessi atburður mun valda þáttaskilum í pylsumenningu og sögu pylsugerðar. Um langt árabil hefur pylsan verið í undanhaldi og skyndibitar eins og hamborgarar, pizzur, kjúklingar og sushi hafa lagt undir sig heiminn,“ segir Daniel hlæjandi. „Við vissum að pylsur eru þjóðarréttur Íslendinga en hugmyndin er sú að búa til esperanto-pylsur og þannig breyta þjóðarrétti í fjölbjódlegan rétt.“

Daniel undirstrikar að enda þótt þessi hugmynd með pylsurnar sé ansi sköndin, þá búi að baki alvarlegur undirtónn sem varðar til dæmis sjálfsmynd þjóða, árekstra milli menningarsvæða nær og fjær, vaxandi þjóðernishyggi og vandmál innflytjenda svo fátt eitt sé nefnt. „Að þessu leyti má segja að verk okkar feli í sér ákveðna pólitíska sýn, án þess að við rekum áróður þar um. Við erum fyrst og síðast listamenn.“ Að sögn Daniels verður sérstakt pylsubrauð bakað fyrir esperantopylsurnar og einnig verður sérstök sósa búin til en uppistaðan í henni er enn hernaðarleyndarmál. Hann



SVÍNNI OLOF OLSSON OG DANINN DANIEL SALOMON Listamennirnir sýna búningana sem þeir létu hanna sérstaklega fyrir Esperanto fótboltafélag.


lofar þó gestum sýningarinnar, sem fá að gæða sér á pylsunum, góðum gæðum og ljúfu bragði.

Hið alþjóðlega tungumál esperanto er grundvöllurinn að öllu listastarfi þeirra féлага og yfirfæra þeir það með ýmsu móti í gjörningum sínum.

Listasamstarf sitt kalla þeir La Loko, sem Daniel útskýrir að þýði the Place á ensku eða Rýmið á íslensku. „Ástæðan fyrir því að við köllum okkur þessu nafni er sú að við viljum skapa rými, ekki endilega í hlutlægum skilningi eða efnislegum, heldur fremur huglægum, þar sem ekki er tekið tillit til einnar menningar frekar en annarrar,“ segir Daniel og bætir við að tungumálið sé mjög gott dæmi um rými sem staðsetur fólk þá og þegar innan ákveðins skilnings og skynjunar á veruleikanum. „Ólík tungumál temja okkur

ólíkan hugsunarhátt,“ áréttar Daniel. Að mati listamannsins tengjum við ýmis sýnileg fyrirbæri í umhverfinu við tiltekna menningu og tungumál. „Þegar ég hugsa til dæmis á bandarískri tungu sé ég fyrir mér feita hamborgara og stórar bíladrossiur. Franskt tungumál vekur aftur á móti upp mynd í hugarum af ljúffengum mat og víni. Esperanto er hins vegar tungumál sem hefur enga sérstaka vísun í myndmál menningar og fyrir okkur gerir það málið einstaklega áhugavert.“

Sýningin og stofnun pylsugerðarfyrirtækisins Kolbasoj sen Limoj fer fram í Nýlistasafninu, Laugavegi 26, laugardaginn 17. júní, klukkan 15.00. Listamennirnir munu halda ræðu klukkan 16.30 og í framhaldi af því mun fólk gefast kostur á að smakka pylsurnar. Sýningin stendur til 9. júlí.



17. júní dansleikur
Hljómsveitin Karma
í kvöld
Opnum kl.17 fyrir matargesti



KLÚBBURINN
sportbar & grill
www.klubburinn.is
S: 567-3100

Auglýsir helgina
Laugardagurinn 17. Júní
Mun hin eldhressa hljómsveit
Geirmundar Valtýrssonar
leika fyrir dansi á lýðveldisafmæli Íslendinga
! Sjáumst hress !



Klúbburinn - Stórhöfða 17 s: 567-3100 www.klubburinn.is

Alveg brilljant skilnaður
Eiðleikur
Eddu Björgvinsdóttur um allt land.

Félagshimili Patreksfjarðar
18. júní
Miðasala í síma 456-1688

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Landsbankinn

VEGGFÓÐUR.

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

tímarit



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ
Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU
VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI



GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík

> Mælum með...

að fólk noti tækifærið á sjálfum þjóðhátíðardeginum og klæðist íslensku lopapeysunni. Bæði hlý og góð þegar veðurguðirnir eru í vondu skapi.



útlit
utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN: BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR STARFSMAÐUR Í LANDSBANKANUM OG NEMI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS****Svart tjullpils úr smiðju mömmu og H&M í uppáhaldi**

Spáir þú mikið í tískuna? Já ég geri það. Ég hef mjög gaman af því að skoða tímarit og líta í kringum mig.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Hann ræðst svolítið eftir skapi.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki: Chloé. Klassískt og fallegt.

Flottustu litirnir: Svartur klikkar ekki og grænn í öllum tönnum.

Hverju ertu veikust fyrir? Skóm og fylgihlutum.

Hvaða flik hefur þú keypt þú síðast? Stuttar buxur og axlabönd.

Hvað finnst þér flottast í tískunni núna? Hvað hún er fjölbreytt og hvað næstum öll tímabilin fá að njóta sín.

Hvað ætlaðu að kaupa þér fyrir sumarið? Kawasaki-strigaskó í einhverjum skemmtilegum lit. Bikíní í sólinni og millisíða, matta plast-regnkápu í einhverjum lit í rigningunni.

Uppáhaldsverslun: Comtoir des cotonniers og H&M. Einnig stórar búðir eins og Gallerie Lafayette þar sem öll merkin eru á einum stað.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Fer eftir stað og stund hvers mánaðar.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Svörtu háhæluðu skónna minna, gallajakkans míns og

allra hlýrabolanna.

Uppáhaldsflik: Gallajakkinn minn og nýja svarta tjullpils mitt sem mamma var að sauma á mig.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Til Berlínar og Parísar.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér: Hvítar „bas“ plast Tark buxur með reimum. Þvílíkt tiskuslys!

**MÓÐUR VIKUNNAR**
> ÁLFRÚN FER YFIR MÁLIN**Óvirðing ungu kynslóðinnar**

Ég lenti í mjög myndu atviki um daginn. Ég var að yfirgefa minn fyrri vinnustað þennan dag og auðvitað klæddi ég mig upp í tilefni dagsins. Fór í nýju mittisháu Acne-buxurnar mínar og girti bolinn ofan í. Mjög smart og algjörlega samkvæmt nýjustu tisku fannst mér. Vel girt gekk ég áhyggjulaus um ganga Kringlunnar, þar sem ég vann, ánægð með nýju buxurnar mínar. Á leiðinni niður rúllu-stigann heyrði ég í litlum stúlkum fyrir aftan mig. Þær voru örugglega svona 10 eða 12 ára og ég heyrði þær flissa og sneri mér við. Mér til miklar undrunar bentu þær á buxurnar mínar og hlógu, blá-kalt framan í mig. Þarna stóð ég í miðri verslunarmiðstöð óttans látandi litlar stúlkukindur móðga mig og það sem verra er, þær hlógu að fatasmekki mínum. Ömmur mínar og mamma hafa oft gagnrýnt fatasmekki minn og ég hef tekið því meira sem hrósi en eitthvað annað. Ég veit að smekkur manna er misjafn, en litlar stelpuskjátur? Er það ekki svolítið skrítið?

Þegar ég var lítill var allt sem eldri stelpur klæddust flott og maður buktaði sig og beygði fyrir eldri og vitrari kynslóðum. Það hugarfar virðist alveg vera horfið og veit ég um fleiri dæmi þess efnis að litla fólk hagar sér ekki með virðingu í huga gagnvart „gamla“ fólkinu.

Særandi, en ég komst sem betur fer yfir þessa höfnun frá ungu kynslóðinni en fór samt að hugsa hvort ég væri búin að missa mig of mikið í tiskupælingum. Ég kaupði öll rándýru tiskublöðin sem eru full af auglýsingum til að sjá hvað er gerast út í hinum stóra heimi og fá hugmyndir að flötu lúkki. Fataskápurinn löngu sprunginn og er ég farin að ráðast inn á pláss kærasta míns til að koma öllu fyrir, honum til lítillar ánægju. En tíska fyrir mér er meira en bara áhugamál. Ef ég gæti þá mundi ég eyða öllum mínum tíma í tiskupælingar. Ég ætla því að halda ótraud áfram að klæðast því sem ég vill, samkvæmt mínu innsæi og hlæi þeir sem hlæja vilja.

Ómótstæðilegt glingur

Allar konur safna fylgihlutum, hvort sem það eru skartgripir, slæður, skór og síðast en ekki síst töskur. Það er eitthvað ómótstæðilegt við allt þetta glingur sem maður getur notað endalaust og við hvað fatnað sem er. Það eru einmitt kostir fylgihluta, þeir gera oftast en ekki útslagið að fullkomnu dressi. Einnig getur maður notað fylgihluti til að persónugera flikina sína, margar „it“ þessa dagana og ekki að nælur á einföldum jakka eða belti á venjulegum bol. Þetta er gert til að poppa upp á flikina. Þetta sumarið er úrvalið af fylgihlutum mjög gott og búðirnar ættu að vera stútfullar af nýjustu tiskustraumunum.

Glingur er mikið í tisku þessa stundina og því meira því betra. Allt er leyfilegt, gull og silfur blandað saman og því meiri litagleði í armböndum og hálsfestum því skemmtilegri heildarvörur. Leggings og legghlífar er ekki lengur bara leikfimisklæðnaður og er til mikið að marglitum buxum og sokkabuxum sem flottar eru við alla síðu bolina. Bangsar, hjórtu og blómaskart eru mikið í tisku núna og tilvalið að nota skemmtilegar figúrur til að flikka upp á fataskápinn. Hné-sokkar henta einnig íslensku veðurfari mjög vel enda býður það ekki upp á margar berleggja stundir og er hægt að fá bæði þykka og þunna.

Ég vona að fólk njóti frjálrsræðisins sem ríkir í tískunni þetta sumarið og hlæða á sig skarti og flippi út með því að blanda saman ólíkum litum og munstrum.

alfrun@frettabladid.is

LITLAR PYNGJUR Klinkbuddur eru alltaf ómótstæðilega sætar. Þessar eru flottar úr leðri og fást í Friis Company.

SPENNUR Slaufur virðast vera mikið í tisku og er þessi silfurliða glamúrleg. Frá Rokki & rósum.

LEGGHLÍFAR Dýramunstur hafa verið mikið í tisku þetta sumarið og skemmtilegt til að poppa upp á svörtu sokkabuxurnar. Þessar fást í Skarhúsinu.

SPANGIR Töffaraleg spöng með hlébarðamunstri frá Rokki & rósum.

NÆLUR Skemmtilegar nælur frá versluninni Spúútnikk.

SOKKABUXUR ekki festast í svörtu sokkabuxunum. Leyfum litagleðinni að ráða yfir sumartímann. Frá Rokki & rósum.

KYNPOKKAFULLT Hné-sokkar með blúndu og slaufu klicka ekki við sumarkjólinn. Bæði flott utan yfir sokkabuxurnar eða bara á bera leggina þegar veður leyfir. Fást í Rokki & rósum og Spúútnikk.

HÁRGLINGUR Hárið má ekki verða útundan og þessi kambur er frá versluninni Rokki & rósum. Hvítur með gylltum röndum.

HÁLSFESTAR Því fleiri hálsfestar því betra og gaman er að blanda öllu saman. Bæði festamar frá Rokki & rósum.

KRAGI Fjólublár kragi frá Kronkron. Hentugt við hvað sem er.

PLAST Ötrúlega skemmtileg og lifleg næla frá Kronkron. Getur gert hvaða bol sem er flottan.

GEGNSÆIR SOKKAR? Sætir sokkar við opna skó setja sitt mark á heildarútlitið. Frá versluninni Kronkron.

MEIRA ER MÍNNA Klútar eru ekki aðeins til að skýla hálsinum fyrir kulda því hægt er að nota þá sem belti, armband eða festa á venjulegu svörtu töskuna sína til að fá smá tilbreytingu.

TÖSKUR Marglit taska frá búðinni Kronkron. Flott litasamsetning og hentugt undir snyrtidót eða í partyið.

GULL, GULL, GULL Kragar eru skemmtilegt fyrirbrigði og langt síðan þeir voru í tisku síðast. Þessi er frá versluninni Kronkron.

MASSÍVIR EYRNALOKKAR Eyrnalokkar úr hömruðu gulli og í laginu eins og hjórtu. Fást í Spúútnikk.

HNÉSOKKAR Fyrirsætur frá tiskuhúsi Prada voru oftast en ekki klæddar í hnésokka við kjólinn. Mjög kvenleg og kynpokkafullt.

BLÓM Í HÁRIÐ Spöng með rauðu og svörtu tjullblómi í hlíðinni. Flott við partydressið.

MÁLARI VIDHALD
PÍPULAGNIR LOFTNET
PRIF VIDGERDIR

allt

... sem þig vantar í nýja húsnæðið

VÍSIR NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

Flippuð amma tískunnar



PALLIETTUR OG GLAMÚR Betsey er þekkt fyrir að fara ótroðnar leiðir í fatasamsetningu og er ótrúlegt að hún skuli vera komin á sjötugsaldurinn.

Betsey Johnson er frumkvöðull innan tískuheimsins. Þessi 64 ára gamla fatahönnuður er hvergi nærri hætt en hún er þekkt fyrir úfið ljóst hár og handahlaup á sýningar pallinum. Hún giftist John Cale úr hljómsveitinni Velvet Underground árið 1967 og má tengja fatastíl hennar við Andy Warhol jaðarmeninguna með litríkum munstrum og myndrænum bolum. Hún ber af á rauða dreglinum enda ávallt skemmtilega klædd. Betsey virðist vera með brosið á réttum stað þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum erfiðleika en hún barðist við brjóstakrabbamein fyrir nokkrum árum og hefur verið ötull styrktaraðili samtaka kvenna með þennan banvæna sjúkdóm síðan þá. Johnson bland-



ANDY WARHOL Betsey var vinkona listamannsins fræga og má greina list hans í fatasmekki hennar og hönnun. Hér er hún í bleikum bol með mynd af konu með skemmtilega tilburði.

ar saman ólíkum stílum og er sannkallaður gleðigjafi í þessum annars alvarlega heimi tískunnar. - áþ



ALLT FER HENNI VEL Hún á ekki í erfiðleikum með blanda saman ólíklegustu hlutum. Hér er Johnson í fallegum hlébarðakjól með svart belti í mittinu.



PRINSESSUDRAUMURINN Johnson er hér á rauða dreglinum klædd silfurlituðum kjól og með ljósbleika fylgihluti. Skemmtileg lítasamsetning.



MYNDR: FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR/APPHOTO/GETTYIMAGES

BELTI Belti eru til í mörgum stærðum og gerðum. Flestir hönnuðirnir notuðu belti á tískupöllum fyrir þetta sumarið. Þessi mynd er frá sýningu Betsey Johnson.

DOPPÓTTAR SLAUFUR Skemmtilegt hálsmen frá Kronkron úr plasti.

TÖFFARALEG MITT-ISTASKA Þægilegt að dansa áhyggjulaus á skemmtistöðum borgarinnar án þess hafa áhyggjur af töskunni sinni. Gott að hafa hana bara fasta utan um mittið. Fæst í Spúútnik.

LEÐURBLÓM Mjótt belti með svörtum leðurblómum. Hægt að nota á marga vegu, við bolinn, buxurnar og kjólinn. Fæst í Friis Company.


ÖÐRUVÍSI SOKKABUXUR Sokkabuxur geta gert mikið fyrir svartan kjól. Í sýningu Gucci voru sokkabuxurnar í sama lit og kjóllinn sem er skemmtileg nýbreytni.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON


TUCSON

2.0L bsk. 142. hö
Kr. 28.233 á mánuði


- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framsætu við þurrkublað
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggispúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki



HYUNDAI
Official Partner



Med bilinn handa þér



Allir sem reynsluaka Hyundai geta unnið glæsilega vinninga í Stóra HM leiknum. Nánari upplýsingar á www.storihmleikurinn.is

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum. * Blásamningur til 84 mánaða með 30% úborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru hábar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

allt hús

Alla mánudaga



STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON **BLOGGAR FRÁ ROKKFERÐALAGI SÍNU UM EVRÓPU**

Eftirlíkingin kemur til bjargar

Ég lenti í Barcelona seint á mánudagskvöldið og þá hófst formlega rúnturinn minn á milli sex tónleikahátíða Evrópu. Skipulagning hennar hófst um áramótin en af nógu er að taka og í raun held ég að fáir geri sér almennilega grein fyrir því hversu margar frambærilegar tónleikahátíðir er að finna í Evrópu á hverju sumri. Áttaði mig þess vegna fljótt á því að til þess að fara á allar hátíðir sem mig langaði að heimsækja yrði ég að vera á ferðalagi frá miðjum maí til loka ágústs. Tími og peningar leyfðu það hins vegar ekki þannig að með herkjum náði ég að stytta túrinn niður í aðeins sex hátíðir á einum og hálfum mánuði. Sex hátíðir eru samt meira en nóg, myndi maður halda.

Eiga allavega að vera það og við sjáum bara til. Komst reyndar að því að einungis ákveðnar hljómsveitir eru að ferðast á hverju sumri. Þannig eru margar hljómsveitir oft að spila á sömu hátíðunum, sem gerir það að verkum að ég fæ tækifæri til þess að sjá nokkrar sveitir spila oft en einu sinni og jafnvel oft en tvisvar. Ég held ég hafi hins vegar ekki mikla þolinmæði fyrir því og mun þess vegna eyða meiri tíma í að skoða minna þekktu en áhugaverðari tónlistarmenn. En núna er túrinn hafinn og eftir að hafa þraukað í nokkrar nætur á vægast sagt óþægilegu farfuglaheimili hófst fyrsta hátíðin, Sonar heitir hún en

henni má lýsa sem elektró-, dans-, hip hop-, experimental hátíð í sjálfri miðborg Barcelona. Hljómar einstaklega spennandi, ekki satt? Sit hér á öðrum degi og úti er ferlega leiðinlegt veður, 25 stiga hiti og léttskýjað, óþolandi þetta Miðjarðarhafsloftslag. Sonar hátíðin er algjör hippstera hátíð, svo maður sletti aðeins, mjög nýmóðins á góðri íslensku. Hér líta flest allir út fyrir að vera nýkomnir úr Fordmódel keppninni, tággrannir, hávaxnir og allir með stút á munni. Nema náttúrulega Bretarnir, þeir eru alltaf jafn ferlega ótóff og með mestu lætin. Hér virðist líka vera í gangi einhvers konar keppni í því að vera með svölustu sólgleraugun. Engir tveir



virðast vera með eins sólgleraugu, sem mörg hver eru mjög flippuð en rosa-lega heit engu að síður. Þessi sólgleraugnaþekppni kemur mér mjög vel og bæti ég þar upp fyrir anti-Fordmódel-útliti mitt. Köflótta (rauð og hvít) Ray Ban-efirlíkingin mín er svo sannarlega að skila sínu hér á Sonar.

Handhafar Grímunnar 2006

Pétur Gautur

- LEIKSÝNING ÁRSINS
- LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI Brynhildur Guðjónsdóttir
- LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI Ingvar E. Sigurðsson
- LEIKSTJÓRI ÁRSINS Baltasar Kormákur.

Woyzeck

- LEIKMYND ÁRSINS Börkur Jónsson (hlaut einnig verðlaun fyrir leikritið Fagnaður)
- BÚNINGAR ÁRSINS Filippía I. Elíasdóttir (hlaut einnig verðlaun fyrir leikritið Virkjunin)



HUGLEIKUR DAGSSON Fékk Grímuna sem Leikskáld ársins en verkið hans Forðist okkur vakti mikla athygli á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

■ TÓNLIST ÁRSINS Nick Cave og Warren Ellis

Forðist okkur

- LEIKSKÁLD ÁRSINS Hugleikur Dagsson,
- DANSHÖFUNDUR ÁRSINS Leikhópurinn.

Ég er mín eigin kona

- LEIKARI ÁRSINS Í AÐALHLUTVERKI Hilmir Snær Guðnason
- LÝSING ÁRSINS Björn Bergsteinn Guðmundsson (hlaut sömu verðlaun fyrir leikritin, Fagnaður og Maríubjallan)

Litla Hryllingsbúðin

- SÖNGVARI ÁRSINS Andrea Gylfadóttir

Áróra Bórealis danssýning

- DANSARI ÁRSINS Lovísa Ósk Gunnarsdóttir

Leitin að jóluum

- BARNASÝNING ÁRSINS

Skáld leitar harms

- ÚTVARPSVERK ÁRSINS

■ HEIÐURSVERÐLAUN LEIKLISTAR-SAMBANDS ÍSLANDS hlaut í ár frú Vigdís Finnbogadóttir fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu menningar og lista á Íslandi.



PÉTUR GAUTUR Sópaði að sér verðlaunum á Grímunni og var meðal annars valin sýning ársins.

Pétur Gautur sigurvegari

Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, voru afhent í fjórða sinn í gærkvöldi við hátíðlega athöfn í Borgarleikhúsinu en úrslitin komu fáum á óvart.

Baltasar Kormákur og leiksýning hans Pétur Gautur voru ótvíræðir sigurvegarar kvöldsins. Sýningin var kjörin besta sýning ársins og aukinheldur hlutu tveir leikarar hennar verðlaun sem bestu leikarar ársins í aukahlutverki og sá þriðji var leikkona ársins í aðalhlutverki. Þá var Baltasar Kormákur útnefndur leikstjóri ársins fyrir leikstjórnina.

Viðar Eggertsson, formaður Leiklistarsambands Íslands, sagði Grímuna vera mikilvæga uppskeruhátíð fyrir leikara og leikhúsunnendur í lok leikárs. „Þessi hátíð er ekki síst mikilvæg vegna þess að sviðslistir eru því marki brenndar, að þegar sýningum lýkur og tjaldidi fellur í síðasta sinn að lokinni sýningu, þá hverfur þetta listaverk okkar út í tómið og eftir stendur minningin ein. Þess vegna er okkur leikhúsfólki mikilvægt að geta staldrað við í lok leikárs, komið saman, litið yfir farinn veg og skoðað þær stundir sem við höfum skapað sem eru að hverfa úr augu sýn.“ Viðar segir Grímuna þó ekki aðeins vera uppskeruhátíð til handa lærðu leikhúsfólki, heldur ekki hvað síst til heiðurs áhorfendum. „Þarna eignum við líka stefnumót við áhorfendur okkar sem hafa gert okkur kleift að skapa leikhús. Það er

fyrir þær sakir sem við lögðum mikið upp úr því að sjónvarpa hátíðinni, svo við gætum átt ánægjulega stund með öllum þeim gríðarlega fjölda fólks sem sýnt hefur leikhúslífi landsins áhuga. Við erum ekki þarna saman komin einungis til að klappa hvert öðru á bakið heldur til að senda boltann yfir til áhorfenda og þakka þeim fyrir veturinn.“ Að mati Viðars er íslenskt leikhús einstakt að því leyti hversu ótulur Íslendingar eru að stunda það. „Ég held það hljóti að vera einsdæmi að fleiri aðgöngumiðar í leikhús eru seldir á ári hverju en nemur íbúatölu landsins. Það er þessi staðreynd sem segir okkur að íslenskt leikhús er alþýðuleikhús, það er leikhús fólksins.“ Viðar segir útrás íslenskrar leiklistar fara vaxandi og búið sé að stofna loftbrú sem geri leikhúsfólki kleift að setja leiksýningar á svið á erlendum vettvangi. „Útrás góðra íslenskra listamanna er eflaust einhver sú besta útrás sem Íslendingar geta lagt í nú um stundir. Kannski hún verði ekki jafn dramatísk og útrás íslensku kaupsýslumannanna en væntanlega verður hún listfengn-

ari og ef hún verður dramatísk, þá er það líka hið besta mál,“ segir Viðar og hlær.

Súsanna Svavarsdóttir, leikhúsgagnrýnandi og menningarviti, var stödd á Grikklandi þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær og spurði um álit hennar á leikhúsárinu. „Að mínu viti hefur þetta verið slappt leikár bæði í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu en Leikhúsið á Akureyri hefur borið höfuð og herðar yfir hin leikhús í landinu. Sýningarnar sem hins vegar bera af í vetur eru Ég er mín eigin kona, í hlutverki Hilmis Snæs og sviðsetningu Leikhússins Skámána, Pétur Gautur í leikstjórn Baltasars og Maríubjallan í Leikhúsinu á Akureyri. Hvert einasta smáatriði í þessum verkum er unnið af listrænni fagmennsku og allar sýningar skilja mikið eftir sig og sitja í manni lengi á eftir.“ Súsanna segir stórkostlegt að hafa fylgst með vinnu leikaranna í öllum þessum leiksýningum en að Hilmir Snær hafi unnið kraftaverk í Ég er mín eigin kona. „Leikur hans og öll vinna í þessarri sýningu er nánast ofurmannleg,“ undirstrikar Súsanna.

bryndisbjarna@frettabladid.is

Alltaf gaman að vinna

Baltasar Kormákur kom, sá og sigraði í gærkvöldi við afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna.

Aðspurður kvaðst Baltasar himinlifandi með heiðurinn sem honum hafi verið sýndur með valinu Leikstjóri ársins og það sé einstaklega ánægjulegt hvað leikritið Pétur Gautur hafi hlotið góðar viðtökur. Hann vonar að þessi viðburður verði til að ýta verkinu úr vör á erlendri grundu. „Það er gaman að sigra stórt þegar maður er stoltur af því sem maður hefur gert,“ segir Baltasar kátur.



KEANE UNDER THE IRON SEA

KEANE UNDER THE IRON SEA

LANGAR ÞIG Í EINTAK?

Sendu SMS skeytið **BTC KEF** á númerið **1900** Þú gætir unnið!

Vinningar eru:

- Keane - Under The Iron Sea
- Keane - Live Recordings 2004 EP
- Keane - Strangers DVD
- Pepsi Kippur • DVD myndir
- Fullt af öðrum geisladiskum og margt fleira

10. hver vinnur!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru komnir SMS Klubb, 149 kr. á mnu.

STELPURNAR HORFA Á STÖÐ 2

10 VINSÆLUSTU ÞÆTTIR KVENKYNS ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2




			Konur yngri en 50 ára
1.		Grey's Anatomy	45,0%
2.		Stelpurnar	44,1%
3.		Cold Case	39,6%
4.		Fréttir NFS	35,6%
5.		Prison Break	35,5%
6.		Það var lagið	35,2%
7.		Twenty Four	34,1%
8.		Aðþrengdar eiginkonur	33,9%
9.		Neighbours	33,0%
10.		Strong Medicine	32,4%

DÝRMÆTASTI MARKHÓPURINN

Skipting á áhorfi kvenna yngri en 50 ára á þrjár
sjónvarpsstöðvar, óháð áskrift að Stöð 2

Hvar er auglýsingin þín?



Gallup könnun 24. til 30. mars 2006



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Nýtt í bíó

ROBIN WILLIAMS

R.V.

Komdu í myndasta ferðalag sumarsins. Fór beint á toppinn í Bandaríkjunum!

1 FJÖLSKYLDA. 8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN

ANTONIO BANDERAS

TAKE THE LEAD

Frábær mynd með Antonio Banderas í sjóðheftri danssveiflu

HELMIS FRUMSÝNING

THE OMEN

Á 6. DEGI 6. MÁNAÐARÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA. ÞORRÞUÞEÍÓ MÖGNUÐ ENDURGERÐ AF HINNI KLASSISKU THE OMEN!

2000. KR. AFSLÁTTUR FYRIR XY FELAGA

★★★★★★★★

B.J. BLABD S.V. MBL V.J.V TOPPIS

LOKAUPPGJÖRÐ!

X-MEN

MED HVERJUM HELDUR ÞÚ?

LAUGARÁS **BÍÓ** bara lúxus

FRUMSÝND

FRÁBÆR MYND MED ANTONIO BANDERAS Í SJÓÐHEFTRI DANSSVEIFLU

TAKE THE LEAD

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN.

Sýnd kl. 3:40, 5:45, 8 og 10:20

16 BLOCKS

45.000 MANNS

★★★★★★★★

S.V. MBL D.D.J. KVINNAVINDUR.COM V.J.V TOPPIS

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS HVERJU TRUIR ÞÚ? UPPLIFÐU VINSÆLUSTU BOK Í HEIM!

RAUÐHETTA

★★★★

LJ.B TOPPIS HÖRKUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR

ÍSÖLD

51.000 MANNS

LAUGARÁS **BÍÓ** bara lúxus

FRUMSÝND

FRÁBÆR MYND MED ANTONIO BANDERAS Í SJÓÐHEFTRI DANSSVEIFLU

TAKE THE LEAD

ENGINN TRÚDI Á PAU, EN HANN HJÁLPAÐI PEIM AÐ FINNA TAKTINN.

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:10 bl. 14 ára

THE OMEN

6. MÁNAÐARÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA.

Sýnd kl. 8 og 10:10 bl. 16 ára

THE OMEN

6. MÁNAÐARÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA.

Sýnd kl. 8 og 10:10 bl. 16 ára

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

R.V.	kl. 1.30, 3.40, 5.50, 8 og 10.10
THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 bl. 16 ÁRA
X-MEN3	kl. 2, 5.40, 8 og 10.20 bl. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5, 8, og 11 bl. 14 ÁRA
DA VINCI SÝND Í LÚXUS	kl. 2, 5, 8 og 11 bl. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TAL	kl. 1.30 og 3.40
ÍSÖLD M/ ÍSL TAL	kl. 1.30 og 3.40

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

R.V.	kl. 3, 5.50, 8 og 10.10
TAKE THE LEAD	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30
THE OMEN	kl. 8 og 10.30 bl. 16 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 3, 6 og 9 bl. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TAL	kl. 3 og 6

Borgarbíó SÍMI 462 3500

R.V.	kl. 4, 400 KR. 8 og 10
THE OMEN	kl. 10 bl. 16 ÁRA
16 BLOCKS	kl. 8 bl. 14 ÁRA
X-MEN3	kl. 6 bl. 12 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TAL	kl. 3.45 400 KR.
DA VINCI CODE	kl. 5.15 bl. 14 ÁRA

400 KR. Í BÍÓ! Gættu á allar sýningar í þessum gættu málum með stuði

Dolby SDDS Digital Surround THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

Bylting hjá íslenskum köfurum

„Í staðinn fyrir að fara heim að leggja sig eftir köfun fer maður bara út á djammíð,“ segir Héðinn Ólafsson, framkvæmdastjóri og eigandi köfunarskólans Kafarinn. Ís en hann hefur keypt til landsins fyrstu nitrox-loftpressuna sem gerir köfurum kleift að kafa mun lengur en áður án þess að auka hættu á köfunarveiki. „Þetta er algjör bylting, pressan síar köfununarfnið úr loftinu þannig að eftir stendur meira súrefni. Þá er hægt að kafa lengur og fólk verður ekki jafnþreytt eftir köfun, verður almennt frískara,“ segir Héðinn. Botntími kafara getur aukist úr 56 mínútur á venjulegu lofti upp í 125 mínútur á nitrox-blöndu.

Hægt hefur verið að búa til nitrox með því að blanda það úr hreinu súrefni en það skapar hættu og er kostnaðarsamt og því



HÉÐINN ÓLAFSSON Héðinn fór ásamt tuttugu manna hópi nýlega og stundaði köfun í Rauðahafinu en hann segir að sjávarlífið heilli.

hefur þetta ekki verið gert á Íslandi, en loftpressan auðveldar framleiðslu nitrox til mikilla muna. „Landhelgisgæslan og björgunarveitir hafa sýnt þessu áhuga en menn þeirra eru lengi niðri og þurfa aukinn botntíma,“ segir Héðinn. Pressan mun einn-

ig nýtast áhugamönnum um köfun. „Menn þurfa að fara á námskeið til að nota þetta. Nú þegar hafa nokkrir gert það, við fórum tuttugu kafarar til Rauðahafsins nýlega og þá var nánast eingöngu notað nitrox,“ segir Héðinn.



KAFARI Nú verður hægt að fara á djammíð eftir köfun.



Í UPPHAFI Svona lítu Frummenn út áður en þeir urðu Stuðmenn en hér má sjá þá Jakob Frímann, Valgeir Guðjónsson, Ragnar Danielsson og Gylfa Kristinsson.

Frummenn snúa aftur á Arnarhóli

Hljómsvetin Frummenn birtist eins og skrattinn úr sauðarleggnunum í Húsdýragarðinum fyrir ári síðan og hitaði þá upp fyrir Stuðmenn. Frummenn eru yfirlétt kynntir sem hinir upprunalegu Stuðmenn en sveitin er skipuð þeim Jakobi Frímanni Magnússyni, Valgeiri Guðjónssyni, Ragnari Danielssyni og Gylfa Kristinssyni.

Það er greinilegt að enn lifir í gömlum glæðum því að Frummenn eru nú að gefa út fjórtán laga geisladisk sem ber heitið Tapað/ Fundið en hér er þó ekki nein endurútgáfa á gömlu efni heldur eru þetta nýjar lagasmíðar.

Hljómsveitin treður upp á Arnarhóli í kvöld klukkan átta þar sem leikin verða lög af þessum nýja diski. „Við ætlum síðan að gefa plötuna í orðsins fyllstu merkingu því henni verður hent út til heppinna áhorfenda,“ segir Jakob Frímagnússon, ein aðalsprautan í hljómsveitinni.

Frummenn hlutu sína eldskírni á Hótel Sögu árið 1970 þegar Menntaskólinn í Hamrahlíð hélt þar sína árs hátíð. Þegar þeir Þórður Árnason, Egill Ólafsson, Tómas Tómasson og Sigurður Bjóla auk fleiri bættust við var nafninu breytt í Stuðmenn.

TILBODS BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ

ODÝRT Í BÍÓ KR. 400

ATH. SÝND KL. 2

400 KR.

NÚNA MYND HINNA STÓRKREYTTU BERJAST HINN TRÓIS

X-MEN THE LAST STAND

400 KR.

RAUÐHETTA

ATH. SÝND KL. 2

ISLENSKT TAL

400 KR.

Skrolla og Skeiða Á SALTKRÁKU

ATH. SÝND KL. 4

ISLENSKT TAL

400 KR.

ÍSÖLD

ATH. SÝND KL. 2

ISLENSKT TAL

TILBOD Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR -

Vilja launahækkun

Sex leikarar í sjónvarpsþáttaröðinni vinsælu The Sopranos hafa farið fram á launahækkun. Framleiðandi þáttarins, HBO, hefur ekki enn komist að samkomulagi við þá.

Framtíð leikaranna í þættinum gæti verið teflt í hættu af þessum sökum. Yrðu þeir hugsanlega skrifaðir út úr þeim af David Chase, höfund þáttarins.

Tökur á síðustu þáttaröð The Sopranos eiga að hefjast í næsta mánuði en fari svo að ekki takist að semja við leikarana gætu vandræði verið í uppsiglingu.

Á meðal leikaranna sem um ræðir eru Jamie-Lynn DiScala, sem leikur Meadow, dóttur Tony Soprano, Robert Iler, sem leikur AJ, bróður Meadow, Steve Van Zandt sem leikur Silvio Dante og Tony Sirico, sem fer með hlutverk Paulie „Walnuts“. Krefjast þau á bilinu 6,4 til 15 milljóna króna fyrir hvern þátt.



THE SOPRANOS Sjónvarpsþáttaröðin vinsælda lýkur göngu sinni eftir næstu seríu.

FRUMSÝNING

ALFABAKKA

SLITHER	KL. 3:40-5:50-8-10:10	B.I. 16
SLITHER VIP	KL. 3:40-5:50-8-10:10	
KEEPING MUM	KL. 3:30-5:45-8-10:20	B.I. 12
SHE'S THE MAN	KL. 3:30-5:45-8-10:20	B.I. 14
POSEIDON	KL. 5:50-8-10:10	B.I. 14
AMERICAN DREAMZ	KL. 5:50	
THE SHAGGY DOG	KL. 3:40	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:30	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 3:40	B.I. 10

ALFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

KEEPING MUM	KL. 5:45-8	B.I. 12
16 BLOCKS	KL. 10:10	B.I. 14
POSEIDON	KL. 8	B.I. 14
THE DA VINCI CODE	KL. 10	B.I. 12
X-MEN 3	KL. 5:45	B.I. 14

AKUREYRI

SLITHER	KL. 8-10	B.I. 16
SHE'S THE MAN	KL. 6-8	
POSEIDON	KL. 10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 6	FRÍTT INN

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

SLITHER	KL. 6-8-15-10:30	B.I. 14
SHE'S THE MAN	KL. 6-8:15	
POSEIDON	KL. 6-8-15-10:30	B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10:30	B.I. 14

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

HÁSKÓLABÍÓ

KEEPING MUM	KL. 6-8-20-10:30	B.I. 12
POSEIDON	KL. 6:10-8-20-10:30	B.I. 14
THE DA VINCI CODE	KL. 6-8-10	B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10:30	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 6	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Kate Moss sleppur

Ofurfyrirsætan Kate Moss sleppur undan dómi vegna eiturfjarmisnotkunar. Mál hennar stóð sem hæst í byrjun árs og var það vegna myndbirtingar í blöðum af henni að taka eiturfylf í hljóðveri ásamt fyrrverandi unnusta sínum Pete Doherty. Samkvæmt blaðinu Daily Mail er breska lögreglan viss um sekt Moss í kókaínmáli hennar en ekki liggja fyrir næg sönnunargögn til að sannfæra dómara. Kate Moss hefur hvorki játað né neitað sekt sinni í þessu máli og stuttu eftir að myndirnar birtist flaug hún til Bandaríkjanna í meðferð. Kate Moss hefur nú byrjað aftur að vinna og segja menn hana aldrei hafa litið betur út.



OFURFYRIRSÆTAN Kate Moss var í vondum málum í byrjun þessa árs en virðist nú vera laus allra mála. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Lopez reynir að eignast barn



Hin fjölhæfa þokkagyðja Jennifer Lopez hefur nú gengist undir skurðaðgerð til að reyna að eignast börn samkvæmt National Enquirer. Lopez hefur lengið dreymt um að eignast börn og telur sig vera að falla á tíma en hún er 36 ára gömul. Díván giftist söngvaranum Marc Anthony fyrir tveimur árum og á hann þrjú börn úr fyrri hjónabandi. Læknar munu hafa ráðlagt Lopez að hvílast og nærast vel til að auka líkurnar á barnsburði.

HIN FJÖLHÆFA DÍVA Jennifer Lopez þráir að komast í móðurhlutverk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Gerri velur fína kryddið

Fyrrverandi kryddstúlkinn Gerri Halliwell, sem eignaðist barn nú á dögum, hefur nú valið guðmóður og er sú engin önnur er Victoria Beckham. Sættir náðust með þeim stóllum fyrr á árinu eftir að hafa varla talast við síðan stúlknausveitin Spice Girls leið undir lok. Mikil vinátta hefur tekist með þeim síðan Halliwell varð ólétt enda hefur Victoria getað gefið góð ráð því hún á þrjú börn með eigmanni sínum, fótboltakappanum David Beckham.



GERI HALLIWELL Glöð og sæl í móðurhlutverkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

FRUMMENN
Hinir upprunalegu Stuðmenn

Nýja platan frá hinum upprunalegu Stuðmönnum er nú fáanleg í verslunum um allt land

Dreifing

sena

REYKJAVÍK RECORDS
reykjavik records

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



Leikurinn beint á RÚV

Leikur Íslands og Svíþjóðar verður í beinni útsendingu á RÚV í dag en útsending hefst klukkan 16.45. Uppselt er á leikinn og búast má við mikilli skemmtun í Laugardalshöll á sjálfan þjóðhátíðardaginn.

sport
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUKAPPINN SINISA VALDIMAR KEKIC: GÆTI VERIÐ Á LEIÐINI TIL ÍSLANDSMEISTARA FH

Ég myndi ekki segja nei við FH

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru Grindavík og FH komin langt með að semja um kaupverð sin á milli fyrir knattspyrnumanninn Sinisa Valdimar Kekic, sem er á leiðinni frá Grindavík eftir tíu ára veru þar á bæ. Kekic sinnaðist við Sigurð Jónsson, þjálfara liðsins, og segist ekki hafa áhuga á því að spila lengur undir hans stjórn. Hversu háa upphæð Grindavík vill fá fyrir Kekic er óljóst en Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar félagsins, ýjaði að því við Fréttablaðið í fyrradag að hann yrði ekki seldur ódyrt.




„Ég myndi alveg vilja ganga til liðs við FH-inga. Þeir eru með besta liðið á Íslandi og hafa orðið Íslandsmeistarar tvö ár í röð, ég held að þeir verði svo meistarar aftur núna. Þeir spila mjög flottan fótbolta og ég held að ég myndi smellpassa inn í liðið. Ég er maður fyrir FH, sem er með flott lið. Ég ítreka að ég vil halda áfram að spila fótbolta og FH-ingar halda boltanum vel og spila honum á milli sín,“ sagði Kekic við Fréttablaðið í gær en hann hafði áður gagnrýnt spílameann Grindavíkurliðsins í sumar. „Ég hef annars ekki leitt

hugann mikið að því hvert ég á að fara. Ég hef verið að æfa sjálfur og margir hafa komið að máli við mig og reynt að snúa hug mínum, bæði leikmenn og stuðningsmenn Grindavíkur. Við verðum að sjá til hvað Grindavík gerir og segir, en vonandi leysist þetta farsælega. Það verður ekki auðvelt að fara frá Grindavík en ég vil gera það núna,“ sagði Kekic, sem hefur ekki verið sáttur með eigin spílameannsku í sumar, en hann segir að Sigurður hafi truflað hann of mikið. Íslandsmeistararnir gætu verið að fá mjög feitan bita á leikmannamarkaðnum til sín en Kekic er fjölhæfur og getur spilað hvar sem er á vellinum. Auk þess býr hann yfir mikilli reynslu sem gæti komið liðinu vel í Evrópukeppinni sem liðið tekur þátt í í sumar.

> Birgir Leifur áfram

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson komst í gær í gegnum niðurskurðinn á áskorendamótinu í golfi sem fram fer í Larvík í Nor-egi. Birgir Leifur er tveimur höggum undir pari að loknum tveimur hringjum en hann er í 42.-50. sæti. Ekki gekk eins vel hjá Heiðari Davíð Bragasyni úr Kili en hann féll naumlega úr keppni, var í 68.-77. sæti á sléttu pari og var aðeins einu höggi frá því að komast áfram. Raimo Sjöberg frá Svíþjóð hefur eins hoggs forystu á mótinu en hann er níu höggum undir pari.



Ísland-Svíþjóð í dag:
Hvernig fer leikurinn?



HELENA OG LAUFÉY Ísland tekur þennan leik 30-28.



STEFÁN Ísland verður með 40 stig en Svíþjóð svona 30.



VIKTOR Ísland rústar þessu 30-25.



TEITUR Ég vona allavega að Ísland sigri.



GUÐLAUGUR: Ég held að Ísland komist á HM með tveggja marka sigri.

Við ætlum að spila betur en við gerðum í Svíþjóð

Strákarnir okkar í íslenska handboltalandslíðinu leika seinni leikinn gegn Svíum í Laugardalshöllinni í dag. Uppselt er á leikinn og mikil spenna ríkir.

HANDBOLTI „Stemningin í hópnum er fín og allir eru ákveðnir í að ná að spila enn betur en í Svíþjóð. Ég geri ráð fyrir að Svíarnir mæti sterkari til leiks en í fyrri leiknum og þá ætlum við bara að gera það líka. Stefnan er ekkert að halda neinu forskoti heldur bara vinna þennan leik,“ sagði Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari Íslands, þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

Ísland vann glæstan sigur í fyrri viðureigninni sem fram fór í Svíþjóð um síðustu helgi, 32-28, og er því í mjög góðri stöðu fyrir leikinn. Ef allt fer á réttan veg í dag hafa strákarnir tryggt sæti sitt á heimsmeistaramótinu sem fram fer í Þýskalandi á næsta ári. Mikil stemning er fyrir leiknum og varð uppselt fyrir nokkru síðan enda er þetta einn mikilvægasti leikur sem íslenska landsliðið hefur leikið síðustu ár.

„Ég er mjög ánægður með þann áhuga sem þessi leikur hefur fengið og vona bara að það fólk sem mæti á leikinn verði duglegt við að láta í sér heyra og styðja okkur svo allt gangi upp,“ sagði Alfreð en leikurinn mun hefjast klukkan 17:15 í Laugardalshöllinni. Þrátt fyrir glæstan sigur í Svíþjóð segir Alfreð að enn sé margt í leik íslenska liðsins sem betur megi fara.

„Það er fullt sem við þurfum að laga í okkar leik og við stefnum á að ná að gera það. Við höfum verið að byrja leikina of rólega, það var líka þannig gegn Dönum og við megum ekki leyfa okkur að taka alltaf stundarfjórðung í að hitna. Við verðum að mæta af fullum krafti alveg frá byrjun. Þá er fullt af atriðum í sóknarleiknum sem



GLEÐI Alexander Petersson, Sigfús Sigurðsson og Alfreð Gíslason fagna eftir sigurinn ytra.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

við þurfum að bæta og þar á meðal hraðauppþaupin,“ sagði Alfreð, sem reiknar með meiri mótspyrnu en í fyrri leiknum.

„Ég reikna með því að þeir reyni ýmsa nýja hluti á móti vörninni okkar og við verðum að geta brugðist við því,“ sagði Alfreð. Hann segir góða stemningu vera innan hópsins en þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær var hann á leið á æfingu með liðið.

elvar@frettabladid.is

Ingemar Linnell, landsliðsþjálfari Svía, er ekki búinn ða gefast upp:

Erum með hnífinn við hálsinn

HANDBOLTI Sænskir fjölmiðlar sýna landsleik Íslands og Svíþjóðar sem fram fer í dag ekki mikinn áhuga. Það er aðeins Dagens Nyheter sem fjallaði um leikinn í gær en blaðið spjallaði við landsliðsþjálfarann Ingemar Linnell.

„Hnífurinn liggur að hálsinum og kannski þéttar nú en oft áður,“ sagði Linnell en þessi orð hans þurfa ekki að koma á óvart í ljósi þess að Ísland vann fyrri leikinn með fjórum mörkum og því þurfa Svíar að sigra með fimm mörkum í Höllinni til að komast á HM.

„Þeir náðu þessu forskoti á skömmum tíma og við nýttum heimavöllinn ekki nógu vel. Línu- og hornaspil var ekki til staðar og við eigum það meðal annars inni. Svo vorum við kannski svolítið



ÓLAFUR STEFÁNSSON Var í strangri gæslu hjá sænsku vörninni í Globen og hann þarf að leika vel í dag ef Ísland á að komast á HM.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

stressaðir þar sem við vorum á heimavelli og það er alltaf pressa að ná hagstæðum úrslitum í fyrri leik á heimavelli. Við höfum engu

að tapa í seinni leiknum á Íslandi og það gæti hjálpað okkur,“ sagði Linnell en sænska liðið kom til landsins á fimmtudag.

- hbg

Ísland-Svíþjóð í dag:
Hvernig fer leikurinn?

HANDBOLTI Það verður sannkölluð þjóðhátíðarstemning í Laugardalshöllinni þegar Ísland tekur á móti Svíum í seinni leik liðanna í umspili fyrir HM.

Fréttablaðið skellti sér í Kringluna í gær og spurði landann að því hvernig leikurinn færi.



HARPA Við vinnum aftur með fjögurra marka mun.



GUÐNAR INGI Hef ekki hugmynd, fylgist ekkert með handbolta og vissi ekki af þessum leik.



ÓSKAR ÖRN Við tókum þetta öruggt 28-25.



PIRÝ Ég held að við tókum þennan leik með tveimur mörkum.



HLYNUR Ísland tapar þessum leik 24-28.



ADAM REEVE Ég veit allavega að Ísland vinur.

Margar gerðir af
Ijósum!



RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is



GLEÐI Keflvíkingar stóðu sig vel í Evrópukeppninni í fyrria en hér fagna þeir í Lúxemborg.

Keflavík í Evrópukeppninni: Newcastle er í sjónmáli

FÓTBOLTI Keflavík mun mæta liði Dungannon Swifts frá Norður-Írlandi í Evrópukeppninni í dag klukkan fimm en þetta er fyrri leikur liðanna. „Það er alltaf gaman að að spila í Evrópukeppninni. Þetta fer inn í reynslubankann og gott tækifæri fyrir leikmenn að sýna sig og sanna enda verða örugglega einhverjir njósnarar sem munu fylgjast grannt með,“ sagði Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur.

„Guðmundur Mete tilkynnti það að leikurinn yrði líklegast hans síðasti fyrir Keflavík því hann væri pottþétt að fara að skrifa undir hjá Newcastle eftir helgi,“ sagði Guðmundur og hló en njósnari frá Newcastle mun mæta á leikinn. Ef Keflavík kemst í næstu umferð mætir liðið Lillestrøm frá Noregi í næstu umferð og ef sigur næst þar verður úrvalsdeildarlið Newcastle næsti mótherji.

„Mér skilst það að einhverjir meðlimir Hafnarfjarðarmafíunnar ætli að leggja trommusveitinni okkar lið. Það er bara gott mál og vonandi verður hörkustemming á leiknum. Það verða bara 1.100 miðar í boði þar sem það má bara selja í sæti í Evrópukeppninni,“ sagði Guðmundur, sem var sáttur við að liðið gæti spilað á Keflavíkurvelli eftir að hafa þurft að spila á Laugardalsvelli í fyrria. - egm

Spennan magnast enn í úrslitum NBA-körfuboltans eftir fjóra leiki:

Miami Heat jafnaði metin gegn slöku liði Dallas Mavericks

KÖRFUBOLTI „Nú er þetta orðið að alvöru einvígi,“ sagði tröllíð Shaquille O'Neal eftir að Miami Heat gerði úrslit NBA-körfuboltans spennandi á nýjan leik. Dallas vann fyrstu tvo leikina mjög sannfærandi á heimavelli sínum, en nú hefur Miami komið til baka og jafnað metin eftir 98-74 sigur á heimavelli sínum í fyrri-nótt.

Miami stefnir á að verða þriðja liðið í sögu lokaúrslita NBA-deildarinnar til að vinna meistaratitilinn eftir að lenda undir 2-0 en einvígið, sem flestir héldu að væri búið, er nú orðið æsispennandi og ljóst er að allt getur gerst.

Ófugt við þriðja leikinn, þar sem gestirnir misstu niður forystu sína í lokin og töpuðu, var Miami með tögl og haldir allan leikinn í fyrri-nótt en það var Dwyane Wade sem fór enn og aftur fremstur í flokki hjá Miami og skoraði 36 stig. Shaq skoraði sautján stig en Jason Terry var eini leikmaðurinn sem spilaði á pari í liði Dallas og skoraði sautján stig, líkt og Shaq.

Dallas setti vafasamt NBA-met í leiknum með því að skora aðeins sjö stig í fjórða leikhlutunum, en það er það lægsta sem nokkurt lið hefur skorað í einum leikfjórðungi í lokaúrslitum.

„Þeir voru betri á öllum sviðum körfuboltans í leiknum og ávallt skrefinu á undan. Við erum ekki að taka nándar nærri nógu mörg fráköst og við þurfum greinilega að laga okkar leik fyrir þriðja leikinn hér í Flórída,“ sagði Avery Johnson, þjálfari Dallas, eftir leikinn.

Næsti leikur fer fram í Miami á sunnudagskvöld, en svo fara þeir



PUNGBÚINN Dirk Nowitzki var ekkert sérstaklega ferskur undir lok leiksins í Flórída í gær. NORDICPHOTOS/AFP

leikir sem eftir verða fram í Dallas. Sjónvarpsstöðin Sýn verður með alla leiki í úrslitaeinvíginu í beinni útsendingu og nú stýttist í

að krýndir verði nýir NBA-meistarar, því hvorugt þessara liða hefur komist svo mikið sem í úrslit áður. - hph



SIGRINUM FAGNAÐ Leikmenn Hollands gátu leyft sér að fagna með stuðningsmönnum sínum eftir leikinn.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistaramótið í gær:

Hollendingar komnir áfram

FÓTBOLTI Hollendingar unnu Fílabæisströndina 2-1 á Heimsmeistaramótinu í Þýskalandi í gær og eru þar með öruggir áfram úr riðli sínum ásamt Argentínu. Dauðariðillinn reyndist ekki vera jafn spennandi og margir bjuggust við en það mátti ekki tæpara standa fyrir Hollendinga.

Robin van Persie kom þeim yfir með þrumuskoti beint úr aukaspyrnu sem markmaður andstæðinganna átti klárlega að verja. Ruud van Nistelrooy kom Hollandi í 2-0 áður en Bakari Kone minnkaði muninn með glæsilegu marki rétt fyrir hálfleikinn.

Didier Zokora skaut í þverslána fyrir Fílabæisströndina en bæði lið fengu tækifæri til að bæta við mörkum. Það tókst ekki og 2-1 sigur Hollendinga staðreynd.

- hph



GÓÐ INNKOMA Lionel Messi kom inn sem varamaður í gær og náði að skora auk þess sem hann lék vel og lagði upp mark. Allir þrír varamennirnir sem komu inn á fyrir Argentínu í gær skoruðu, en það er í fyrsta skipti í sögu HM sem það gerist. NORDICPHOTOS/AFP

Stórsigur hjá Argentínunönnum í C-riðlinum í gær:

Argentína fór á kostum gegn Serbíu

FÓTBOLTI Það er óhætt að segja að Argentína sé lið heimsmeistarakeppninnar til þessa en í gær vannst ótrúlegur sigur á Serbíu/Svartfjallalandi 6-0 í C-riðli keppninnar. Argentínunum léku á als oddi og sýndu það og sönnuðu að þeir geta vel farið alla leið í keppninni. Þá var þessi leikur sögulegur fyrir þær sakir að þetta var í fyrsta sinn í sögu heimsmeistarakeppninnar sem allir þrír varamennirnir sem koma inn á ná að skora.

Maxi Rodriguez, leikmaður Atletico Madrid á Spáni, skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik og Esteban Cambiasso, sem spilar með Inter á Ítalíu, skoraði eitt. Argentína byrjaði seinni hálfleikinn rólega en setti aftur í fluggirinn á seinasta stundarfjórðungnum og skoraði þrjú mörk til viðbótar. Þar voru að verki þeir Hernan Crespo, Carlos Tevez og Lionel Messi.

Óhætt er að segja að Argent-

ínunum byrji mótið á sannfærandi hátt en í fyrsta leik sínum unnu þeir Fílabæisströndina í hörkuleik. Það er ótrúlegt að hugsa til þess að Serbía/Svartfjallaland fékk aðeins eitt mark á sig alla undankeppnina en ekki stóð steinn yfir steini í varnarleik liðsins í gær. Spurning er hvort fjarvera Nemanja Vidic hafi svona mikið að segja en hann meiddist á æfingu og spilar ekkert með í keppninni.

„Þetta var frábær frammistaða hjá mínum mönnum og ég er í skýjunum. Það skyggir þó aðeins á gleðina að Lucho Gonzalez þurfti að yfirgefa völlinn vegna meiðsla. Allir stóðu sig frábærlega og ég á erfitt verkefni fyrir höndum þegar ég þarf að velja byrjunarliðið fyrir leikinn gegn Hollandi. Ég ætla þó ekki að fara að huga að því strax, ég vil fá smá tíma til að fagna þessum sigri,“ sagði Jose Pekerman, þjálfari argentínska landsliðsins. - egm



Taktu þátt í skemmtilegum leik

Þú gætir auðveldlega **unnið ferð til Evrópu** og fullt af öðrum **frábærum vinningum** ef þú tekur þátt í **Allt leiknum**. **Skelltu þér inn á www.allt.is og svaraðu fimm laufléttum spurningum sem þú finnur á síðu 351 í bókinni.**

Svörin eru öll í **Allt bókinni**. Meðal vinninga eru: Ferð út í heim með **Iceland Express**, Vodafone Live! **Nokia 6101** símar, Frikort á **Grensásvídeo** og **Pizzur frá Villson's Pizza**.

ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á netinu á **www.allt.is**, í **síma 1850** og núna í handhægri bók sem dreift hefur verið á **öll heimili**. Bókin er sneisafull af **upplýsingum** og **skemmtilegu efni**, allt frá **húsráðum** og handhægum **mælieiningum** til næringarupplýsinga og **götukorta**. Þú finnur allt sem þig vantar í **ALLT bókinni**.



VÍSIR

ALLT VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁIN ER KOMIN Í ÖLL HÚS Á LANDINU



HRESS Þessi geðþekka kona frá Mexíkó skemmti sér konunglega á leik Mexíkó og Angóla á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í gær. Leikurinn var þó lítið fyrir augað og lauk með markalausum jafntefli.

NORDICPHOTOS/AFP



C-riðill:

ARGENTÍNA-SERBÍA/SVARTFJLLAND 6-0
1-0 Maxi Rodríguez (6.), 2-0 Esteban Cambiasso (31.), 3-0 Maxi Rodríguez (41.), 4-0 Hernan Crespo (78.), 5-0 Carlos Tevez (84.), 6-0 Lionel Messi (88.).

HOLLAND-FÍLABEINSSTRÖNDIN 2-1
1-0 Robin van Persie (23.), 2-0 Ruud van Nistelrooy (26.), 2-1 Bakari Kone (38.).

D-riðill:

MEXÍKÓ-ANGÓLA 0-0

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

14 15 16 17 18 19 20

Laugardagur

■ ■ SJÓNVARP

- 12.30 **HM stúdíó** á Sýn.
- 12.50 **HM** á Sýn. Bein útsending frá leik **Portúgal** og **Íran** í D-riðli.
- 15.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 15.50 **HM** á Sýn. Bein útsending frá leik **Tékklands** og **Gana** í E-riðli.
- 15.50 **Handbolti** á RÚV. Bein útsending frá leik **Íslands** og **Svíþjóðar** í undankeppni HM.
- 18.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- 18.50 **HM** á Sýn. Bein útsending frá leik **Ítala** og **Bandaríkjamanna** í E-riðli.
- 21.00 **4-4-2** á Sýn.
- 22.00 **PGA meistaramótið** á Sýn. Bein útsending frá mótinu.
- 01.30 **Box** á Sýn. Bein útsending frá bardaga Jermain Taylor og Winky Wright.

FH harmar kynþáttahatrið

Knattspyrnudeild FH harmar mjög hegðun stuðningsmanna liðsins sem voru með kynþáttahatur í garð Andrew Mwesigwa, leikmanns ÍBV, í leik liðanna á fimmtudaginn. FH gæti átt yfir höfði sér refsingu frá KSÍ vegna málsins.

FÓTBOLTI Lítil hópur stuðningsmanna FH var með kynþáttahatursdóm í garð Andrew Mwesigwa, leikmanns ÍBV, í leiknum á fimmtudaginn en hann er frá Úganda og dökkur á hörund. Mwesigwa sjálfur varð sjálfur ekki var við athæfið, að því er Fréttablaðið kemst næst, en ljót orð voru hrópuð inn á völinn oft á tíðum þegar Mwesigwa snerti eða var nálægt boltanum.

„Við urðum mjög mikið varir við þetta, sérstaklega aðstoðardómari tvö sem var á línunni fyrir framan stúkuna, við heyrðum þetta allir ítrekað,“ sagði Magnús Þórisson, sem dæmdi leikinn, við Fréttablaðið í gær.

„Það sem hefur ekki komið fram er ótrúlegur dónakjafur á FH-ingum í garð okkar dómara. Í þau ár sem ég hef verið dómari hef ég aldrei nokkurn tímann heyrt annað eins orðbragð. Þetta var alveg skelfilegt. Ég hef skráp fyrir þessu og kippi mér ekki mikið upp við þetta, enda ýmsu vanur, en það versta við þetta var þegar maður leit upp í stúku og sá krakkana þarna inni á milli með öll þessu orð fljúgandi fram og aftur. Þetta var svakalegur sóðakjafur,“ sagði Magnús og tók nokkur dæmi sem ekki eru birtingarhæf.

Leikir í deildum Evrópu hafa nokkrum sinnum verið flautaðir af vegna kynþáttahatursdóma en Magnús segir að það hafi ekki hvarflað að honum. Hann tilkynnti að sjálfsögðu um atvikið til KSÍ. „Við settumst niður með eftirlitsmanni leiksins. Hann skrifaði skýrslu og ég skrifaði svo aukaskýrslu um kynþáttahatursdómara. Því fara tvær skýrslur til KSÍ frá okkur enda á þetta alls ekki að líðast,“ sagði Magnús Þórisson.

Knattspyrnudeild FH hefur þegar tekið hart á málinu, en hún sendi frá sér yfirlýsingu í gær sem lesa má hér til hliðar. „Við teljum okkur vita hverjir þetta eru, þessir örfáu menn. Ég hef ekki fengið þetta tæmandi en þetta eru þrír eða fjórir menn. Þetta eru örfáir svartir sauðir inni á milli. Ég skal ekki segja hvort þeir verði bannaðir frá völinum okkar í sumar en



FÖRNARLAMB KYNÞÁTTAHATURS Úgandamaðurinn Andrew Mwesigwa, leikmaður ÍBV, fékk að heyrja ýmislegt miður gott úr stúkunni í Krikanum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

við munum taka hart á þessu máli,“ sagði Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, við Fréttablaðið í gær.

Stuðningsmenn FH hafa tekið málinu mjög illa en mikið er rætt um málið á spjallsíðum á netinu. Sumir yfirlýsingu stúkuna í leiknum þar sem þeim var svo misboðið og aðrir segjast skammast sín fyrir að vera stuðningsmenn FH, eftir atburðina. Stuðningsmannafélag FH sendi einnig frá sér yfirlýsingu sem sjá má hér til hliðar.

„Þetta hlýtur bara að fara í ákveðinn farveg. FH-ingar hafa haft samband við okkur og bedist afsökunar. Þeir reyna eflaust að koma vitinu fyrir sitt fólk. Þeir

eru eflaust verstir út í sitt fólk en við köllum ekki eftir neinni sérstakri refsingu. Ég reikna með því að KSÍ blandi sér í málið á eðlilegan hátt og hvað kemur út úr þessu verður að koma í ljós,“ sagði Viðar Elíasson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV í gær.

Hver refsing FH verður á eftir að koma í ljós. „Við hörmum að þetta skuli hafa gerst en við biðum eftir skýrslunni frá dómaranum og eftirlitsmanni KSÍ. Fyrir getum við ekkert aðhafst í málinu en það verður aganefndin sem mun ákvarða refsinguna, ef svo fer,“ sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, í gær en ekki eru fordæmi fyrir slíku máli á Íslandi. hjalti@frettabladid.is

Knattspyrnudeild FH: Biður Andrew afsökunar

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild FH sendi frá sér yfirlýsingu vegna kynþáttahaturs í garð Andrew Mwesigwa, leikmanns ÍBV, í gær. Yfirlýsinguna má lesa í heild inni hér fyrir neðan.

„Í leik FH og ÍBV í Landsbankadeildinni í knattspyrnu, sem fram fór í Kaplakrika þann 15. júní, höguðu nokkrir stuðningsmenn FH sér með þeim hætti að ekki verður við unað. Skiptir þá engu máli hversu margir þeir voru. Stjórn Knattspyrnudeildar FH fordæmir orðbragð sem lýsir kynþáttahatursdómum. Stjórnin vill minna á að FH mun hvorki líða slíkt orðbragð eða önnur ókvæðis- orð sem kunna að falla um mót- herja FH. Stjórnin mun funda með því fólki sem hagaði sér með þessum hætti og taka á málinu affestu. Það verður ekki liðið að nafn FH eða einstakir mótherjar félagsins verði ataðir auri með þessum hætti. Stjórn Knattspyrnudeildar FH biður Andrew Mwesigwa afsökunar og óskar honum alls hins besta. Virðingarfyllst, Jón Rúnar Halldórsson formaður Kd. FH“

Stuðningsmenn FH:

Fordæmum þessa hegðun

FÓTBOLTI Stuðningsmenn FH sendu einnig frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær, og lesa má hana í heild sinni hér fyrir neðan.

„Við sem stöndum að stuðningsmannaklúbb FH viljum koma eftirfarandi á framfæri vegna framkomu ákveðinna stuðningsmanna á leik FH og ÍBV í Landsbankadeild karla í gærkvöldi. Við sem stöndum að stuðningsmannaklúbbnum fordæmum þessa hegðun á leiknum við Eyjamenn þar sem ákveðnir aðilar kölluðu ókvæðisorðum að Andrew Mwesigwa leikmanni ÍBV. Boðað verður til aðalfundar stuðningsmannaklúbbsins þar sem þetta verður tekið fyrir í næstu viku og slík framkoma mun vonandi ekki sjást né heyraast aftur á leikjum FH. Við biðjum ÍBV og Andrew Mwesigwa innilegrar afsökunnar á þessu. f.h. Stuðningsmannaklúbbsins Árni Rúnar Karlsson“

Verslunarhúsnæði til leigu



Til leigu verslunarhúsnæði við hlið nýrrar Bónusverslunar að Ögurharvi 3 í Kópavogi, um 425 m².

FASTEIGNAFÉLAGIÐ



STOÐIR HF.

Kringlunni 4 - 12 103 Reykjavík Sími 575-9000

Fasteignafélagið Stodir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með um 310.000 fermetra í sinni eigu og sérhæfir sig í útleigu fasteigna til trausta leigutaka til langs tíma.



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE


* 38,7% KARLA
HORFA Á HM

* 21,6% KVENNA
HORFA Á HM



FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006

ÞJÓÐIN HORFIR Á HM 2006



VIÐ ÞÖKKUM
FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

SYN
besta sætið

* Samkvæmt mælingu Gallup á áhorfi
16 - 75 ára á opnunarleik HM 2006

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I'd rather have an intelligent enemy than a stupid friend.“

Svar: David Siqueiros úr kvikmyndinni Frida árið 2002.

dagskrá



Í TÆKINU: **RON ELDARD** LEIKUR Í JUST A KISS Í SJÓNVARPINU KL. 22.30.

Úr hnefaleikum í leiklistina

Ron Eldard hefur náð langt á sviði, í sjónvarpi og bíómyndum. Aðdáendur Bráðavaktarinnar ættu til að mynda að muna eftir honum úr annarri þáttaröð í hlutverki bráðaliða sem varð ástfanginn af hjúkkunni Juliönnu Margulies.

Ron fæddist í New York árið 1965. Hann er eitt sex systkina en móðir þeirra dó ung svo að sundra þurfti systkinahópnum og koma þeim fyrir hjá ýmsum ættingjum.

Snemma uppgötvaðust hæfileikar Rons í hnefaleikum og æfði hann þá íprótt þar til leiklistin náði yfirhöndinni.

Ron útskrifaðist úr þekktum leiklistarskóla í New York og lék fjótlega eftir það í sinni fyrstu

mynd, True Love. Í framhaldinu lék hann stór hlutverk í ýmsum myndum og má þar meðal annars nefna Sleepers. Í myndinni leikur hann ungan strák sem þarf að takast á við afleiðingar þess að saklaust grín fer úr böndunum. Í sjónvarpi hefur Ron meðal annars leikið í ýmsum grínþáttum og sjónvarpsmyndum. Á sviði varð hann þekktur fyrir leik sinn í leikritunum AveNu Boys og Servy 'n' Bernice 4Ever og í einleikum Standing Eight Count. Hann hefur einnig hrifið áhorfendur á Broadway í uppfærslum á Biloxi Blues, On the Waterfront og Death of a Salesman.



Þrjár bestu myndir Rons:

Scent of a Woman - 1992 Sleepers - 1996 Black Hawk Down - 2001



▶ 20.05

Heimild

VÍKINGUR



▶ 23.05

Spenna

TAKING LIVES



▶ 00.25

Kvikmynd

ANNA & THE KING



▶ 21.00

Gaman

RUN OF THE HOUSE



▶ 10.10

Umræða

ÓÞEKKT

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára (6:26) 8.06 Búi (19:26) 8.17 Lubbi læknir (16:52) 8.30 Arthúr 8.55 Sigga ligga lá (16:52) 9.08 Skoppa og Skríttla (7:10) 9.20 Ástfangnar stelpur (12:13) 9.45 Gló magnaða (55:65) 10.10 Latibær 10.40 Hátiðarstund á Austurvelli 11.20 Kastljós 11.50 Hlé

15.45 Fótballaæði (3:6) 16.15 Mótorsport (3:10) 16.45 Íþróttakvöld 17.00 Landsleikur í handbolta 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Landsleikur í handbolta

18.54 Lottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Ávarp forsætisráðherra

19.50 Móðan Leikin stuttmynd eftir Jón Karl Helgason. Sagan gerist á þvottaplani bensinstöðvar klukkan 6 að morgni.

▶ 20.05 Víkingur Víkingur Heiðar Ólafsson er vafalaust einn efnilegasti pianóleikari Íslands. Í síðasta mánuði brautskráðist hann frá einum virtasta tónlistarskóla heims, Juilliard í New York, aðeins 21 árs. Textað á síðu 888 í Textavarp.

20.35 Thomas Crown málið (The Thomas Crown Affair) Bandarísk spennumynd frá 1999 um ríkan glaumgosa.

22.30 Bara koss (Just a Kiss) Rómantísk gamanmynd frá 2002

0.00 Stella í framboði 1.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

7.00 Engie Benjy 7.10 William's Wish Wellingtons 7.15 Kærleiksbirnir (24:60) (e) 7.25 Barney 7.55 Animaniacs 8.40 Leðurblökumaðurinn 9.00 Kalli kanína og félagar 9.10 Kalli kanína og félagar 9.15 Kalli kanína og félagar 9.25 Harry Potter and the Philosopher's Stone

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 13.40 Bold and the Beautiful 14.05 Idol – Stjörnuleit 14.55 Idol – Stjörnuleit 15.20 Life Begins (8:8) 16.10 William and Mary (3:6) 16.55 Órlagadagurinn 17.25 Martha 18.12 Íþróttfréttir

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Íþróttir og veður

19.05 Lottó

19.10 George Lopez (23:24)

19.35 Oliver Beene (8:14) Bernskubrek Oliver Beene koma öllum í gott skap.

20.00 Bestu Strákarnir

20.25 Það var lagið

21.35 Fierce Creatures (Kostuleg kvikindi) Gamanmynd frá þeim sömu og gerðu myndina A Fish Called Wanda. Myndin gerist í Marwood-dýragarðinum á Englandi. Auðkyfingur hefur keypt garðinn og krefst þess að fjárfestingin skili góðum arði ella muni hann leggja niður alla starfsemi þar. Aðalhlutverk: John Cleese, Jamie Lee Curtis, Kevin Kline. Leikstjóri: Robert Young, Fred Schepisi. 1997.

▶ 23.05 Taking Lives (Stranglega bönnuð börnum) 0.50 Catch Me If You Can 3.05 The Burbs 4.45 Mimic 2 (Stranglega bönnuð börnum) 6.05 Fréttir Stöðvar 2 6.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS

19.00 Friends (19:23) (e)

19.30 Friends (20:23) (e)

20.00 Þrándur blóggar (1:5) (e)

20.30 Sirkus RVK (e)

21.00 Sailesh á Íslandi (e) Dávaldurinn Sailesh hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi. Hefur hann fyllt hverja sýninguna á eftir annari hér á landi. Í þessum þáttum er sýnt það besta frá heimsóknnum hans til Íslands. Bönnuð börnum.

22.20 Killer Instinct (3:13) (e) (13 Going On 30) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Lögreglumaðurinn Jake Hale er ávittur af deild sinni eftir að félagi hans var drepinn við skyldustörf. Bönnuð börnum.

23.10 Jake in Progress (4:13) 23.35 Sushi TV (1:10) (e) 0.00 Stacked (1:13) (e) ▶ 0.25 Anna & the King (e) 2.50 Fashion Television (e)

SKJÁREINN

12.45 Dr. Phil (e) 15.00 Point Pleasant (e) 15.45 One Tree Hill (e) 16.45 Courting Alex (e) 17.15 Everybody Hates Chris (e) 17.45 Everybody loves Raymond (e) 18.15 South Beach (e)

19.00 Beverly Tíburarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjöruborgarinnar og kynast krökkum fina og fræga fólksins í Beverly Hills.

19.45 Melrose Place Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.

20.30 Kelsey Grammer Sketch Show Bráðfyrindin sketsaþáttur þar sem Kelsey Grammer fer á kostum.

▶ 21.00 Run of the House Þegar mamma og pabbi flytja um stundarsakir til Arizona af heilsufarsástæðum er Brooke Franklin skilin eftir hjá systkinum sínum. Það mætti halda að þetta væri draumastaða fimmtán ára unglingsstelpu, en svo er þó ekki.

21.30 The Way She Moves Ung kona, Amie fer á dansnámskeið til þess að heilla tilvonandi eiginmann sinn á brúðkaupinu.

23.00 The Bachelorette III (e) 23.50 Law & Order: Criminal Intent (e) 0.40 Wanted (e) 1.30 Beverly Hills (e) 2.15 Melrose Place (e) 3.00 Tvíaldur Jay Leno (e) 4.30 Óstöðvandi tónlist

NFS

10.00 Fréttir ▶ 10.10 Óþekkt 11.00 Fréttaljós – hátíðarþáttur

12.00 Hádegisfréttir 12.10 Íþróttfréttir. 12.15 Veðurfréttir 12.18 Leiðarar blaðanna. 12.25 Skaftahlíð 13.00 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes 13.10 Bein útsending úr Reykjavík 14.00 Fréttir 16.00 Fréttir 16.10 Óþekkt 17.00 Fréttaljós – hátíðarþáttur

18.00 Kvöldfréttir / íþróttir / veður

19.10 Skaftahlíð Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.

19.40 Fréttaljós – hátíðarþáttur

22.30 Kvöldfréttir

23.10 Síðdegisdagskrá endurtekin

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Just For Kicks 8.00 My Boss's Daughter 10.00 Með allt á hreinu 12.00 Í takt við tím-ann 14.00 Just For Kicks 16.00 My Boss's Daughter 18.00 Með allt á hreinu 20.00 Í takt við tím-ann Langþráð framhald vinsælustu íslenski kvikmyndar allra tíma, söng- og gleðimyndarinnar Með allt á hreinu. Aðalhlutverk: Helga Braga Jónsdóttir, Egill Ólafsson, Andrea Gylfadóttir, Ragnhildur Gísladóttir, Jakob F. Magnússon, Þórður Arnason. Leikstjóri: Ágúst Guðmundsson. 2004. 22.00 Something's

Gotta Give Rómantísk gamanmynd. Harry er stórbokki í tónlistarbransanum og með auga fyrir fallegum, ungum konum. Hann er kominn af léttasta skeiði en lætur það ekki stoppa sig. Aðalhlutverk: Jack Nicholson, Diane Keaton, Keanu Reeves, Frances McDormand, Amanda Peet. Leikstjóri: Nancy Meyers. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. 0.05 Once Upon a Time in Mexico (e) (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Control (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Something's Gotta Give

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS Elizabeth Hurley 15.00 THS Angelina Jolie 16.00 E! Entertainment Specials 17.00 Child Star Confidential 17.30 10 Ways 18.00 E! News Weekend 19.00 THS American Idol: Girls Rule 20.00 Uncut 21.00 Sexiest 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 THS American Idol: Girls Rule 1.00 Uncut

AKSJÓN

Fréttarþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

MasterCard Landsbankinn olis Iceland Express

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



ALLA LEIKDAGA
KL. 21:00

4-4-2

FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006

SYN
besta sætið

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Fierce Creatures

Stöð 2 kl. 21.35

Aðeins óargadýrin sýnd

Þessi gamanmynd, sem er frá sömu aðilum og gerðu myndina A Fish Called Wanda, gerist í Marwood-dýragarðinum á Englandi. Auðkýfingur hefur keypt garðinn og krefst þess að fjárfestingin skili góðum arði ellegar verði starfsemin lögð niður. Umsjónarmaður garðsins ákveður að sýna aðeins hættuleg óargadýr því hann veit að almenningur hefur gaman af spennu og ofbeldi. En þá er spurning hvað gera skuli við öll sætu og saklausu dýrin. Aðalhlutverk leika John Cleese, Jamie Lee Curtis og Kevin Kline.



HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN



Þorsteinn J. Vilhjálmsson

■ **D-riðill**
Portúgal - Íran kl. 13

3-1
Þetta er augljóst 3-1 fyrir Portúgal. Figo leggur upp fleiri mörk, skorar jafnvel tvö sjálfur.

■ **E-riðill**
Ítalía - Bandaríkin kl. 16

2-0
Þeir bláu byrjuðu vel, velgengnin heldur áfram, 2-0, staðfestar tölur.

■ **E-riðill**
Tékkland - Gana kl. 19

1-1
Ganabúar geta meira en þeir sýndu á móti ítölum, Kollerlausir Tékkar í vandræðum, augljóst 1-1.



▶ 01.30
Box

JERMAIN TAYLOR VS. WINKY WRIGHT



6.15 HM 2006 8.00 HM 2006 9.45 HM 2006 11.30 4 4 2

12.30 HM stúdíó 12.50 HM 2006 15.00 HM stúdíó 15.50 HM 2006 18.00 HM stúdíó

18.50 HM 2006 (Ítalía – Bandaríkin) Bein útsending frá leik Ítalíu og Bandaríkjanna í E-riðli á HM í Þýskalandi.

21.00 4 4 2 (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimsis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulífinni.

22.00 US Open golfmótið 2006 (US Open 2006) Útsending frá þriðja degi opna bandaríska mótsins í golfi sem fram fer á Winged Foot vellinum í útjaðri New York. Keppendafjöldi hefur nú verið skorinn niður um tæpan helming eins og lög gera ráð fyrir. Nú þurfa þeir kylfingar sem ætla sér í toppbaráttuna að láta sverfa til stáls.

▶ 1.30 Box – Jermain Taylor vs. Winky Wright

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæen 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Bí bí segir Stína 10.05 Veðurfregnir 10.15 Lúðrabýtur 10.25 Frá þjóðhátíð í Reykjavík 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir

13.00 Háskólaáhrif horfa til framtíðar 14.00 Íslenskir tónar 14.30 Mr. Skallagrímsson 16.08 Veðurfregnir 16.10 Manstu gamla daga 17.35 Þjóðsöngur Íslendinga 18.00 Kvöldfréttir 18.26 Eg elska þig, stormur 19.00 Hraustir menn 20.15 Kormáks augun svörtu 21.05 Bassajöfur Norðursins: Heimsbassaleikarinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Listahátíð í Reykjavík 2006

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Geymt en ekki gleymt 17.08 Handboltarásin 18.30 Tónlist að hætti hússins 19.00

Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næurtónar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

LITUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnr nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



NJÓTTU ATHYGLINNAR!
NÝR SANTA FE




HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ



ÉG ÆTLA AÐ VERÐA HELGARBLAÐ DV

Sum tré hafa engan metnað. Þeim er alveg sama þótt þau endi sem umbúðapappír eða útsöluhúsgögn. Ég er ekki þannig tré. Ég ætla að skemmta fólki og koma því á óvart. Ég ætla að fjalla um það sem fólk hefur raunverulegan áhuga á. Ég ætla að verða fjölbreytt og skemmtilegt helgarblað, því ég hef metnað. Ég ætla að verða DV!

HELGARBLAÐ

DV

LIFANDI PAPPÍR!



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

17. júní

Ég verð að segja, svona í tilefni af 17. júní, að ég er eiginlega bara alls ekkert að springa af þjóðernisást um þessar mundir. Ég á mína staði á þessu landi sem mér þykir vænt um og fólk. Margt horfir svo sem til framtíðar, en samt verð ég að segja að ef ég á verða sérstaklega stoltur af því að vera Íslendingur, að þá verður margt að breytast.

ÉG er ekki sáttur. Mér er verulega í nöp við stóriðjuvæðingu landsins, náttúruspjöllin og ekki síður þessa einhæfu og gamaldags stefnu í efnahagsmálum sem þessi álvæðing hefur í för með sér. Ég er hvumsa yfir því að enginn skuli sýna neina viðleitni til þess að lækka matvöruverð í þágu almennings til dæmis með því að láta af forneskjulegri sérhagsmunastefnu og leyfa alla vega innflutning á kjöti svo ekki sé beinlínis vöruskortur. Ég gafi yfir hugsunarhætti þeirra sem hækka eftirlaun á sjálfa sig en berja svo hnefanum í borðið og setja upp hörkusvip þegar rætt er um að hækka laun þeirra lægstlaunuðu. Ég hristi hausinn yfir því að menn skuli standa með allt niðrum sig, stefnulausir á svip, þegar varnarliðið er loksins að fara. Ég er þreyttur á makki og persónulegum illindum ráðamanna og viðskiptajöfra. Og síðast en ekki síst: Ég er ennþá bandsjóðandi öskuillur út í þá sem settu Ísland á lista yfir þá sem studdu Íraksstríðið.

FARI það kolað. Það er nefnilega ekki sjálfsagt mál að maður sé bara stoltur af því að vera Íslendingur sama hvað tautar og raular. Þjóðernisást er ekki eitthvað sem maður fæðist með eins og móðurást. Þjóðernisást er áunnin. Maður verður, með öðrum orðum, að vera sáttur við þjóð sína og hvert hún stefnir.

ÉG er ekki einn á báti. Stór hluti Vesturlandabúa er ósáttur. Íraksstríðið veldur sívaxandi gremju samkvæmt glænýjum könnunum. Reiði þegnanna nær hvað hæstum hæðum í Bandaríkjunum. Ég segi að ég sé bandsjóðandi illur. Það er ekki neitt. Í Bandaríkjunum missa menn svefn út af bræði. Áður fyrr bjuggu Bandaríkin við það að fólk var stolt af því að tilheyra þeim og hvað sem segja mátti um ýmislegt, þá leit heimsbyggðin til Bandaríkjanna sem fyrirmyndar á mörgum sviðum. Bush óð yfir þetta allt saman á skítugum kúrekastígvélum. Hann beinlínis nýtti sér þjóðernisástina til innrásar í þágu sérhagsmuna. Eftir 11. september voru fjölmörg dæmi um góða og gegna Bandaríkjamenn sem gengu í herinn af fúsum og frjálsum vilja til þess að verja gildi og hugsjónir, en var fórnað í þágu olíu.

PANNIG geta munn splundrað einingu meðal þjóðar sinnar, búið til ósætti og skorið sár í þjóðarvitundina sem seint gróa. Hér verða menn að gæta sín. Aðgát skal höfð í nærveru þjóðarsálar. Ef ekki væri fyrir leikinn gegn árans Svíunum, sem þó nær að blása lífi í þjóðernisglæður, væri illa komið fyrir þessum 17. júní í roki og rigningu. Fjallkonan ein og sér bjargar litlu.



Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum. Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!